# Ársskýrsla Vegagerðarinnar

2024



# Ársskýrsla Vegagerðarinnar
2024

**12. ársskýrsla Vegagerðarinnar,**
**fyrir árið 2024.**

Desember 2025.

Nýja Vegagerðin tók til starfa 1. júlí 2013.

Í lögum nr. 120 frá 2012 um Veggerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála, segir í 2. gr.: „Vegagerðin skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína“.

**Útgefandi**
Vegagerðin
Suðurhrauni 3
210 Garðabær
Kt. 680269-2899

**Ritstjóri**
Sólveig Gísladóttir

**Ábyrgðarmaður**
G. Pétur Matthíasson

**Hönnun**
Kolofon hönnunarstofa

**Uppsetning**
Sæmundur Freyr Árnason

**Ljósmyndir**
Starfsmenn / verktakar Vegagerðarinnar
og ýmsir ljósmyndarar

**Forsíðumynd**
Haukur Sigurðsson
Þorskafjörður í Reykhólahreppi.

# Efnisyfirlit


Formáli forstjóra ... 4
Lykiltölur 2024 ... 6

1. kafli **Fjármál og rekstur** ... 9
1.1 Fjármál ... 10
Skipting fjárveitinga ... 11
1.2 Rekstur Vegagerðarinnar ... 12

2. kafli **Stjórnun og mannauður** ... 15
2.1 Stjórnun ... 16
Skipurit Vegagerðarinnar ... 17
2.2 Mannauður ... 18
Helstu fréttir ársins ... 20

3. kafli **Þjónusta** ... 27
3.1 Þjónusta ... 28
3.2 Siglingar ... 30
3.3 Almenningssamgöngur ... 31

4. kafli **Framkvæmdirog viðhald** ... 35
4.1 Nýframkvæmdir á vegakerfinu ... 36
4.2 Viðhald á vegakerfinu ... 40
4.3 Nýframkvæmdir – vitar og hafnir ... 45
Helstu nýframkvæmdaverkefni ársins 2024 ... 46

5. kafli **Umferð og umferðaröryggi** ... 51
5.1 Umferð ... 52
5.2 Umferðaröryggi ... 54

6. kafli **Rannsóknirog nýsköpun** ... 59
6.1 Rannsóknir ... 60
Rannsóknaverkefni sem fengu úthlutað úr Rannsóknasjóði 2024 ... 61
6.2 Stafræn verkefni og nýsköpun ... 63
6.3 Umhverfismál og sjálfbærni ... 64
6.4 Erlent samstarf ... 68

7. kafli **Framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2024** ... 71
7.1 Suðursvæði ... 72
7.2 Höfuðborgarsvæði ... 82
7.3 Samgöngusáttmálinn ... 85
7.4 Vestursvæði ... 92
7.5 Norðursvæði ... 102
7.6 Austursvæði ... 110
7.7 Sameiginlegt milli svæða ... 115

8. kafli **Framkvæmdir við hafnir, ferjubryggjur og sjóvarnargarða 2024** ... 117
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir ... 119
Sjóvarnargarðar ... 124
Ferjubryggjur ... 125



# Formáli forstjóra

Árið 2024 var að venju viðburðaríkt í starfsemi Vegagerðarinnar. Það einkenndist sér í lagi af jarðhræringum á Reykjanesskaga enda gaus sjö sinnum á Sundhnúkagígaröðinni á þessu eina ári. Verkefni tengd eldgosunum voru æði mörg og sneru meðal annars að viðgerðum á vegum, kortlagningu sprungna á svæðinu og aðkomu að skipulagi við byggingu varnargarða. Vegagerðin varð á stuttum tíma að þróa aðferð við að leggja vegi yfir nýrunnið hraun en alls rann hraun þrisvar sinnum yfir Grindavíkurveg, í febrúar, í júní og í nóvember.

Náttúran minnti á sig á fleiri vegu og tilfinning margra að veðurskilyrði séu að verða mun öfgafyllri en áður. Í lok júlí varð hlaup í ánni Skálm, vatn flæddi yfir brúna og veginn á um kílómetra kafla svo loka þurfi Hringveginum í rúman sólarhring. Í nóvember féll stór aurskriða úr Eyrarhlíð á Hnífsdalsveg eftir mikið vatnsveður. Þá gerði úrhellisrigningu undir Eyjafjöllum í desember svo flæddi yfir Hringveginn.

Vaxandi umferð einkenndi árið 2024 eins og undanfarin ár. Árið varð að metári hvað umferð varðar, en umferðin jókst um tæp 2% frá árinu áður og heildarakstur á þjóðvegum nam 3.236 milljónum kílómetra. Mesta umferðin var sem fyrr á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi en um 67% allrar umferðar er á því svæði.

Vegagerðin annast viðhald á vegum á vegakerfi landsins sem telur um 13 þúsund km. Vaxandi umferðarálag, rysjótt veðurfar, aldur vegakerfisins ásamt ónægu fjármagni til viðhalds hefur orðið til þess að ástand þjóðvegakerfisins fer síversnandi. Viðhald vega verður æ þyngra eftir því sem innviðaskuldin sem safnast hefur upp á undanförnum árum verður viðameiri. Umræða um ástand vegakerfisins og innviðaskuldina var áberandi á árinu. Vegagerðin fagnaði því samtali enda brýnt að vekja ráðamenn til vitundar um ástandið.

Margt annað bar á góma á árinu. Mikilvægar framfarir urðu í umferðaröryggi þegar tekið var í gagnið sjálfvirkt meðalhraðaeftirlit í Hvalfjarðargöngum og til stendur að koma slíku eftirliti fyrir víðar. Öryggi starfsfólks sem vinnur á vegum úti er Vegagerðinni mikið áhyggjuefni. Oft hafa skapast hættulegar aðstæður þegar ökumenn aka óvarlega gegnum framkvæmdasvæði. Vegagerðin stóð árið 2024 fyrir vitundarátaki í samstarfi við fleiri aðila um öryggi á framkvæmdasvæðum undir merkjunum „Aktu varlega, mamma og pabbi vinna hér“.

Sjálfbærni hefur fengið aukinn sess hjá Vegagerðinni. Á árinu var kynntur til leiks LOKI, nýr kolefnisreiknir, sem gerir mögulegt að meta kolefnisspor framkvæmda á einfaldan og samræmdan hátt.

Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar var haldin með metþátttöku og markaði jafnframt 60 ára afmæli rannsóknarstarfs og 30 ára afmæli rannsóknasjóðs stofnunarinnar. Annarra stórra tímamóta var minnst á árinu þegar haldið var upp á 50 ára afmæli Hringvegarins með hátíðahöldum á Skeiðarárbrú og í Öræfum.

Þá var nokkur áfangi þegar ný umferðarmerkjareglugerð tók gildi og leysti af hólmi eldri reglugerð sem var tæplega 30 ára gömul.

Á árinu var opnaður nýr vefur Vegagerðarinnar, vegagerdin.is. Hann er þriðja púslið í þríþættri veflausn Vegagerðarinnar sem samanstendur af sjolag.is, umferdin.is og vegagerdin.is.

Í lok árs fögnuðum við því að undirritaður var verksamningur um byggingu nýrrar brúar yfir Ölfusá, sem verður eitt stærsta verkefni Vegagerðarinnar á næstu árum.

**Fjárveitingar og mannauður**

Fjárveitingar úr ríkissjóði til Vegagerðarinnar námu alls 52.241 m.kr. á árinu 2024. Þessar fjárveitingar skiptust í rekstur og stofnkostnað og endurspegla þá fjölbreyttu ábyrgð sem stofnunin ber, bæði á vegakerfinu og öðrum mikilvægum innviðum.

Fjárveitingar til rekstrar voru 11.797 m.kr. og náðu meðal annars til vetrarþjónustu og almennrar þjónustu við vegakerfið, starfsemi vaktstöðvar siglinga og reksturs vita. Fjárveiting

## Á árinu lagði Vegagerðin áherslu á að vekja ráðafólk til vitundar um uppsafnaða viðhaldsskuld samgöngukerfisins. Í mörg ár hefur viðhald þjóðvega verið vanfjármagnað sem hefur orsakað slæmt ástand á burðarlögum og slitlögum víða um land.

til stuðnings við almenningssamgöngur voru 6.142 mkr. Til stofnkostnaðar voru veittar 34.302 m.kr., þar af 25.640 m.kr. til nýframkvæmda og viðhalds á vegakerfinu, 662 m.kr. til framkvæmda við vita og hafnir og Breiðarfjarðarferju og 8.000 m.kr. til varnargarða á Reykjanesi. Þá voru veittar 1.644 m.kr. til Hafnabótasjóðs á fjárlagalið 10-241 vegna hafnarframkvæmda.

Þrátt fyrir mikilvægi þessara verkefna nam framlag ríkisins til Vegagerðarinnar einungis 0,96% af vergri landsframleiðslu ef frá er talin 8.000 m.kr. fjármagnstilfærslur vegna varnargarða í Grindavík.

Á árinu lagði Vegagerðin áherslu á að vekja ráðafólk til vitundar um uppsafnaða viðhaldsskuld samgöngukerfisins. Í mörg ár hefur viðhald þjóðvega verið vanfjármagnað sem hefur orsakað slæmt ástand á burðarlögum og slitlögum víða um land. Þetta endurspeglast í stóraukinni holumyndun, niðurbroti vega og vaxandi slitlagsblæðingum.

Í lok árs störfuðu 374 einstaklingur hjá Vegagerðinni, þar af 26 í tímabundnu starfi. Starfsfólki fækkaði um sjö frá fyrra ári og endurspeglar breytt skipulag innan stofnunarinnar en hluti verkefna Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðis færðust til Betri samgangna ohf. á árinu.

**Umferðaröryggi**

Öryggi og þá ekki síst umferðaröryggi er ein af megináherslum Vegagerðarinnar. Öll starfsemi stofnunarinnar miðar að því að auka öryggi eða viðhalda því í einhverri mynd.

Árið 2024 létu 13 einstaklingar lífið í umferðinni í 10 banaslysum. Þar af voru þrír erlendir ferðamenn. Árið byrjaði skelfilega og létust sjö manns í janúarmánuði. Fjöldi látinna jókst um fimm frá fyrra ári og er þetta í fyrsta sinn síðan 2018 sem 10 eða fleiri láta lífið í umferðinni á einu ári. Það er von okkar allra að slíkt endurtaki sig ekki.

Í alþjóðlegum samanburði þýðir þessi aukning að Ísland er í 12. sæti árið 2024 hvað varðar fjölda látinna miðað við höfðatölu innan Evrópu. Þegar síðustu fimm ár eru skoðuð er Ísland í þriðja sæti sem er innan þeirra markmiða sem sett hafa verið og snúa að því að vera í hópi þeirra fimm Evrópuþjóða sem hafa lægstu dánartíðnina.

Alvarlega slasaðir voru 228 árið 2024 sem er svipaður fjöldi og árið 2023 en þá hafði orðið töluverð fjölgun milli ára. Samanlagt er tala látinna og alvarlega slasaðra fyrir árið 2024 241 samanborið við 237 árið á undan. Þetta er það mesta sem hefur verið á þessari öld.

**Farþegum almenningssamgangna fjölgar**

Vegagerðin sinnir almenningssamgöngum á landsbyggðinni; landsamgöngum, ferjum og ríkisstyrktu flugi. Farþegafjöldi hélst svipaður í ferjusiglingum milli ára, farþegum fækkaði aðeins bæði í almenningsvögnum og flugi fyrir utan að fjölgun varð í flug til Vestmannaeyja. Landsmenn nýttu sér afsláttarkjör Loftbrúar í svipuðum mæli árið 2024 og árið á undan og er þetta í fyrsta sinn sem hægir á notkun hennar.

**Fjölmargar framkvæmdir**

Fjölmörg og fjölbreytt verkefni voru unnin á árinu. Áfram var haldið með stórar framkvæmdir á borð við Hringveg (1) um Hornafjörð sem snýst um að byggja nýjan 19 km veg með fjórum brúm sem mun stytta Hringveginn um 12 km. Vinna við breikkun Reykjanesbrautar, milli Krýsuvíkurvegar og Hvassahrauns, hélt áfram en þar verða meðal annars byggð mislæg vegamót og undirgöng.

Á Vestfjörðum lauk öðrum áfanga nýbyggingar Vestfjarðavegar um Dynjandisheiði og unnið var að nýjum brúm yfir Fjarðarhornsá og Skálmardalsá.

Á Höfuðborgarsvæðinu voru mörg stór verkefni í gangi. Gerð landfyllinga og sjóvarna vegna Fossvogsbrúar hélt áfram, sem hluti af Borgarlínu og uppbyggingu í Skerjafirði. Einnig gengu framkvæmdir við þriðja áfanga Arnarnesvegar vel. Í því verki felst m.a. bygging nýrra brúa, hringtorga og stíga, sem tengja helstu stofnleiðir gangandi og hjólandi.

Nokkur tímamót urðu þegar framkvæmdir við nýja brú yfir Ölfusá hófust formlega með undirritun verksamnings í nóvember.

Viðhalds- og hafnarframkvæmdir voru einnig fyrirferðarmiklar. Endurbygging Karlseyjarbryggju í Reykhólahreppi reyndist flókin vegna hruns gömlu bryggjunnar en lauk með góðum árangri. Í Þorlákshöfn var unnið að endurbyggingu Suðurvararbryggju og lengingu Suðurvarargarðs um 200 metra.

Þetta eru aðeins nokkur af þeim fjölmörgu framkvæmdum sem fóru fram árið 2024 en þau endurspegla mikilvægi Vegagerðarinnar við uppbyggingu öflugra samgönguinnviða um allt land.

Árið 2024 var á margan hátt krefjandi, en jafnframt ár framfara og lærdóms.

Starf Vegagerðarinnar byggir á traustum grunni, víðtækri þekkingu og samstilltu átaki starfsfólks um allt land.

Við horfum björtum augum til framtíðar og munum áfram vinna að því að tryggja öruggar, sjálfbærar og skilvirkar samgöngur til hagsbóta fyrir samfélagið allt.

**Bergþóra Þorkelsdóttir**
Forstjóri Vegagerðarinnar

## Lykiltölur 2024

### 719 milljónir króna

Nýting á niðurgreiðslukerfi Loftbrúar árið 2024, sem veitir íbúum landsbyggðarinnar afslátt af innanlandsflugi. Notkun var óbreytt frá fyrra ári en rekstrarkostnaður jókst um 7%

### 47.255 milljónir króna

Fjárheimildir samkvæmt fjárlögum, fjáraukalögum og millifærslum til verkefna á vegum Vegagerðarinnar og Hafnabótasjóðs árið 2024.

### 37 prósent

Hlutfall kvenna í stjórnendastöðum hjá Vegagerðinni.

### 520.000 farþegar

Heildarfjöldi farþega sem ferðaðist með ferjum árið 2024.

### 374 starfsmenn

Heildarfjöldi starfsmanna Vegagerðarinnar í árslok 2024, þar af 26 í tímabundnum störfum.

### 430.000 farþegar

Heildarfjöldi farþega sem ferðaðist með Herjólfi árið 2024

### 7.627 ferðir

Heildarfjöldi ferjusiglinga á árinu 2023.

### 330 metrar

Lengd nýrrar stagbrúar yfir Ölfusá sem mun rísa á næstu árum.

### 29

Fjöldi þeirra einbreiðu brúa sem enn er að finna á Hringvegi.

### 891 milljónir króna

Heildarkostnaður við innanlandsflug.

### 41 km

Nýlagnir bundins slitlags árið 2024.

### → 44 prósent

Hlutfall starfsfólks Vegagerðarinnar sem vinnur á svæðum en 56% vinna í miðstöð í Garðabæ.

### → 2,8 km

Lengdin á Miklubrautargöngum sem kynnt var í frumdragaskýrslu árið 2024.

### → 2 milljónir km

Eknir kílómetrar í vetrarþjónustu.

### → 30 ár

Tíminn sem er liðinn frá stofnun rannsóknasjóðs Vegagerðarinnar.

### → 12.937 km

Heildarlengd þjóðvegakerfisins sem Vegagerðin viðheldur. Skipt í stofnvegi (4.343 km), tengivegi (3.512 km), héraðsvegi (2.614 km), landsvegi (1.987 km) og hálendisvegi (480 km).

### → 12

Fjöldi jarðganga á Íslandi. Samtals eru þau 65 km löng.

### → 104

Fjöldi vita í eigu Vegagerðarinnar.

### → 3.236 milljón km

Heildarakstur á þjóðvegakerfinu árið 2024.

### → 50 ár

Hringvegurinn fagnaði 50 ára afmæli árið 2024 en ný brú yfir Skeiðará var vígð árið 1974.

### → 24 metrar

Hæðin á nýjum Gjögurvita sem var reistur í stað þess sem féll í hvassviðri í desember 2023.

### → 113

Fjöldi umsókna sem barst rannsóknasjóði Vegagerðarinnar 2024.



Sjö sinnum gaus á Sundhnúkagígaröðinni á Reykjanesskaga á árinu. Þrisvar sinnum rann hraun yfir Grindavíkurveg. Mynd: Vilhelm Gunnarsson

1. kafli

# Fjármál og rekstur



# Fjármál og rekstur

## 1.1 Fjármál

Fjárveiting samkvæmt fjárlögum, fjáraukalögum og millifærslum til verkefna á vegum Vegagerðarinnar og Hafnabótasjóðs námu samtals 47.255 m.kr. árið 2024. Þar af voru 15.414 m.kr. til rekstrar og 30.197 m.kr. til stofnkostnaðar á vegum Vegagerðarinnar, og 1.644 m.kr. veittar til hafnaframkvæmda á vegum Hafnabótasjóðs. Fjárheimildir fela í sér framlög úr ríkissjóði ásamt sértekjum og öðrum tilfærslum, en í eftirfarandi umfjöllun er sérstaklega horft til framlaga úr ríkissjóði eins og þau birtast í heimildum Vegagerðarinnar og Hafnabótasjóðs.

Heildarfjárheimildir ársins voru 5.584 m.kr. hærri en í upphaflegum fjárlögum, þar sem gert var ráð fyrir 41.686 m.kr. Hækkunin skýrist meðal annars af viðbótarfjárveitingum samkvæmt fjáraukalögum og tilfærslum milli ára.

Af rekstrarfjárveitingum fóru 8.680 m.kr. til þjónustu við vegakerfið, þar af 5.280 m.kr. til vetrarþjónustu og 2.800 m.kr. til almennrar þjónustu. Fluttar voru 600 m.kr. vegna reksturs jarðganga af stofnkostnaði yfir á þjónustu vegna breyttrar framsetningar. Styrkir til almenningssamgangna námu 5.923 m.kr. og voru nýttir meðal annars til reksturs ferja, sérleyfisrekstrar á landi, innanlandsflugs, almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, Loftbrúar og orkuskipta í samgöngum. Auk þess námu fjárheimildir til reksturs Vaktstöðvar siglinga 320 m.kr. og 300 m.kr. í rekstur Landeyjahafnar.

Af fjárveitingum til stofnkostnaðar námu framkvæmdir og viðhald á vegakerfinu 20.582 m.kr., framkvæmdir við vita og hafnir 430 m.kr. áður en fjárheimildir voru færðar á milli ára vegna kaupa á nýrri Breiðafjarðarferju, framkvæmdir við varnargarða 8.960 m.kr. Fjárveitingar til hafnaframkvæmda á vegum Hafnabótasjóðs námu 1.644 m.kr.



↑ Úr árlegri viðhaldsferð Vegagerðarinnar. (sjá nánar á síðu 19) Mynd: Bragi Valgeirsson

# Skipting fjárveitinga

Tafla 1 **Skipting fjárveitinga Vegagerðarinnar**

| **Fjárhæðir í töflunni eru í milljónum kr.** | **Fjárlög 2024** | **Fjáraukalög, millifærslur og flutt frá fyrra ári** | **Fjár-heimildir 2024** |
|---|---|---|---|
| **10-211 Vegagerðin** | | | |
| 1.01 **Almennur rekstur** | **1.200,4** | **-389,6** | **810,8** |
| Yfirstjórn, skrifstofuhald o.fl. | 97,0 | | |
| Vaktstöð siglinga | 320,0 | | |
| Viðhald vita og leiðsögukerfa | 200,0 | | |
| Rekstur Landeyjahafnar | 300,0 | | |
| Rannsóknir | 170,0 | | |
| *Mismunur milli samg.áætlunar og fjárlaga* | 113,4 | | |
| 1.07 **Þjónusta** | **6.254,0** | **2.426,0** | **8.680,0** |
| Almenn þjónusta | 2.800,0 | | |
| Vetrarþjónusta | 3.963,0 | | |
| Sértekjur (fjárlög) | - 540,1 | | |
| *Mismunur milli samg.áætlunar og fjárlaga* | 31,1 | | |
| 1.15 **Styrkir til almenningssamgangna** | **5.525,5** | **397,6** | **5.923,1** |
| Ferjur, sérleyfi á landi, innanlandsflug | 4.269,0 | | |
| Almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu | 906,0 | | |
| Sértekjur (fjárlög) | - 745,5 | | |
| Loftbrú | 600,0 | | |
| Orkuskipti (ekki í samg.áætlun) | 200,0 | | |
| *Mismunur milli samg.áætlunar og fjárlaga* | 296,0 | | |
| 6.01 **Tæki og búnaður** | **374,9** | **- 352,1** | **22,8** |
| 6.10 **Framkvæmdir á vegakerfinu** | **26.209,7** | **- 5.627,6** | **20.582,1** |
| **Viðhald** | **12.810,0** | | |
| Viðhald bundinna slitlaga | 5.228,0 | | |
| Viðhald malarvega | 1.400,0 | | |
| Hliðarsvæði | 150,0 | | |
| Viðhald ljósastaura | 100,0 | | |
| Styrkingar og endurbætur | 2.685,0 | | |
| Veggöng | 1.100,0 | | |
| Brýr og varnargarðar | 975,0 | | |
| Umferðaröryggi | 535,0 | | |
| Vatnaskemmdir | 375,0 | | |
| Viðhald girðinga | 70,0 | | |
| Frágangur gamalla efnisnáma | 15,0 | | |
| Minjar og saga | 27,0 | | |
| Óráðstafað | 150,0 | | |

| **Fjárhæðir í töflunni eru í milljónum kr.** | **Fjárlög 2024** | **Fjáraukalög, millifærslur og flutt frá fyrra ári** | **Fjár-heimildir 2024** |
|---|---|---|---|
| **Nýframkvæmdir** | **9.525,0** | | |
| Almenn verkefni | 9.315,0 | | |
| Jarðgangaáætlun | 210,0 | | |
| **Sameiginlegir sjóðir** | **4.210,0** | | |
| Tengivegir bundið slitlag | 2.500,0 | | |
| Breikkun brúa | 500,0 | | |
| Hjóla- og göngustígar | 300,0 | | |
| Stærri öryggisaðgerðir utan höfuðborgarsvæðis | 300,0 | | |
| Samgöngurannsóknir | 20,0 | | |
| Héraðsvegir | 110,0 | | |
| Landsvegir utan stofnvegakerfis | 160,0 | | |
| Styrkvegir | 100,0 | | |
| Reiðvegir | 100,0 | | |
| Smábrýr | 50,0 | | |
| Girðingar | 60,0 | | |
| Sameiginlegur jarðganga kostnaður | 10,0 | | |
| *Mismunur milli samg.áætlunar og fjárlaga* | - 335,3 | | |
| 6.20 **Framkvæmdir vitar og hafnir** | **429,5** | **- 577,9** | **- 148,4** |
| Vitabyggingar | 20,0 | | |
| Sjóvarnargarðar | 150,0 | | |
| Innsigling að Höfn í Hornafirði (Grynnslin) | 250,0 | | |
| Ferjubryggjur | 8,0 | | |
| Hafna-og strandrannsóknir | 70,0 | | |
| Skip til ferjusiglinga | 10,0 | | |
| *Mismunur milli samg.áætlunar og fjárlaga* | - 78,5 | | |
| 6.48 **Varnargarðar** | | **8.960,4** | **8.960,4** |
| 6.82 **Botndælubúnaður við Landeyjarhöfn** | **32,6** | **- 32,6** | - |
| 6.85 **Breiðafjarðarferja** | | **780,2** | **780,2** |
| **Samtals rekstur:** | **12.979,9** | **2.434,0** | **15.413,9** |
| **Samtals stofnkostnaður:** | **27.046,7** | **3.150,4** | **30.197,1** |
| **Samtals:** | **40.026,6** | **5.584,4** | **45.611,0** |
| **10-241 Hafnarframkvæmdir** | | | |
| 6.70 **Hafnabótasjóður** | **1.644,2** | | **1.644,2** |
| Innan grunnets | 1.481,9 | | |
| Utan grunnets | 177,5 | | |
| *Mismunur milli samg.áætlunar og fjárlaga* | - 15,2 | | |
| **Samtals fjárheimild 10-211 og 10-241:** | **41.670,8** | **5.584,4** | **47.255,2** |

## 1.2 Rekstur Vegagerðarinnar

Heimild til almenns rekstrar í fjárlögum 2024 voru 1.200,4 m.kr. Undir almennan rekstur heyrir viðhald vita og leiðsögukerfa 200 m.kr., kostnaður vegna Vaktstöðvar siglinga 320 m.kr., rannsóknir 170 m.kr. og 300 m.kr. vegna reksturs Landeyjahafnar.

Fjárveiting til eiginlegs rekstrar stofnunarinnar var því 210 m.kr. Starfsemi, sem fellur undir þennan lið er yfirstjórn Vegagerðarinnar, skrifstofa forstjóra, fjármálasvið og þróunarsvið.

↓ Grafík 1 **Framlag til Vegagerðarinnar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu**




↓ Grafík 2 **Framlag til Vegagerðarinnar á verðlagi ársins 2024**





↑ Brú yfir Þorskafjörð í Reykhólahreppi.



↑ Unnið við annan áfanga Dynjandisheiðar í febrúar 2024.



↑ Vetur á Dynjandisheiði.



↑ Bíll ekur yfir Þorskafjarðarbrú. Myndir: Haukur Sigurðsson



Ferðast eftir hjólastíg í Elliðaárdal.
Mynd: Vilhelm Gunnarsson

2. kafli

# Stjórnun og mannauður



# Stjórnun og mannauður

## 2.1 Stjórnun

Vegagerðin er framkvæmdastofnun samgöngumála, sbr. lög nr. 120/2012. Vegagerðin starfar í samræmi við skilgreint hlutverk í annars vegar vegalögum og hins vegar hafnalögum, auk tengdra laga og reglugerða byggða á þeim.

Hlutverk Vegagerðarinnar er skilgreint með þeim hætti að stofnunin skuli stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum á sjó og á landi og að samgöngur þróist í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið.

Gildi Vegagerðarinnar eru öryggi, framsýni, þjónusta og fagmennska.

Yfirstjórn Vegagerðarinnar skipa forstjóri, forstöðumaður lögfræðideildar og framkvæmdastjórar sviða. Svið stofnunarinnar eru fimm; fjármálasvið, mannvirkjasvið, þjónustusvið, þróunarsvið og skrifstofa forstjóra.

Fjármálasvið skiptist í þrjár deildir; fjármál, rekstur og upplýsingatækni. Mannvirkjasvið skiptist í fjórar deildir; framkvæmdir, hafnir, hönnun og stoðþjónusta. Þjónustusvið skiptist í fjórar deildir; almenningssamgöngur, tækjabúnaður, vegaþjónusta, vöktun og upplýsingar. Þróunarsvið skiptist í fimm deildir; áætlanir og umhverfi, rannsóknir, umhverfi og sjálfbærni, skipulag og umferð og umferðaröryggi. Skrifstofa forstjóra skiptist í fjórar deildir; lögfræði, mannauður, samskipti og umbætur. Auk þess starfar öryggisstjóri á skrifstofu forstjóra.

Innri endurskoðun er óháð eining sem heyrir ekki undir svið eða deild, en heyrir formlega undir forstjóra Vegagerðarinnar.

Framkvæmdastjórn Vegagerðarinnar skipa forstjóri, framkvæmdastjórar og svæðisstjórar auk forstöðumanns lögfræðideildar.

Svæði Vegagerðarinnar eru fimm: Höfuðborgarsvæði, Suðursvæði, Vestursvæði, Norðursvæði og Austursvæði.

## ↓ Skipurit Vegagerðarinnar

↓ Grafík 3 **Skipurit Vegagerðarinnar frá mars 2024**






↑ Framkvæmdastjórn Vegagerðarinnar. Efri röð f.v. Pálmi Þór Sævarsson, svæðisstjóri Vestursvæðis, Loftur Þór Jónsson, svæðisstjóri Austursvæðis, Gunnar Helgi Guðmundsson, svæðisstjóri Norðursvæðis, Stefán Erlendsson yfirlögfræðingur, Svanur G. Bjarnason, svæðisstjóri Suðursvæðis, Guðmundur Valur Guðmundsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs og Helgi Gunnarsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Neðri röð f.v. Arndís Ósk Arnalds Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri mannvirkjasviðs, Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri, Bergþóra Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri þjónustusviðs og Bryndís Friðriksdóttir, svæðisstjóri Höfuðborgarsvæðis.

## 2.2 Mannauður

Í árslok 2024 unnu 374 starfsmenn hjá Vegagerðinni og þar af voru 26 í tímabundnu starfi. Um 44% starfsfólks sinnir starfi á svæðum og 56% eru í starfi sem tilheyra Miðstöð. Fastráðnir starfsmenn eru 348 og eru 55% þeirra með starfsstöð utan höfuðborgarsvæðisins. Hlutfall kvenna í starfsmannahópnum fer vaxandi og er nú 23%. Konur eru 37% stjórnenda.

Mannauður Vegagerðarinnar samanstendur af fjölbreyttum hópi fólks sem sinnir ólíkum störfum um allt land. Kynslóðaskipti hafa orðið í starfsmannahópnum undanfarin ár sem hefur bæði falið í sér áskorun og tækifæri.

Stjórnendur fá öflugan stuðning og þjálfun til að efla leiðtogahæfni og jákvæðan liðsanda. Byggt er á framsýni þar sem vönduð ráðning og fagleg starfsþróun tryggja að starfsfólk fái tækifæri til að vaxa í starfi og takast á við krefjandi verkefni. Vegagerðin leggur jafnframt áherslu á fjölbreytileika og inngildingu þannig að allt starfsfólk geti blómstrað í starfi.

Starfsþróun er efld með Vegagerðarskólanum sem tók til starfa árið 2024 eftir endurskoðaða stefnu í fræðslumálum. Vegagerðarskólinn býður bæði sérhæfð og almenn námskeið fyrir nýliða, stjórnendur og sérfræðinga. Í tengslum við skólann var tekið upp fræðslukerfið Learncove.

Launaumhverfið hjá Vegagerðinni byggist á vottuðu jafnlaunastjórnunarkerfi þar sem greidd eru jöfn og samkeppnishæf laun fyrir jafn verðmæt störf.

Heilbrigði og velsæld starfsfólks eru í fyrirrúmi með fræðslu, forvörnum og snemmtækum úrræðum. Boðið er upp á heilsufarsmælingar, bólusetningar og sálfélagslegan stuðning, ásamt hvatningu til hreyfingar og góðra samskipta.

Vegagerðin hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar 2024 fyrir jafnt kynjahlutfall í yfirstjórn Vegagerðarinnar.

↓ Grafík 4 **Fastráðið starfsfólk og hlutfall kvenna og karla**




↓ Grafík 5 **Hlutfall kvenna og karla í stjórnendastöðum**




↓ Grafík 6 **Starfsmannafjöldi á skipulagseiningu**













↑ Vegagerðin á 104 vita um allt land. Þar af eru 30 sem aðeins er hægt að komast að frá sjó eða úr lofti. Árlega fara starfsmenn Vegagerðarinnar í ferð kringum landið með varðskipi Landhelgisgæslunnar og sinna viðhaldi þessara afskekktu vita. Hér eru nokkrar myndir frá ferðinni sem farin var sumarið 2024. Myndir: Bragi Valgeirsson

# Helstu fréttir ársins 2024

## Vegagerð og varnargarðar

Jarðskjálftar og eldgos á Reykjanesskaga settu mikinn svip á starfsemi Vegagerðarinnar árið 2024. Frá því að jarðhræringar hófust í Grindavík í nóvember 2023 hefur Vegagerðin sinnt margvíslegum verkefnum í og við bæinn. Viðgerðir á vegum, vegagerð yfir hraun, aukin vetrarþjónusta, kortlagning á sprungum og aðkoma að byggingu varnargarða eru á meðal helstu verkefna.

## Jarðrannsóknir í Grindavík

Starfsfólk Vegagerðarinnar kortlagði sprungur og holrými undir yfirborði við Grindavík og nágrenni með sér útbúnum jarðsjárdróna. Markmiðið var að finna sprungur og holrými sem leyndust á grunnu dýpi.



Vegagerð og varnargarðar. Mynd: Vilhelm Gunnarsson.

## Ný umferðarmerkjareglugerð

Ný umferðarmerkjareglugerð tók gildi 1. mars 2024 og leysti af hólmi eldri reglugerð sem að stofni til var tæplega 30 ára gömul með nokkrum breytingum. Vegagerðin leiddi þessa vinnu í samráði við innviðaráðuneytið og fleiri komu að verki. Reglugerðin er mikið breytt en breytingar sem birtast vegfarendum í umferðinni eru þó ekki ýkja margar. Stóru breytingarnar eru kerfislegar, flokkaskiptingar og númerakerfi.



## Umferðaröryggi eykst með nýjum undirgöngum

Ný undirgöng við Arnarneshæð fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur voru formlega tekin í notkun 28. maí 2024. Nemendur í 6. bekk í Sjálandsskóla í Garðabæ komu hjólandi frá skólanum sínum til að taka þátt í viðburðinum sem fór fram með pompi og prakt. Með tilkomu ganganna þarf ekki lengur að þvera umferðargötu, sem eykur umferðaröryggi vegfarenda og dregur úr líkum á árekstri bíla og hjóla. Undirgöngin eru mikil samgöngubót en leiðin yfir Arnarnesið er ein af fjölförnustu stofnæðum fyrir hjólandi umferð á höfuðborgarsvæðinu. Í maímánuði 2024 hjóluðu 14.645 manns í gegnum göngin en um 5.300 manns fóru á tveimur jafnfljótum.




↑ Ný veður- og upplýsingaskilti.



↑ Umferðaröryggi eykst með tilkomu undirganga við Arnarneshæð.

## Ný veður- og upplýsingaskilti

Vegagerðin setti upp ný veður- og upplýsingaskilti, annars vegar við hringtorgið við Selfoss og hins vegar við Biskupstungnabraut. Á skiltunum eru allajafna birtar upplýsingar um veður, þ.e. vindátt, vindhraða og hitastig. Hægt er að koma öðrum skilaboðum til vegfarenda ef þörf reynist á því, svo sem aðvaranir eða upplýsingar um lokanir. Skiltin eru tengd miðlægu stjórnkerfi í vaktstöð Vegagerðarinnar sem er með þau í vöktun og stjórnar þeim. Til stendur að setja fleiri álíka skilti upp víðar á vegakerfinu.

## Stígandi í stígaframkvæmdum

Göngu- og hjólastíganet höfuðborgarsvæðisins lengdist um 3,3 kílómetra á árinu. Vegagerðin kom að verkefninu í samvinnu við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu en um er að ræða stofnnet göngu- og hjólastíga sem heyra undir Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins.

## LOKI - kolefnisreiknir innviðaframkvæmda

Vegagerðin hefur látið þróa og smíða kolefnisreikni fyrir innviðaframkvæmdir á hönnunarstigi sem hefur fengið nafnið LOKI, sem stendur fyrir lífsferilsgreining og kolefnisspor innviðaframkvæmda. Með LOKA er hægt að meta kolefnisspor framkvæmda með samræmdum og einföldum hætti. LOKI var kynntur á hádegisfundi Vegagerðarinnar í júní 2024.

## Viðgerð á brú yfir Elliðaárdal

Brúarvinnuflokkur Vegagerðarinnar vann að viðgerðum á brúnni yfir Elliðaár við Árbæjarstíflu. Viðgerðirnar fólust meðal annars í að endurnýja gönguvegrið, losa lélega steypu með vatnsbrotsvél, brjóta niður annan bríkurkantinn, taka burtu vegrið og ljósastaura og byggja kantinn upp á nýtt. Steypt var ný brík og jafnframt sett upp nýtt vegrið og nýir ljósastaurar.




↑ Viðgerð á brú yfir Elliðaár.

## Ógætilegur akstur um framkvæmdarsvæði

Vegagerðin stóð árið 2024 að vitundarátakinu „Aktu varlega, mamma og pabbi vinna hér“ til að minna ökumenn á að aka varlega í gegnum vinnusvæði og taka tillit til þeirra sem þar starfa. Á morgunfundi Vegagerðarinnar var fjallað um öryggi við vegavinnu. Meðal frummælenda var verkstjóri hjá Vegagerðinni sem gaf innsýn inn í sína upplifun af því að vinna á vegum úti. Í máli hans kom fram að allt of mikið sé um að fólk aki of hratt og gæti hvorki að sínu öryggi né annarra. Það sama kom fram í máli verkstjóra hjá ÍAV sem sagði að mælingar sýndu að ökumenn virtu ekki hraðalækkanir á Reykjanesbrautinni og allt of algengt væri að fólk æki á hundrað kílómetra hraða í gegnum framkvæmdasvæði. Í framhaldi af fundinum voru skilti með áletruninni: „Aktu varlega – mamma eða pabbi vinna hér” sett upp á framkvæmdasvæðum á Reykjanesbraut við Straumsvík, Lögbergsbrekku á Suðurlandsvegi og Breiðholtsbraut, ökumönnum til áminningar.




↑ Fólk hvatt til að aka varlega um framkvæmdasvæði á Reykjanesbraut.

## Nýr holuviðgerðarbíll bætir öryggi og eykur gæði

Nýr holuviðgerðarbíll af tegundinni Archway Roadmaster var tekinn í notkun hjá Vegagerðinni á árinu. Aðeins einn starfsmann þarf til að stjórna bílnum. Bílstjórinn stýrir holuviðgerðartækinu innan úr bílnum með stýripinna. Hann byrjar á því að blása óhreinindi upp úr holunni sem hefur myndast í veginum. Síðan er bikþeytu sprautað á yfirborð holunnar og svæðið í kring svo úr verður hálfgerð límfilma. Bíllinn blandar saman bikþeytu og malarefni og fyllir holuna. Síðan er aftur límt yfir með bikþeytu og þurru steinefni dreift yfir. Að lokum er efninu þjappað í holuna. Með bílnum er einnig hægt að gera við sprungunet í klæðingum, gera við signar vegaxlir og aðrar skemmdir.

## Garðskagaviti yngri fagnar 80 ára afmæli

Garðskagaviti yngri varð 80 ára árið 2024. Af því tilefni var boðið til afmælisveislu í Byggðasafni Garðskaga en fjallað var um sögu vitans í Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar. Þar var litið aftur til tæknisögu þessarar táknrænu byggingar sem er og hefur verið ómetanleg fyrir sjófarendur.

## Gjögurviti rifinn og annað vitaljós sett upp

Gjögurviti á Gjögri á Ströndum féll í hvassviðri í desember 2023 en ástand járngrindar vitans var orðið svo bágborið að ekki reyndist unnt að viðhalda henni. Starfsfólk Vegagerðarinnar fjarlægði leifar vitans í byrjun júlí. Gjögurviti var 24 metra hár stálgrindarviti sem reistur var á Gjögri á Ströndum árið 1921. Annað vitaljós var reist á sama stað síðar á árinu. Endurbyggða vitabyggingin er 24 metra hátt, þrífætt, óstagað stálgrindarmastur, sem stendur á þremur steypustöplum.



↑ Gjögurviti hinn eldri.



↑ Gjögurviti nýrri.

## Gert við göngubrú við Eskifell í Lóni

Göngubrýrnar við Eskifell og Kollumúla yfir Jökulsá í Lóni skemmdust talsvert í óveðri sem gekk yfir Austurland í lok september 2022. Gert var við brúna við Kollumúla og hún styrkt sumarið 2023 en í júní 2024 var gengið frá styrkingum og lokið við viðgerðir á brúnni við Eskifell.
Göngubrúin yfir Jökulsá í Lóni við Eskifell er ein sú lengsta á landinu, 95 m löng. Hún var byggð af starfsfólki Vegagerðarinnar árið 2004. Mjög vinsælt er að ganga um Lónsöræfi enda svæðið rómað fyrir margbreytileika og fegurð. Brýrnar í Eskifelli og Kollumúla eru mikilvægir samgönguinnviðir sem greiða för göngufólks.



↑ Að loknu málþingi var haldin hátíð við Skeiðarárbrú.

## 50 ár frá opnun Hringvegar

Í júlí 1974 var Skeiðarárbrú, lengsta brú landsins, vígð á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar. Bygging brúarinnar þótti verkfræðilegt þrekvirki á sínum tíma. Með henni var lokið við Hringveginn sem eftir það tengdi byggðirnar umhverfis Ísland í samfellda heild. Vegagerðin og sveitarfélagið Hornafjörður stóðu fyrir málþingi og hátíðahöldum þann 30. ágúst 2024 í tilefni af 50 ára afmæli Hringvegarins.
Málþingið, sem fór fram í félagsheimilinu Hofgarði að Hofi í Öræfum, var afar vel sótt, en um 120 manns þáðu kjötsúpu og hlustuðu á erindin. Frummælendur voru fjórir. Rögnvaldur Gunnarsson, fyrrverandi forstöðumaður framkvæmdadeildar Vegagerðarinnar, sagði frá minningum sínum af framkvæmdunum við Skeiðarárbrú. Guðmundur Valur Guðmundsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vegagerðarinnar, greindi frá þeim áskorunum sem síbreytilegur Skeiðarársandurinn hefur verið fyrir vegagerð og horfði einnig til framtíðar. Svanhvít Helga Jóhannsdóttir, leiðsögumaður og fjallamennskukennari frá Svínafelli, las hluta úr sögu Þórbergs Þórðarsonar; Vatnadagurinn mikli, sem segir frá ævintýralegri ferð yfir Skeiðará. Hallgrímur Helgason rithöfundur hélt líflega ræðu um líf og störf föður síns, Helga Hallgrímssonar, sem var yfirverkfræðingur á þeim tíma sem brúin var byggð og síðar vegamálastjóri. Fundarstjóri var Borgþór Arngrímsson. Að loknu málþinginu var haldið að vesturenda gömlu Skeiðarárbrúarinnar þar sem haldin var hátíð í tilefni af hálfrar aldar afmæli brúarinnar og Hringvegarins.



↑ Frá opnun Skeiðarárbrúar 1974.

## Vegagerðin hlýtur viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar

Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar, tók á móti viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar fyrir hönd Vegagerðarinnar, á árlegri viðurkenningarathöfn. Jafnvægisvogin er hreyfiaflsverkefni Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA) sem hefur að markmiði að auka jafnvægi milli kynja í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga á Íslandi. Kynjahlutfall í yfirstjórn Vegagerðarinnar er jafnt 50/50 en 60/40 (kk/kvk) í framkvæmdastjórn. Kynjahlutfallið meðal allra stjórnenda í stofnuninni er 63/37.



↑ Nýr stígur í Suðurhlíð.

## Frumdragaskýrsla um Miklubraut

Í frumdragaskýrslu um Miklubraut í stokk sem kom út árið 2024 var skoðað að setja Miklubraut í rúmlega 1,8 km langan stokk eða 2,8 km löng jarðgöng. Í báðum tilvikum er vesturendi stokks/jarðganga á sama stað, eða rétt vestan Snorrabrautar en í austri endar stokkurinn við Kringluna, en jarðgöngin við Grensásveg. Í skýrslunni kemur fram að meiri ávinningur fæst af því að setja Miklubraut í jarðgöng samanborið við stokk. Snýr það einna helst að meiri ávinningi í umferðaröryggi en tafir bílaumferðar á framkvæmdatíma eru sömuleiðis mun minni fyrir jarðgöng en stokk.



↑ Tölvugerð mynd úr frumdragaskýrslu sem sýnir Miklubrautarjarðgöng.

## Samið um byggingu nýrrar brúar yfir Ölfusá

Skrifað var undir verksamning vegna byggingar brúar yfir Ölfusá þann 20. nóvember 2024. Við sama tækifæri var tekin fyrsta skóflustunga að verkinu. Í kjölfar undirritunar hófst fullnaðarhönnun mannvirkja og undirbúningsframkvæmdir á verkstað hófust fljótlega. Verklok eru áætluð síðla árs 2028.

## Nýr stígur í Suðurhlíð formlega opnaður

Nýr göngu- og hjólastígur um Suðurhlíð í Reykjavík var formlega opnaður í september að viðstöddum nemendum úr 6. bekk í Fossvogsskóla. Opnunin var hluti af Samgönguviku. Með því að leggja áherslu á hjólreiðar sem raunhæfan samgöngumáta er stuðlað að bættri lýðheilsu íbúa höfuðborgarsvæðisins, auk þess að létta á umferð bíla og draga þannig úr mengun.

## Hlaup í Skálm

Vatn flæddi yfir brúna á Skálm og yfir Hringveginn á um kílómetra metra kafla austan við brúna í lok júlí. Hringveginum milli Víkur og Kirkjubæjarklausturs var lokað enda fór vegurinn í sundur austan megin við brúna og skemmdir voru á brúarendunum sökum vatnsflaumsins. Vatn flæddi einnig yfir veginn niður í Álftaver. Viðgerðir hófust strax morguninn eftir og var umferð komið á að nýju þá um kvöldið.

## Metþátttaka á afmælisári rannsóknaráðstefnu

Yfir þrjú hundruð manns mættu á rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar 2024 sem haldin var á Hilton Reykjavík Nordica þann 1. nóvember. Ráðstefnan var haldin í 23. sinn en árið 2024 voru 60 ár frá því rannsóknarstarf Vegagerðarinnar hófst og 30 ár frá stofnun rannsóknasjóðs Vegagerðarinnar. Dagskráin var fjölbreytt og endurspeglaði það marghættaða rannsókna- og þróunarstarf sem styrkt er af rannsóknasjóði Vegagerðarinnar. Gestir ráðstefnunnar komu víða að, bæði frá Vegagerðinni, úr hópi ráðgjafa, verkfræðinga, verktaka, frá akademíska samfélaginu, auk áhugafólks um rannsóknir á sviði samgangna.



↑ Sjálfvirkt meðalhraðaeftirlit í Hvalfjarðargöngum.

## Sjálfvirkt meðalhraðaeftirlit sett upp í Hvalfjarðargöngum

Meðalhraðaeftirlit í Hvalfjarðargöngum var tekið í notkun í febrúar 2024. Sjálfvirkt hraðaeftirlit er ein af megin áherslum í umferðaröryggisáætlun stjórnvalda. Hraðamyndavélar eru fyrst og fremst settar upp á köflum þar sem slys eru tíð, en einnig er lögð áhersla á að setja slíkan búnað upp í jarðgöngum til að draga úr líkum á slysum.

Sjálfvirkt meðalhraðaeftirlit byggir á því að meðalhraði ökutækis sem fer tiltekna vegalengd er reiknaður út með því að deila í vegalengdina með tíma.Þá vinna tvær myndavélar saman fyrir hvora akstursstefnu, þar sem önnur er staðsett í upphafi vegkaflans en hin í lok kaflans. Vegagerðin ber ábyrgð á tæknilegri framkvæmd eftirlitsins, en Ríkislögreglustjóri ber ábyrgð á úrvinnslu og innheimtu sekta.

## Vatn flæddi yfir Hringveg undir Eyjafjöllum

Slíkaúrhellisrigningu gerði undir Eyjafjöllum í desemberaðheimafólk mundi vart eftir öðru eins. Vegagerðin var kölluð út til aðstoðar um miðja nótt þegar byrjaði að flæða yfir Hringveginn á nokkrum stöðum.

## Vegagerðin opnar nýjan vef vegagerdin.is

Vegagerðin hefur sett í loftið nýja vefsíðu vegagerdin.is. Þetta er þriðja og síðasta púslið í þríþættri veflausn Vegagerðarinnar, sem samanstendur af vegagerdin.is, umferdin.is og sjolag.is.Sjolag.is, nýrri kortasjá fyrir sjófarendur, var hleypt af stokkunum vorið 2021. Umferdin.is fór í loftið í október 2022. Vefurinn hefur hlotið góðar viðtökur og var til að mynda valinn samfélagsvefur ársins 2022 og 2023. Á vegagerdin.is er að finna upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar, gögn, skýrslur og annað efni sem er mikið skoðað. Helsta nýjungin á vefnum eru upplýsingar um framkvæmdir og þau verkefni sem eru í gangi hjá Vegagerðinni hverju sinni eða er nýlokið. Þar er hægt að finna upplýsingar um stöðu verkefna, fréttum þeim tengdum, kynningargögn, umhverfismat o.s.frv. Unnið var að því að þróa þessa framsetningu á árinu og verður unnið áfram að því á næstu misserum.




↑ Vegagerðin opnar nýjan vef.



Vatn flæðir yfir Hringveg undir Eyjafjöllum.



Snjóblásari að störfum á Dynjandisheiði.
Mynd: Haukur Sigurðsson

3. kafli

# Þjónusta



# Þjónusta

## 3.1 Þjónusta

Heildarkostnaður við þjónustu árið 2024 var 10.563 m.kr. Kostnaður þjónustu skiptist í almenna þjónustu 3.065 m.kr., vetrarþjónustu 6.698 m.kr., jarðgöng 611 m.kr. auk 189 m.kr. kostnaðar við vöktun og upplýsingar sem ekki er innifalinn í þremur meginflokkum þjónustu.

↓ Tafla 2 **Kostnaður við þjónustu 2024**

| **Viðfang** | **Kostnaður** (**m.kr.**) |
|---|---:|
| Almenn þjónusta | 3.035 |
| Vetarþjónusta | 6.698 |
| Jarðgöng | 611 |
| Vöktun og upplýsingar | 189 |
| **Samtals:** | **10.563** |

**Almenn þjónusta**
Fjárheimildir til almennrar þjónustu samkvæmt samgönguáætlun voru 2.800 mkr.

**Viðhald vegmerkinga**
Fjárheimildum til vegmerkinga er ætlað að greiða fyrir lýsingu meðfram vegum, yfirborðsmerkingar, endurnýjun og viðhald á kantstikum, vegrið og umferðarmerki. Kostnaður vegna viðhalds vegmerkinga var 1.738 m.kr. á árinu 2024.

**Samningar við sveitarfélög**
Fjárheimild til þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis var varið til almennrar þjónustu og vetrarþjónustu á þjóðvegum í þéttbýli. Kostnaður vegna þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis var 78 m.kr. á árinu 2024.

**Viðhaldssvæði**
Fjárheimildum til viðhalds svæða var varið til að greiða kostnað við vaktstöð að sumarlagi, umsjónar- og eftirlitsvinnu með vegamannvirkjum, merkingar vegna vegaskemmda og takmarkana á ásþunga, hreinsun vegsvæða, viðgerðir á skemmdum vegna úrrennslis, afvötnun vega og sérstök verkefni. Kostnaður vegna þessara verkefna var 1.068 m.kr. á árinu 2024.

**Hreinsun vegsvæða**
Fjárheimildum til hreinsunar vegsvæða var varið til að greiða kostnað við hreinsun vegsvæða. Kostnaður vegna hreinsunar var 180 m.kr. á árinu 2024.

**Jarðgöng**
Fjárheimild til reksturs jarðganga var 600 m.kr. Helstu útgjaldaliðir í rekstri jarðganga voru greiðsla kostnaðar við eftirlit, rekstur og viðhald á upplýsinga- og öryggiskerfum þeirra, raflýsingu, þrifum og hreinsun, ásamt eðlilegu viðhaldi og endurbótum á búnaði. Á vegakerfinu í dag eru 12 jarðgöng sem alls eru 65 km að lengd. Jarðgöng sem falla undir þennan kostnaðarlið eru um 57 km. Kostnaður vegna reksturs var 611 m.kr. á árinu 2024.



↑ Starfsmaður Vegagerðarinnar stýrir umferð á Ísafirði í tengslum við aurskriðu sem féll á veginn í átt að Hnífsdal í nóvember 2024

**Vetrarþjónusta**
Fjárheimildum til vetrarþjónusta er ætlað að greiða allan kostnað við snjómokstur og hálkuvarnir á vegakerfinu í samræmi við gildandi reglur Vegagerðarinnar um vetrarþjónustu á þjóðvegum, sem samþykktar eru af ráðherra. Innifalin í þeim kostnaði er einnig stjórnun og stýring vetrarþjónustunnar, hálkuvarnarefni, kaup og rekstur vetrarþjónustubúnaðar, uppsetning og rekstur mælitækja og upplýsingabúnaðar um færð á vegakerfinu og ástand vega að vetri til. Umfang vetrarþjónustunnar er miðað við ekna kílómetra vetrarþjónustubifreiða. Árið 2024 var metár en heildarverkmagn var um 2 milljónir kílómetra, sem bæði má rekja til mikils snjómagns og umtalsverðrar notkunar hálkuvarna. Kostnaður við vetrarviðhald var 6.698 m.kr. á árinu 2024. Upphafleg fjárveiting til vetrarþjónustunnar árið 2024 var 3.963 m.kr. Með fjáraukalögum voru veittar 2.900 m.kr. til viðbótar til að koma til móts við áætlaðan halla vegna vetrarþjónustu.

Í eftirfarandi súluriti kemur fram hvernig kostnaður við vetrarviðhald á árinu 2024 skiptist á milli svæða Vegagerðarinnar. Á undanförnum árum hefur þjónusta að vetri til aukist. Munar þar mest um meiri þjónustu vegna óhagstæðara veðurfars en einnig hefur meiri umferð á einstökum leiðum leitt til fjölgunar snjómokstursdaga og aukinnar þjónustu. Ákall er um aukna og breytta þjónustu, vegna aukinna umsvifa í samfélaginu og vegna mikils fjölda erlendra ferðamanna.

**Vöktun og upplýsingar**
Vöktun og upplýsingar bera ábyrgð á vöktun á þjóðvegakerfinu og öryggisvöktun í jarðgöngum. Vöktun og upplýsingagjöf fer fram allan sólarhringinn, allt árið um kring.

Vöktun og upplýsingar greina áhrif veðurs á færð og ástand vega, samræmir vetrarþjónustuaðgerðir í umboði þjónustustöðva, bregst við óvæntum atburðum og virkjar viðbragð, sinnir utanumhaldi og upplýsingagjöf til vegfarenda á umferdin.is og í gegnum síma umferðarþjónustunnar 1777.

Til að bregðast við auknu álagi vegna jarðhræringa á Reykjanesi og ákalli um aukið samstarf milli hagaðila á Vegagerðin fulltrúa í áhöfn Samhæfingarstöðvar Almannavarna (SST). Á árinu 2024 tóku vöktun og upplýsingar virkan þátt í 10 útköllum auk þess að taka þátt í fjölda æfinga og námskeiða á vegum Almannavarna.

↓ Grafík 7 **Kostnaður við vetrarþjónustu eftir svæðum á verðlagi ársins 2024.**



# 3.2 Siglingar

**Vaktstöð siglinga**
Vegagerðin ber ábyrgð á rekstri og þróun Vaktstöðvar siglinga og hefur jafnframt fjárhagslegt og faglegt eftirlit með starfseminni. Vaktstöðin gegnir lykilhlutverki í öryggi sjófarenda innan íslenskrar efnahagslögsögu og veitir ýmsa öryggisþjónustu sem stuðlar að öruggum og skilvirkum siglingum og samgöngum á sjó. Helstu verkefni Vaktstöðvar siglinga eru m.a. rekstur á sjálfvirka tilkynningakerfinu AIS (Automatic Identification System) sem gerir vaktstöðinni kleift að fylgjast með ferðum skipa í rauntíma ásamt því að styðja við margvíslegt eftirlit með skipaumferð og mengunarvörnum. Hún sér einnig um rekstur LRIT (Long Range Identification and Tracking) en það er alþjóðlegt kerfi til fjarvöktunar kaupskipa og umsýsla og gagnaflutningar í gegnum SafeSeaNet sem er rafrænt upplýsingarkerfi á vegum Evrópska efnahagsvæðisins sem miðlar upplýsingum um skipaumferð og flutninga í þágu siglingaöryggis, hafnaöryggis og umhverfisverndar. Vaktstöðin móttekur og miðlar tilkynningum frá skipum, þar með talið tilkynningum um hættulegan farm, neyðarköll, farþegaskrár og bilanir í vitakerfinu. Áhersla hefur verið lögð á samþættingu upplýsingakerfa og rafrænnar tilkynningaskyldu í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins gagnvart EES og viðeigandi ESB gerða t.d. um skýrslugjöf skipa. Vaktstöðin vinnur að stöðugri þróun öryggis- og tilkynningakerfa og starfsemin stuðlar að skilvirkum og öruggum sjóflutningi. Hún tryggir samræmda framkvæmd alþjóðlegra og innlendra reglna og eykur hæfni stjórnvalda til að bregðast við breytingum.

**Leiðarmerki í siglingum, upplýsinga- og leiðsögukerfi**
Hlutverk Vegagerðarinnar er að sjá sjófarendum við Íslandsstrendur og á fiskimiðum við landið fyrir nauðsynlegumleiðbeiningum til öruggra siglinga. Vegagerðin annast gerð og rekstur leiðarmerkja í siglingum, hvort sem um ræðir búnað, kerfi eða þjónustu sem er hönnuð og starfrækt til að stuðla að öruggari og skilvirkari siglingu einstakra skipa og umferðar á sjó. Þetta felur meðal annars í sér rekstur á margvíslegum leiðarmerkjum fyrir siglingar. Til slíks búnaðar teljast vitar og önnur leiðarmerki, föst eða fljótandi, sem staðsett eru við strendur landsins og nefnast einu nafni landsvitakerfið. Vegagerðin veitir einnig tæknilega aðstoð og ráðgjöf við uppbyggingu hafnarvita og leiðarmerkja. Einnig er rekinn upplýsingavefurinn sjolag.is.Þar eru birtar veðurupplýsingar frá veðurstöðvum staðsettum í völdum vitum auk upplýsinga frá öldumælum fyrir sjólag frá 11 öldumælum sem staðsettir eru hringinn í kringum landið.

Viðhald og eftirlit Vegagerðarinnar með vitum landsins skiptist í rekstur raf- og ljósabúnaðar annars vegar og viðhald á vitabyggingum og leiðsöguvirkjum hins vegar. Nauðsynlegt er að viðhalda vel ytra byrði vita þar sem þeir eru notaðir sem dagmerki við siglingar og vitarnir margir hverjir á stöðum sem eru útsettir fyrir saltroki og vindum og miklu veðurálagi.

Flestir landsvitar voru heimsóttir á árinu til tækjaeftirlits á vitabúnaði, fyrirbyggjandi viðhaldi og endurnýjunar. Sinnt var almennu viðhaldi á siglingabaujum og þær þrifnar á sjó og rafhlöður endurnýjaðar í ljósduflum ásamt því sem legufæri og festur voru yfirfarnar. Veðurstöðvar í eyja- og skerjavitum voru einnig yfirfarnar. Þá sinntu starfsmenn Vegagerðarinnar eftirliti með tveimur vitum fyrir Faxaflóahafnir.

**Áhættumat siglinga**
Árið 2024 var unnið áhættumat siglinga vegna fyrirhugaðra fiskeldissvæða við Ísland í samráði við Samgöngustofu og Landhelgisgæsluna. Þá var unnið áfram að því að móta ferlið fyrir vinnslu og afgreiðslu áhættumats siglinga. Einnig var ráðgjöf veitt verkfræðistofum sem unnu að áhættumati siglinga, fyrir svæði sem ekki eru unnin hjá Vegagerðinni.



↑ Breiðafjarðarferjan Baldur í Flatey

# 3.3 Almenningssamgöngur

Gert var ráð fyrir 6.271 m.kr. fjárframlagi til þessa liðar á fjárlögum, en styrkur til málaflokksins er samkvæmt stefnu í almenningssamgöngum sem er hluti af tillögu að samgönguáætlun 2020-2034.

**Ferjur**

↓ Tafla 3 **Farþega- og ferðafjöldi ferja eftir árum tímabilið 2020 til 2024**

| | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 |
|---|---|---|---|---|---|
| Farþegafjöldi | 340.252 | 440.567 | 511.244 | 529.067 | 520.628 |
| Ferðafjöldi | 5.347 | 7.889 | 7.446 | 6.902 | 7.627 |

Heildarkostnaður á árinu 2024 var 2.283 m.kr. Fjöldi farþega með ferjum árið 2024 var rúmlega 520 þúsund sem er sambærilegur fjöldi og var árið 2023. Langflestir farþegar ferðast með Herjólfi eða rétt tæplega 430 þúsund. Hríseyjarferja og Breiðafjarðarferja koma næst á eftir. Meðfylgjandi tafla sýnir styrkveitingu hins opinbera eftir ferjuleiðum árið 2024.

Rekstraraðili Breiðafjarðarferjunnar Baldurs árið 2024 voru Sæferðir. Á árinu var rekstur ferjunnar boðinn út og þrjú tilboð bárust. Við árslok 2024 var ekki búið að ljúka samningum. Samningstími er til þriggja ára og er frá og með 1. júní 2025.

Vegagerðin sér um rekstur siglinga til Grímseyjar og Hríseyjar með eigin félagi, Almenningssamgöngur ehf.

↓ Tafla 4 **Kostnaður við ferjur**

| | Rekstrarstyrkur | Þurrleiga | Alls |
|---|---|---|---|
| Herjólfur IV | 818.585.444 | 208.040.904 | 610.544.540 |
| Baldur | 665.904.259 | 41.910.000 | 623.994.259 |
| Hrísey | 136.830.625 | | 136.830.625 |
| Grímsey | 284.114.974 | | 284.114.974 |
| Mjófjörður | 40.473.736 | | 40.473.736 |
| **Sameiginlegur** | **1.945.909.038** | **249.950.904** | **1.695.958.134** |

↓ Grafík 8 **Samanburður á farþegafjölda eftir ferjum og árum tímabilið 2020 til 2024**



**Landsamgöngur**
Heildarkostnaður almenningsvagna á landsbyggðinni á árinu var 1.717 m.kr. og fargjaldatekjur námu 489 m.kr. sem var óbreytt frá fyrra ári.

Samningur við verktaka var framlengdur fyrir fimm landshluta til ársloka 2025, þ.e. Suðurnes, Suðurland, Vestur- og Norðurland, Norður- og Norðausturland og Austfirði.

Á árinu hófst vinna við endurskoðun leiðarkerfis landsbyggðarvagna, en kerfið hefur verið óbreytt að mestu í 12 ár. Markmiðið var að byggja á núverandi leiðarkerfi og endurmeta akstursleiðir út frá þörfum samfélagsins. Stefnt er á að innleiða breytingar á leiðakerfinu þegar reksturinn verður boðinn út, en gildandi samningar renna út annars vegar 31. desember 2025 fyrir fjóra verkhluta, og hins vegar 31. desember 2026 fyrir fimmta verkhlutann.

Meðfylgjandi tafla sýnir kostnað við landsamgöngur á árinu 2024.

↓ Tafla 5 **Kostnaður við landsamgöngur**

| Svæði | Alls 2024 (kr.) |
|---|---:|
| Suðurland | 436.665.033 |
| Suðurnes | 319.528.578 |
| Vestur- og norðurland | 524.465.456 |
| Norður- og Norðausturland | 149.800.111 |
| Vestfirðir | 27.769.779 |
| Austfirðir | 108.295.652 |
| Sameiginlegur kostnaður | 38.093.519 |
| Stoppistöðvar | 1.559.821 |
| Strætó | 111.035.305 |
| **Alls** | **1.717.213.254** |

**Styrkir til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu**
Fjárframlag til þessa liðar var 906 m.kr. Með þessum styrk er áformað að byggja upp almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og tengingar við aðra landshluta.

Með tilkomu Borgarlínu og endurskoðun leiðakerfis á höfuðborgarsvæðinu verður að huga að tengingu landsbyggðarvagna við hið nýja kerfi.

**Styrkir til innanlandsflugs**
Heildarkostnaður á árinu var 891 m.kr. Helsta breyting á farþegafjölda var farþegafækkun í flugi til Hafnar þar sem að sætaframboð minnkaði úr 18 sætum á ferð niður í 9 sæti. Þá var töluverð farþegafjölgun í flugi til Vestmannaeyja sem skýrist að mestu af slæmu veðurfari árinu áður.

Ríkisstyrkt áætlunarflug var til sjö áfangastaða á árinu 2024. Um er að ræða flug frá Reykjavík til Bíldudals, Gjögurs og Hornafjarðar og frá Akureyri til Grímseyjar, Þórshafnar og Vopnafjarðar. Þá er flogið yfir þriggja mánaða tímabil til Vestmannaeyja, eða í desember, janúar og febrúar. Þá lauk tímabundnu flugi til Húsavíkur í febrúarlok.

↓ Tafla 6 **Kostnaður við innanlandsflug**

| Staður | Heildarkostnaður (kr.) | Námundað (m.kr. |
|---|---:|---:|
| Bíldudalur | 244.169.782 | 244 |
| Grímsey | 43.715.815 | 44 |
| Höfn | 337.360.799 | 337 |
| Vestmannaeyjar | 30.173.740 | 30 |
| Gjögur | 70.047.021 | 70 |
| Vopnafjörður/Þórshöf | 135.153.651 | 135 |
| Húsavík | 27.102.274 | 27 |
| Sameiginlegt | 3.934.255 | 4 |
| **Alls** | **891.657.337** | **891** |

**Loftbrú**
Loftbrú er greiðsluþátttaka íslenska ríkisins í flugfargjöldum íbúa sem eiga lögheimili á landsbyggðinni og veitir alls 40% afslátt af miðaverði á sex flugleggjum á ári til og frá Reykjavík.

Nýting á niðurgreiðslukerfi Loftbrúar árið 2024 var 716 m.kr. Sú nýbreytni átti sér stað að hægja tók á notkun Loftbrúar og var notkun óbreytt frá fyrra ári. Rekstrarkostnaður Loftbrúar jókst aftur á móti um rúm 7% milli ára.



↑ Ný ljósastýrð gönguþverun hjá Eiðsgranda. Myndir: Vilhelm Gunnarsson

↓ Grafík 9 **Fjöldi notenda Loftbrúar eftir mánuðum tímabilið 2022 til 2024**




↓ Grafík 10 **Fjöldi notenda Loftbrúar eftir mánuðum tímabilið 2022 til 2024**




↓ Grafík 11 **Hlutfall fargjaldatekna og farþegafjölda eftir árum á tímabilinu 2021 til 2024**





Hringtorg á mótum Arnarnesvegar og Reykjanesbrautar. Mynd: Vilhelm Gunnarsson

4. kafli

# Framkvæmdir og viðhald



# Framkvæmdir og viðhald

## 4.1 Nýframkvæmdir á vegakerfinu

**Fjárveitingar til framkvæmda á vegakerfinu**
Liðirnir viðhald og nýframkvæmdir hafa verið sameinaðir undir liðnum framkvæmdir á vegakerfinu. Við skiptingu framlagsins fengu nýframkvæmdir 13.430 m.kr. til ráðstöfunar.

**Nýframkvæmdir**
Í þessum kafla er sýnd skipting fjárveitinga á einstök verkefni, í kafla 7 er gerð grein fyrir einstökum vegaframkvæmdum, kostnaði og ráðstöfun fjárveitinga til þeirra og í kafla 8 er gerð grein fyrir einstökum hafnaframkvæmdum og framkvæmdum við sjóvarnir og ferjubryggjur. Hér að aftan er gerð grein fyrir kostnaði nýframkvæmda við nokkra málaflokka sem fá fjárveitingar af framkvæmdum á vegakerfinu.

**Girðingar**
Fjárveitingu var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum og reglugerðum um girðingar. Enn er mikið óunnið í þeim málaflokki. Kostnaður við girðingar á árinu 2024 nam 36 m.kr.

↓ Tafla 7 **Girðingar.**
**Stofnkostnaður eftir svæðum Vegagerðarinnar**

| Svæði | Kostnaður í m.kr. |
|---|---:|
| Suðursvæði | 8 |
| Vestursvæði | 16 |
| Norðursvæði | 2 |
| Austursvæði | 10 |
| **Samtals** | **36** |

**Landsvegir**
Fjárveiting til landsvega utan stofnvegakerfis var notuð til þjónustu, viðhalds, og endurbóta á 1.987 km landsvega utan stofnvegakerfis. Heildarkostnaður við landsvegi á árinu 2024 var rúmlega 151 m.kr.

↓ Tafla 8 **Landsvegir utan stofnvegakerfis.**
**Stofnkostnaður eftir svæðum Vegagerðarinnar**

| Svæði | Kostnaður í m.kr. |
|---|---:|
| Suðursvæði | 55 |
| Vestursvæði | 16 |
| Norðursvæði | 65 |
| Austursvæði | 15 |
| **Samtals** | **151** |

**Héraðsvegir**
Við gildistöku vegalaga nr. 80/2007 þann 1. janúar 2008 breyttist kostnaðarhlutdeild Vegagerðarinnar við lagningu nýrra héraðsvega á þann hátt að við lagningu nýs héraðsvegar að íbúðar- eða atvinnuhúsnæði skal skráður eigandi fasteignarinnar greiða helming kostnaðar við vegagerðina, þ.m.t. kaup á landi undir veginn, hönnun, byggingu vegarins og eftirlit með gerð hans, enda skal lega og gerð vegar ákveðin í samráði við hinn skráða eiganda fasteignarinnar. Nýir héraðsvegir (þá safnvegir) sem samþykktir voru fyrir gildistöku laganna eru þó greiddir að fullu af Vegagerðinni. Í samræmi við ofangreint greiddi Vegagerðin 88 m.kr. til stofnkostnaðar héraðsvega á árinu 2024 og skiptist sú greiðsla eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu.

↓ Tafla 9 **Héraðsvegir.**
**Stofnkostnaður eftir svæðum Vegagerðarinnar**

| Svæði | Kostnaður í m.kr. |
|---|---:|
| Suðursvæði | 49 |
| Vestursvæði | 6 |
| Norðursvæði | 30 |
| Austursvæði | 3 |
| **Samtals** | **88** |



↑ Reiðhjólamaður þverar Reykjanesbraut við Kauptún.

**Styrkvegir**
Í vegaáætlun er heimilt að ákveða fjárveitingu til að styrkja tilteknar samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega samkvæmt vegalögum. Kostnaður vegna styrkvega á árinu 2024 nam tæplega 99 m.kr.

↓ Tafla 10 **Styrkvegir.**
**Stofnkostnaður eftir svæðum Vegagerðarinnar**

| Svæði | Kostnaður í m.kr. |
|---|---|
| Sameiginlegur kostnaður | 1 |
| Suðursvæði | 25 |
| Vestursvæði | 39 |
| Norðursvæði | 23 |
| Austursvæði | 11 |
| **Samtals** | **99** |

**Reiðvegir**
Kostnaður við reiðvegi á árinu 2024 nam 102 m.kr. Fjárhæðinni var úthlutað til reiðvegagerðar á vegum hestamannafélaga á grundvelli áætlunar sem gerð var af Landssambandi hestamannafélaga.

↓ Tafla 11 **Reiðvegir.**
**Stofnkostnaður eftir svæðum Vegagerðarinnar**

| Svæði | Kostnaður í m.kr. |
|---|---|
| Sameiginlegur kostnaður | 8 |
| Suðursvæði | 48 |
| Vestursvæði | 11 |
| Norðursvæði | 28 |
| Austursvæði | 7 |
| **Samtals** | **102** |

↓ Grafík 12 **Fjárveitingar til nýframkvæmda vega á verðlagi ársins 2024.**



## ↓ Tafla 12 **Suðursvæði**

| Vegnr. | Kaflanr. | Vegheiti | Kaflaheiti | Fjárveitingar 2024 m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| | | Undirbúningur verka utan áætlunar | | 110 |
| 1 | | Hringvegur | | |
| | d2-d5 | | um Ölfusá | 174 |
| | d6 | | Biskupstungnabraut-Varmá | 176 |
| | | | **Samtals Suðursvæði** | **460** |

## ↓ Tafla 13 **Höfuðborgarsvæði**

| Vegnr. | Kaflanr. | Vegheiti | Kaflaheiti | Fjárveitingar 2024 m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| | | Undirbúningur verka utan áætlunar | | 110 |
| 1 | | Hringvegur | | |
| | e1-e2 | | Fossvellir-Hólmsá | 94 |
| | f5 | | um Kjalarnes | 67 |
| 41 | 15 | Reykjanesbraut | Krýsuvíkurvegur-Hvassahraun | 2.026 |
| 450 | | | Sundabraut, undirbúningur | 465 |
| | | | **Samtals Höfuðborgarsvæði** | **2.762** |

## ↓ Tafla 14 **Vestursvæði**

| Vegnr. | Kaflanr. | Vegheiti | Kaflaheiti | Fjárveitingar 2024 m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| | | Undirbúningur verka utan áætlunar | | 110 |
| 54 | 18-22 | Snæfellsnesvegur | Skógarströnd, ýmsir staðir | 213 |
| 60 | | Vestfjarðavegur | | |
| | 25-28 | | um Gufudalssveit | 1.068 |
| | 35-37 | | um Dynjandisheiði | 1.557 |
| | | | **Samtals Vestursvæði** | **2.948** |

## ↓ Tafla 15 **Norðursvæði**

| Vegnr. | Kaflanr. | Vegheiti | Kaflaheiti | Fjárveitingar 2024 m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| | | Undirbúningur verka utan áætlunar | | 109 |
| 73 | | Þverárfjallsvegur um Refasveit og | | |
| 74 | | Skagastrandarvegur um Laxá | | 109 |
| 85 | 27 | Norðausturvegur | Brekknaheiði | 20 |
| 842 | 01 | Bárðardalsvegur vestri | Hringvegur-Öxará | 26 |
| | | | **Samtals Norðursvæði** | **264** |

## ↓ Tafla 16 **Austursvæði**

| Vegnr. | Kaflanr. | Vegheiti | Kaflaheiti | Fjárveitingar 2024 m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| | | Undirbúningur verka utan áætlunar | | 109 |
| 1 | x6-x9 | Hringvegur | um Hornafjarðarfljót | 3.623 |
| | | | **Samtals Austursvæði** | **3.732** |

## ↓ Tafla 17 **Jarðgangaáætlun**

| Vegnr. | Kaflanr. | Vegheiti | Kaflaheiti | Fjárveitingar 2024 m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 793 | | Fljótagöng, undirbúningur | | 14 |
| 93 | | Seyðisfjarðarvegur | Fjarðarheiðargöng | 17 |
| | | | **Samtals jarðgangaáætlun** | **31** |

↓ Tafla 18 **Sameiginlegt og óskipt (fjárveitingar)**

| Sameiginlegt | Fjárveitingar 2024 m.kr. |
|---|---|
| Tengivegir, bundið slitlag | 2.200 |
| Breikkun brúa | 500 |
| Hjóla- og göngustígar | 300 |
| Stærri öryggisaðgerðir utan höfðuborgarsvæðis | 66 |
| Samgöngurannsóknir | 20 |
| Héraðsvegir | 110 |
| Landsvegir utan stofnvegakerfis | 160 |
| Styrkvegir | 100 |
| Reiðvegir | 100 |
| Smábrýr | 50 |
| Girðingar | 60 |
| Sameiginlegur jarðgangakostnaður | 10 |
| **Samtals sameiginlegt** | **3.676** |
| Stofnkostnaður inneignir | -443 |
| **Samtals nýframkvæmdir** | **13.430** |

**Nýframkvæmdir vega á samgönguáætlun 2024**

Þingsályktun um breytingu á fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024 var samþykkt á Alþingi 31. maí 2021. Í töflu fyrir nýframkvæmdir er þeim stillt upp á þann hátt að þær séu ófjármagnaðar um 1.500 m.kr. á ári miðað við fjármálaáætlun. Þetta átti við um árin 2022, 2023 og 2024.

Breytingin frá samþykktri samgönguáætlun 2020-2024 er sú að í stað 14.144 m.kr. í nýframkvæmdir þá voru til ráðstöfunar 13.430 m.kr. sem sýnt er hvernig skiptist í eftirfarandi töflum.

Í töflum 12 til 18 er sýnt hvernig fjárveiting var 2024.

Fjárveitingar með mínus þýða að fjárveiting frá fyrri árum er tekin af viðkomandi verki og flyst á önnur verk.




↑ Kringlumýrarbraut horft til norðurs.

# 4.2 Viðhald á vegakerfinu

Fjárveiting til viðhalds stofn-, tengi- og héraðsvega á árinu 2024 var 12.810 m.kr. Fluttar voru 600 m.kr. til reksturs jarðgangna.

Verkefni viðhaldsins skiptast í tíu meginflokka; viðhald bundinna slitlaga, viðhald malarvega, styrkingar og endurbætur, brýr og varnargarðar, umferðaröryggi, jarðgöng, vatnaskemmdir, viðhald girðinga, frágangur gamalla efnisnáma og minjar og saga.

Viðhald þjóðvegakerfisins felur í sér að varðveita þau verðmæti sem liggja bundin í vegakerfinu ásamt því að uppfylla gildandi reglur um burðarþol og vegbreiddir.

Í vegaskrá er heildarlengd þjóðvega 12.937 km og samkvæmt vegalögum er þjóðvegum skipt í fjóra flokka: stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi.

Í meðfylgjandi töflu má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun á árinu 2024.

**Efnisvinnsla**
Á hverju ári er boðin út vinnsla eða kaup á steinefni í malarslitlag, klæðingu og burðarlag vega, sem síðan er selt viðkomandi framkvæmdum. Nauðsynlegt er að til sé unnið steinefni á vorin þegar framkvæmdir hefjast og þá unnið eða keypt árið áður. Nokkrar sveiflur eru í kostnaði við efnisvinnslu milli ára. Á árinu 2024 var kostnaður við öflun efnis 241 m.kr. umfram sölu efnis.

**Viðhald bundinna slitlaga**
Stærsti kostnaðarliður í viðhaldi rennur til viðhalds bundinna slitlaga. Fjármagnið er notað til yfirlagna og viðgerða á tilfallandi skemmdum. Kostnaður við þennan málaflokk á árinu 2024 var 5.610 m.kr. Við ráðstöfun fjárins er mikilvægt að meta ástand eldri slitlaga og forgangsraða eftir aldri, skemmdum, hjólfaradýpt og umferðarmagni. Stærsti hluti bundinna slitlaga eru klæðingar, en malbik er notað í meira mæli á umferðarþyngri vegi og í og við þéttbýli.

Árlega er mikil vinna lögð í að ástandsmeta eldri slitlög og skrá þær upplýsingar í gagnagrunna Vegagerðarinnar til frekari úrvinnslu. Mjög mikilvægt er að allar upplýsingar um aldur og ástand bundinna slitlaga séu sem nákvæmastar og uppfærðar á hverju ári, með nýjustu upplýsingum um nýframkvæmdir og viðhald. Jafnframt þarf að endurskoða árlega kostnaðartölur um nýlagnir í klæðingum og malbiki. Nauðsynlegt er að uppfæra umferðartölur reglulega og skipta þeim niður á akreinar með sem bestri nákvæmni.

Allar upplýsingar um ástand slitlaga eru færðar yfir í viðhaldsstjórnunarforritið RoSy. Forritið er öflugt verkfæri sem hjálpar til við að reikna út hvaða vegarkafla, með tilliti til hagkvæmni, er best að ráðstafa viðhaldsfé til á komandi ári. Forritið reiknar auk þess út hvar ber að verja fé til fyrirbyggjandi viðhalds eða viðgerða áður en kemur að endurnýjun bundins slitlags.

Vegir með bundnu slitlagi eru samtals um 5.878 km og því er augljóst að viðhaldsstjórnunarforrit eins og RoSy er nauðsynlegt verkfæri til að aðstoða við að taka ákvarðanir um viðhald og endurnýjun á umfangsmiklu vegakerfi. Forritið reiknar einnig út allar kostnaðartölur á þeim aðgerðum sem það leggur til. Stór hluti forritsins er því línulegt bestunarlíkan sem reiknar hagkvæmni þess að ráðast í viðhald á viðkomandi vegarkafla strax, eða fresta aðgerðum fram til næstu ára. Að öllu jöfnu reiknar forritið til 12 ára, en Vegagerðin nýtir aðallega niðurstöður næstu 3ja ára.

↓ Tafla 19 **Vegakerfið sem Vegagerðin annast í viðhaldi**

| Svæði / vegflokkur | Höfuðborgarsvæði | Suðursvæði | Vestursvæði | Norðursvæði | Austursvæði | Samtals (km) | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stofnvegir | 140 | 906 | 1.318 | 1.177 | 802 | 4.343 | 34% |
| Tengivegir | 65 | 913 | 920 | 1.088 | 527 | 3.512 | 27% |
| Héraðsvegir | 38 | 671 | 723 | 841 | 341 | 2.614 | 20% |
| Landsvegir | | 580 | 254 | 681 | 472 | 1.987 | 15% |
| Stofnvegir um hálendi | | 276 | 40 | 164 | | 480 | 4% |
| **Samtals km** | **243** | **3.346** | **3.254** | **3.951** | **2.142** | **12.937** | **100%** |

↓ Tafla 20 **Skipting viðhaldskostnaðar árið 2024**

| Svæði / Útgjaldaliður | Sameiginlegt | Suðursvæði | Vestursvæði | Norðursvæði | Austursvæði | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Efnisvinnsla | 0 | -126 | 181 | 170 | 15 | 241 |
| Frágangur gamalla efnisnáma | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Bundin slitlög | 171 | 2.748 | 1.212 | 1.064 | 415 | 5.610 |
| Malarslitlög | 14 | 260 | 357 | 456 | 182 | 1.269 |
| Viðhald hliðarsvæða | 3 | 0 | 1 | 1 | 5 | 11 |
| Viðhald ljósastaura | 1 | 46 | 1 | 1 | 0 | 49 |
| Styrkingar endurbætur | 26 | 664 | 616 | 228 | 304 | 1.838 |
| Brýr og varnargarðar | 106 | 659 | 153 | 106 | 46 | 1.071 |
| Veggöng | 11 | 35 | 22 | 38 | 210 | 316 |
| Öryggisaðgerðir | 50 | 127 | 111 | 88 | 32 | 408 |
| Vatnaskemmdir | 0 | 67 | 182 | 89 | 49 | 386 |
| Viðhald girðinga | 4 | 28 | 45 | 98 | 11 | 186 |
| Minjar og saga | 6 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6 |
| **Samtals** | **393** | **4.508** | **2.882** | **2.338** | **1.270** | **11.390** |

↓ Grafík 13 **Kostnaður við viðhald þjóðvega á verðlagi 2024**




↓ Grafík 14 **Fjárveiting til viðhalds þjóðvega á verðlagi 2024**




↓ Grafík 15 **Nýlagnir af bundnu slitlagi á ári**



Markmiðið með þessari aðferðarfræði er að nýta þá fjármuni sem lagðir eru til viðhalds bundinna slitlaga á hagkvæman og skilvirkan hátt og ná jafnframt fram auknum aðgerðum innan fjárheimilda málaflokksins. Þrátt fyrir takmarkað fjármagn á undanförnum árum hefur árangurinn verið góður, þar sem mun meiri skilningur er nú fyrir hendi á að ávallt er arðsamt til lengri tíma að veita fjármagni til viðhalds samgöngumannvirkja.

↓ Tafla 21 **Viðhald bundinna slitlaga 2023**

| Svæði | m.kr. |
|---|---|
| Suðursvæði | 2.748 |
| Vestursvæði | 1.212 |
| Norðursvæði | 1.064 |
| Austursvæði | 415 |
| Sameiginlegt | 171 |
| **Heildarkostnaður** | **5.610** |

### Viðhald malarvega

Fjárheimild til viðhalds malarvega er notuð til endurnýjunar og viðgerða malarslitlaga, heflunar og rykbindingar. Um er að ræða ný malarslitlög og endurnýjun á eldri slitlögum. Kostnaður við viðhald malarvega á árinu 2024 var 1.269 m.kr.

### Styrkingar og endurbætur

Fjárheimildum er varið til styrkinga og endurbóta á vegum með bundnu slitlagi og malarvegum. Ljóst er að á næstu árum verður nauðsynlegt að ráðast í meira mæli í styrkingu vegakerfisins þar sem endurnýjun þess og viðhald er langt undir þörfum. Vegir landsins eru margir komnir til ára sinna og aldur þeirra almennt kominn fram yfir hannaðan líftíma.

### Helstu verkefni svæða

#### Suðursvæði

Hringvegur 1-a6 frá veðurstöð í austri að Litla Bresti í vestri var endurmótaður og styrktur á 4,9 km kafla sem var ósléttur og kantar orðnir lélegir. Vegkaflinn var fræstur upp og styrktarlagi keyrt í kanta til að breikka veginn í 8,0 m. Hann var réttur af, styrktur með burðarlagi og síðan var tvöfalt lag klæðingar lagt á veginn. Á Laugarvatnsvegi 36-01 var malbikaður um 3,8 km kafli frá hringtorgi við Laugarvatn að Lækjarhvammi. Holufyllt var í gömlu klæðinguna áður en malbikað var yfir.

Einnig voru sjö kaflar á svæðinu þurrfræstir og styrktir og að lokum klæddir. Um er að ræða tvo kafla á Hringvegi 1-c8 og 1-d1, tvo kafla á Biskupstungnabraut 35-09 og 35-11, Hvalfjarðarveg 47-02, Króksveg 2930-01 og Auðholtsveg 340-01. Allmörg fleiri smærri verk voru einnig unnin á svæðinu.

Heildarkostnaður svæðis til styrkinga árið 2024 var 664 m.kr.

#### Vestursvæði

Stærsta verkefnið í ár var styrkingar á Vestfjarðavegi (60). Tekinn var 3 km kafli á Vestfjarðavegi 60-03 í Dalasýslu þar sem slitlag og burðarlag var fræst og keyrt í hann nýju burðarlagsefni áður en hann var sementsfestur og klæddur tvöfaldri klæðingu. Samhliða fræsingu var hæðarlega jöfnuð og þverhalli vegarins réttur af. Einnig voru teknir 11 mislangir vegbútar á Vestfjarðavegi 60-23, eða alls um 8 km, og þurrfræstir, burðarlagi keyrt í þá og þeir klæddir á ný. Á Vestfjarðavegi 60-09 var slitlag og burðarlag fræst, nýju burðarlagsefni var keyrt í veginn og hann síðan klæddur tvöföldu lagi.

Á Bíldudalsvegi 63-02 voru eftirstandandi verk frá fyrra ári unnin 2024. Vegrásir voru hreinsaðar, víravegrið sett upp, sem og almennur frágangur frá styrkingarverkefni. Einnig héldu framkvæmdir áfram á Borgarbraut 531-01 frá 2023 þar sem unnið var að endurnýjun á hitaveitu og vatnslögnum ásamt endurnýjun yfirborðs götu og gangstíga á um 550 m kafla. Á Snæfellsnesvegi 54-04 voru veikir blettir fræstir upp og styrktir.

Þónokkur smærri verk voru unnin á svæðinu. Á Djúpvegi 61-30 var efni keyrt í axlir og þær styrktar. Einnig var farið í viðgerðir á vatnaskemmdum þar sem brim hafði tekið rofvörn. Á Dragavegi 520-01 voru veikir blettir á veginum heflaðir og styrktir, á Reykhólasveitavegi 607-01 voru 8 stuttir kaflar á veginum fræstir, keyrt í þá nýju styrktarefni og klæddir einu lagi yfir. Allmörg fleiri smærri verk voru unnin á svæðinu en þar er um að ræða aðgerðir eins og lyfting á vegi, rásun og hreinsun vegkanta.

Heildarkostnaður svæðis til styrkinga árið 2024 var 616 m.kr.

#### Norðursvæði

Aðaldalsvegur 845-01 frá Hringvegi að Staðarbraut og kafli 845-02 frá Staðarbraut að Norðausturvegi var fræstur og réttur af, auk þess sem burðarlag í veginum var aukið og styrkt og vegurinn síðan klæddur. Hegranesvegur 764-01 var styrktur og endurmótaður. Ólafsfjarðarvegur 87-01 var einnig styrktur og endurmótaður á um 7,3 km kafla. Á Grenivíkurvegi 83 voru unnar viðgerðir og afréttingar á köflum (01, 02, 03, 04) milli Hringvegar og Grenivíkur. Heildarlengd var samtals tæpur 1 km. Kaflarnir voru fræstir, keyrt var í þá burðarlagsefni og tvöföld klæðing lögð yfir.

Á Svínvetningabraut 731-03, milli Kjalvegar og Hringvegar, voru viðgerðir víðsvegar á veginum, efni var mokað úr vegi og burðarlagsefni sett í staðinn og síðan klætt yfir. Árholtsvegur 8507-01 milli Grenivíkurvegar og Árholts var endurmótaður, hann styrktur og síðan klæddur. Á Kísilvegi 87-01 frá Hringvegi að veðurstöð var gert við áður fræstan og yfirlagðan kafla.

Mikið var um smærri verk og styrkingar á Norðursvæði, eins og styrkingar á heimreiðum, viðgerðir á ræsum og viðgerðir vegna fokskemmda.

Heildarkostnaður svæðis til styrkingar árið 2024 var 228 m.kr.



Unnið að nýjum undirgöngum undir Breiðholtsbraut í tengslum við framkvæmdir á nýjum Arnarnesvegi.
Mynd: Vilhelm Gunnarsson

**Austursvæði**
Hringvegur við Hornafjarðarfljót 1-x8 og 1-x9 var fræstur, réttur af, burðarlagi bætt við og síðan var vegurinn klæddur á um 2,2 km kafla. Hringvegur, Jökuldal, vegkaflar 1-s7, 1-s8 og 1-s9 voru allir fræstir, réttir af, burðarlagi bætt við og síðan klætt yfir. Um er að ræða 3,7 km kafla á 1-s7, um 3,8 km kafla á 1-s8 og 8,7 km kafla á 1-s9. Sömu framkvæmdir fóru fram á um 1 km kafla á Hringvegi, við Breiðdalsvík 1-u8 og á 3 km kafla á Hringveginum við Smyrlabjörg 1-yo. Á Borgarfjarðarvegi, Njarðvíkurskriðum 94-07 og 94-08, voru vegrásir lagaðar og settir Deltablock steinar til varnar hruni á veg í skriðum. Skriðdals- og Breiðdalsvegur 95-01 var fræstur upp og þar var bætt við burðarlagi auk nýrrar klæðingar á um 0,7 km kafla. Á Oddskarðsvegi 9519-01 var vegrið lagað við Skíðamiðstöð og sig á veginum lagað.

Unnið var við lagfæringar á Djúpavogsvegi 98-02 í samvinnu við Múlaþing og að sama skapi var Norðurdalur í Fljótsdal 9340-1 styrktur og klæddur í samvinnu við Fljótsdalshrepp. Á Norðurdalsvegi 962-01 var ræsi endurnýjað og vegrásir lagaðar. Allmörg fleiri smærri verk voru einnig unnin á svæðinu.

Heildarkostnaður svæðis til styrkinga árið 2024 var 304 m.kr.

↓ Tafla 22 **Styrkingar og endurbætur 2024**

| Svæði | m.kr. |
|---|---:|
| Suðursvæði | 664 |
| Vestursvæði | 616 |
| Norðursvæði | 228 |
| Austursvæði | 304 |
| Sameiginlegt | 26 |
| **Heildarkostnaður** | **1.838** |

**Brýr og varnargarðar**
Heildarkostnaður vegna viðhalds brúa og varnargarða á árinu 2024 var alls rúmlega 1.070 m.kr. Unnið var við yfir 70 stór og smá viðhaldsverkefni víðs vegar um landið. Stærsta verkefnið fólst í viðhaldi mannvirkja á skilavegi Höfðabakkavegi 49 þar sem unnið var við steypuviðgerðir og styrkingar á vegriðum í og yfir 4 undirgöngum, miklar endurbætur voru gerðar á brú yfir Elliðaár, þar sem legur voru endurnýjaðar, kantur endursteyptur, steypt var framan á stöpla ásamt því að skipt var um þensluraufar og vegrið austanmegin endurnýjuð. Einnig var farið ísteypuviðgerðir og endurnýjun þensluraufa á Gullinbrú, en þar var ónýt klæðning einnig fjarlægð. Önnur stór viðhaldsverkefni sem vert er að nefna er endurnýjun yfirbyggingar á Hjaltadalsá hjá Laufskálum, endursteypa akbrautar á Laxá í Leirársveit og steypuviðgerðir á brú yfir Ytri-Rangá. Einnig var skipt um yfirbyggingu á Skammdalsá á leiðinni yfir í Viðfjörð.

Fjórar einbreiðar smábrýr voru rifnar og settar í ræsifyrir um 60 m.kr. Um 50 milljónum var varið til lagfæringa og endurbóta á varnargörðum og rofvörnum brúa en þar ber helst að nefna grjótvarnir við Gígjukvísl.

Kostnaður vegna innkaupa, lagfæringa og endurbóta á vegriðum var um 100 milljónir en þar af fóru 60 m.kr. í útskipti á vegriðum yfir tvær brýr á Reykjanesbraut yfir Fífuhvammsveg þar sem eldri vegriðum var skipt út fyrir ný vottuð Sicurovegrið en það verkefni var hluti af vegriðsátaki.

Einnig var farið í ýmiss konar smærri viðhaldsaðgerðir, s.s. endurnýjun slitgólfa, útskipti á þensluraufum og steypuviðgerðir.

Óbeinn kostnaður vegna viðhalds brúa og varnagarða var um 106 m.kr. og er að mestu til kominn vegna vinnu við umsjón og eftirlit með eignasafninu þar sem helstu verkþættir eru; verkefnastjórnun, skráningar, brúarskoðanir, mælingar, undirbúningur og eftirlit. Þar lendir einnig kostnaður vegna Viðlagatryggingar sem er lögbundin trygging fyrir allar brýr sem eru lengri en 50 m.

Þá tekur Vegagerðin þátt í rekstri nokkurra vatnshæðarmæla sem Veðurstofa Íslands rekur til að fylgjast með rennsli vatnsfalla og flóðum. Kostnaður við þann lið var um 13 m.kr. Kostnaður vegna Neyðarbrúar var einnig undir þessum lið en auk þess fóru 20 milljónir í endurnýjun á tölvukerfum þar sem eldra skoðanakerfi var lagt niður og sett í gagnagrunn og nýtt brúarskoðunarkerfi innleitt.

**Jarðgöng**
Fjárheimildir til viðhalds vegganga voru 488 m.kr árið 2024. Á vegakerfinu í dag eru 12 jarðgöng sem alls eru 65 km að lengd. Jarðgöng sem falla undir þennan kostnaðarlið eru um 57 km.

Umfangsmesta viðhaldsverkefnið á árinu 2024 var uppfærsla og endurnýjun á búnaði Almannaskarðsganga. Þetta var síðari hluti verkefnis til að uppfylla kröfur sem gerðar eru til jarðganga á þjóðvegi af ESA. Sú framkvæmd kostaði 157 m.kr.Aðrar viðhaldsframkvæmdir voru m.a. endurnýjun á loftlýsingu í Strákagöngum, endurnýjun á varaafli í Húsavíkurhöfða og endurnýjun á stýrivélum í Hvalfjarðargöngum.

Heildarkostnaður viðhaldverkefna í jarðgöngum 2024 var 315 m.kr.

**Vatnaskemmdir og ófyrirséð verkefni**
Fjárheimildinni er ætlað að mæta kostnaði við óvæntar skemmdir á vegakerfinu, svo sem vegna vatnavaxta eða annarra náttúruhamfara, ásamt kostnaði við að koma í veg fyrir slíkar skemmdir og önnur ófyrirséð verkefni. Heildarkostnaður vegna skemmda á vegakerfinu á árinu 2024 var 386 m.kr.

**Viðhald girðinga**
Samkvæmt 52. gr. vegalaga nr. 80/2007 greiðist viðhaldskostnaður girðinga meðfram stofn- og tengivegum að jöfnu af veghaldara og landeiganda. Auk þess getur Vegagerðin að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélög ákveðið að kosta viðhald girðinga meðfram einstökum köflum stofn- og tengivega, enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafla bönnuð. Nánari útfærsla á framkvæmd laganna er skilgreind í reglugerð nr. 930/2012 um girðingar meðfram vegum. Kostnaður Vegagerðarinnar á árinu 2024 vegna viðhalds girðinga var 186 m.kr.

**Frágangur gamalla efnisnáma**
Árið 2004 var gerð langtímaáætlun um frágang á 900 gömlum efnisnámum. Í dag er búið að ganga frá 645 námum og eru þá eftir 235 námur sem eru ýmist ófrágengnar eða hálffrágengnar en meira en helmingur þeirra er á ábyrgð annarra en Vegagerðarinnar. Undanfarin tvö ár hafa engar fjárveitingar farið í þennan málaflokk.

# 4.3 Nýframkvæmdir – vitar og hafnir

Framlag til vitabygginga var samkvæmt fjárlögum 20 m.kr., til sjóvarnagarða 150 m.kr. og til dýpkunar innsiglingar að Höfn í Hornafirði 250 m.kr. Þar að auki var framlag til ferjubryggja 8 m.kr. og hafna- og strandrannsókna 70 m.kr. og skipa til ferjusiglinga 10 m.kr. á árinu. Mismunur fjárveitinga í fjárlögum og samgönguáætlun var 78 m.kr. Flutt frá fyrri árum var 780 m.kr. á árinu og í fjáraukalögum voru 200 m.kr. færðar á viðfangið 620 vitar og hafnir vegna kaupa á Breiðafjarðarferju þar sem kaupin fóru í gegnum viðfang 620.

↓ Tafla 23 **Framkvæmdir við vita og hafnir**

| Verkefni | Fjárveitingar 2024 m.kr. |
|---|---|
| Vitabyggingar | 20 |
| Sjóvarnagarðar | 150 |
| Innsigling að Höfn í Hornafirði | 250 |
| Ferjubryggjur | 8 |
| Hafna- og strandrannsóknir | 70 |
| Skip til ferjusiglinga | 10 |
| Millifært af Botndælubúnaði 682 | 2 |
| Mismunur fjárlaga og samgönguáætlunar | -78 |
| **Samtals framkvæmdir vitar og hafnir** | **432** |
| Fjáraukalög 2024 | 200 |
| Flutt frá fyrra ári | -780 |
| **Heildarfjárheimild framkvæmdir vitar og hafnir** | **-148** |



↑ Álfsnes við dýpkun í Landeyjahöfn.

# Helstu nýframkvæmda-verkefni ársins 2024

Fjölmörg framkvæmdaverkefni hófust og stóðu yfir árið 2024. Hér verður farið yfir helstu upplýsingar um nokkur af stærri framkvæmdaverkum ársins.



**↑ Tvær brýr yfir Fjarðarhornsá og Skálmardalsá**
Verkið Vestfjarðavegur (60) um Fjarðarhornsá og Skálmardalsá felst í nýlagningu og endurbyggingu Vestfjarðavegar á tveimur aðskildum köflum, sitthvorumegin við fjallveginn Klettsháls eða samtals um tveir kílómetrar. Innifalið í verkinu er bygging tveggja steinsteyptra, eftirspenntra, plötubrúa í tveimur höfum yfir Fjarðarhornsá og yfir Skálmardalsá. Brýrnar tvær verða mjög áþekkar. Báðar verða 34 metra langar með 9 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum kantbitum. Slitlag brúnna verður úr hástyrkleikasteypu. Vegagerðin er að mestu nýlagning með tengingu frá núverandi vegstæði að nýjum brúarstæðum og færslu á afleggjurum. Verkið í heild á að klárast í desember 2025. Verktaki: VBF Mjölnir ehf.



**↑ Landfyllingar og sjóvarnir vegna Fossvogsbrúar**
Vegagerðin bauð út gerð landfyllinga og sjóvarna vegna nýbyggingar brúar yfir Fossvog fyrir hönd Betri samgangna. Verkið er hluti af 1. lotu Borgarlínu og uppbyggingu fyrir þróunarsvæði í Skerjafirði. Gera skal landfyllingar báðum megin Fossvogs.
Á Kársnesi felur verkið í sér gerð um 0,3 hektara landfyllingar utan við núverandi strandlínu með 220 m af nýrri sjóvörn ásamt um 0,4 hektara fyllingum á landi. Reykjavíkurmegin felur verkið í sér gerð um 2 hektara landfyllingar og 740 metra langra sjóvarna utan við núverandi strandlínu frá Skerjafirði í norðvestri að Kýrhamri í norðaustri. Verkið er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar. Verktaki: Grafa og grjót ehf.





**↑ Hringvegur (1) um Hornafjörð**
Framkvæmdir við verkið Hringvegur (1) um Hornafjörð voru í fullum gangi árið 2024. Um er að ræða nýja legu Hringvegarins um Hornafjarðarfljót sem mun stytta núverandi Hringveg um 12 km. Framkvæmdin felur í sér lagningu 19 km langs þjóðvegar og 9 km af hliðarvegum, byggingu fjögurra tvíbreiðra brúa auk tveggja áningarstaða. Verktaki: Ístak







**← Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði**
Framkvæmdum við annan áfanga Vestfjarðavegar (60) um Dynjandisheiði lauk í byrjun september 2024 en verkið hófst í október 2022. Verkið snerist um nýbyggingu Vestfjarðavegar á um 13 km kafla. Framkvæmdin náði frá Norðdalsá, norðan Bíldudalsgatnamóta, og lá um hæstu hluta Dynjandisheiðar og norður fyrir sýslumörk. Vegurinn var að mestu leyti byggður í nýju vegstæði en að hluta til í eldra vegstæði. Inni í verkinu var einnig gerð námuvegar að námu í Trölladal og gerð tveggja áningarstaða. Verktaki: Suðurverk.

**↓ Endurbygging Karlseyjarbryggju í Reykhólahreppi**
Endurbygging gömlu Karlseyjarbryggjunnar í Reykhólahreppi reyndist mun flóknara verkefni en upphaflega var áætlað vegna hruns gömlu bryggjunnar á framkvæmdatíma. Gamla stálþilið lagðist ofan í þilskurð og olli ófyrirséðum töfum. Verkið bar heitið: Reykhólahreppur – Karlsey, endurbygging stálþils 2022. Verkkaupi var hafnarstjórn Reykhólahrepps en Vegagerðin hafði umsjón með framkvæmdinni. Verktaki: Borgarverk ehf.

**→ Uppbygging í Þorlákshöfn**
Á árinu var unnið að tveimur verkum. Þorlákshöfn: Endurbygging Suðurvararbryggju. Boðin var út vinna við rekstur á stálþilsbryggju við Suðurvararbryggju sumarið 2023. Um er að ræða rekstur á 129 plötum ásamt steyptum kanti og tveimur stormpollum. Verktaki hóf vinnu í október 2023 og stálþilsrekstur í nóvember sama ár. Ljóst var í lok árs að þilrekstur mundi tefjast þar sem stálþilsskurður var ekki tilbúinn eins og ætlunin var og rekstur fór því fram 2024. Verktaki: Hagtak ehf. Þorlákshöfn: Suðurvarargarður, lenging um 200 m. Á árinu var áfram unnið að lengingu garðsins. Grjótvarnarefni var tekið úr námu sem varð til vegna landmótunar Landeldis sem er um 5 km frá verkstað sem gerði verkefnið hagstætt fyrir báða aðila. Verktaki: Suðurverk hf.











**↑ Hringvegur (1) um Ölfus**
Verkið snýst um færslu Hringvegar (1) út fyrir þéttbýlið á Selfossi. Helstu verkþættir eru nýbygging 3,7 km Hringvegar, bygging nýrrar 330 m langrar stagbrúar yfir Ölfusá og um 1 km af öðrum tveggja akreina vegum. Gerð verða ný vegamót við Hringveg austan Selfoss, undirgöng undir Hringveg fyrir gangandi, hjólandi og hestamenn ásamt undirgöngum fyrir bíla og gangandi. Auk umferðar mun brúin bera uppi lagnir veituaðila, rafmagn, ljósleiðara, heitt vatn og kalt. Verktaki: ÞG Verk.

**→ Reykjanesbraut (41), Krýsuvíkurvegur-Hvassahraun**
Unnið var að breikkun Reykjanesbrautar (41) í Hafnafirði, frá Krýsuvíkurvegi að enda fjögurra akreina brautarinnar á Hrauni vestan Straumsvíkur. Lengd vegkaflans er um 5,6 km og er þetta eini kaflinn á Reykjanesbraut, frá Ásbraut í Hafnarfirði að Njarðvík, sem ekki hefur verið breikkaður. Vegurinn verður breikkaður í 2+2 aðskildar akreinar, mislægum vegamótum við álverið í Straumsvík breytt og útbúnar vegtengingar að Straumi og Álhellu. Byggð verða mislæg vegamót við Rauðamel og útbúin vegtenging að Straumsvíkurhöfn og dælu- og hreinsistöð austan Straumsvíkur með undirgöngum. Einnig verða byggð undirgöng fyrir gangandi og hjólandi rétt austan við álverið sem og eftirlitsstaðir fyrir umferðareftirlit beggja megin Reykjanesbrautar, austan við Straumsvík. Fimm brúarmannvirki/undirgöng auk undirganga úr stáli eru hluti af verkinu. Verktaki: ÍAV.





**← Arnarnesvegur (411), Rjúpnavegur - Breiðholtsbraut**
Nýbygging Arnarnesvegar á 1,9 km kafla milli Rjúpnavegar og Breiðholtsbrautar, þriðji áfangi. Auk vegagerðarinnar verður byggð akstursbrú yfir Breiðholtsbraut með aðskildum göngu- og hjólastíg. Byggð verður göngu- og hjólabrú yfir Arnarnesveg sem tengir stofnstíga milli Reykjavíkur og Kópavogs. Undirgöng verða gerð undir Breiðholtsbraut við Suðurfell / Jaðarsel og önnur undir Arnarnesveg við Rjúpnaveg. Hringtorg verða á mótum Arnarnesvegar og Rjúpnavegar og einnig á mótum Arnarnesvegar og Vatnsendavegar. Stígur fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur verður lagður frá Rjúpnavegi yfir í Elliðaárdal og byggð göngu- og hjólabrú yfir Dimmu. Verktaki: Suðurverk hf. og Loftorka Reykjavík ehf.




Mikilvægt er að auka öryggi starfsfólks á framkvæmdasvæðum, sér í lagi þar sem umferð er þung.

5. kafli

# Umferð og umferðaröryggi



# Umferð og umferðaröryggi

## 5.1 Umferð

Vegagerðin fylgist grannt með þróun umferðar á þjóðvegum (stofn-, tengi- og landsvegum) og byggja flest verkefni stofnunarinnar að einhverju leyti á umferðartölum. Þar má nefna hönnun vega og brúa, mat á umhverfisáhrifum, arðsemisreikninga, skiptingu fjárveitinga til þjónustu og viðhalds og forgangsröðun verkefna. Reiknuð er svonefnd ársdagsumferð (ÁDU) þ. e. meðalumferð á dag yfir árið en einnig sumardagsumferð (SDU) þ.e. meðalumferð á dag mánuðina júní-september og vetrardagsumferð (VDU) þ.e. meðalumferð í janúar-mars og desember. Með því að margfalda ársdagsumferð með lengd vegarkafla og fjölda daga í ári má svo reikna akstur um vegarkaflann á viðkomandi ári.

Heildarakstur á þjóðvegakerfinu (stofn-, tengi- og landsvegir) árið 2024 var um 3.236 milljón eknir km og hafði aukist um 1,70% frá árinu áður. Þróun vísitölu heildaraksturs á þjóðvegum á tímabilinu 2000-2024 má sjá á meðfylgjandi línuriti. Á línuritinu má sjá hina miklu umferðaraukningu sem varð á tímabilinu 2015-2018, m.a. í kjölfar fjölgunar ferðamanna. Samdráttur í umferð í kjölfar heimsfaraldurs kemur einnig skýrt fram sem og aukning að honum loknum.

↓ Grafík 16 **Vísitala heildaraksturs á þjóðvegum 2000-2024**



↓ Grafík 17 **Hlutfallsleg skipting aksturs milli svæða Vegagerðarinnar árið 2024**
Hlutfallslega skiptingu aksturs á þjóðvegum eftir svæðum Vegagerðarinnar árið 2024 má sjá á skífuriti hér á síðunni. Mest er ekið á Höfuðborgarsvæði og Suðursvæði.




↓ Grafík 18 **Breyting á akstri innan svæða Vegagerðarinnar á tímabilinu 2022-2024**
Breytingu á akstri innan svæða Vegagerðarinnar á tímabilinu 2022-2024 er gerð skil í súluriti hér í kaflanum. Á milli áranna 2023 og 2024 jókst umferð um tæp 4,9% á Höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar og um tæp 2,3% á Austursvæði en lítil breyting varð í akstri á öðrum svæðum.




↓ Grafík 19 **Akstur á þjóðvegum 2024, skipting milli dreifbýlis og þéttbýlis**
Skipting aksturs á þjóðvegum 2024 á milli þéttbýlis og dreifbýlis sést á meðfylgjandi skífuriti. Sjá má að rúmlega 63% aksturs á þjóðvegum fara fram í dreifbýli.



## 5.2 Umferðaröryggi

Vegagerðin fær gögn um umferðarslys frá Samgöngustofu og vinnur áfram með þau. M.a. birtir stofnunin árlega upplýsingar um slysatíðni á þjóðvegum en með slysatíðni er átt við fjölda slysa á milljón ekna km. Slys skiptast í banaslys, slys með miklum meiðslum á fólki, slys með litlum meiðslum á fólki og slys án meiðsla á fólki og er hvert slys flokkað eftir alvarlegustu afleiðingum þess.

Grafík 20 sýnir þróun á tíðni slysa með meiðslum á tímabilinu 2015-2024 fyrir þjóðvegi í dreifbýli, þjóðvegi á höfuðborgarsvæðinu og þjóðvegi í þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins.

Framan af tímabilinu var tíðni slysa með meiðslum heldur minni á þjóðvegum á höfuðborgarsvæðinu en á þjóðvegum í dreifbýli en síðustu ár hefur munurinn minnkað og tíðni slysa með meiðslum verið nánast sú sama á þjóðvegum á höfuðborgarsvæðinu og á þjóðvegum í dreifbýli. Árið 2024 var tíðni slysa með meiðslum á höfuðborgarsvæðinu þó aðeins hærri en árið áður á meðan hún lækkaði örlítið á þjóðvegum í dreifbýli. Tíðni slysa með meiðslum á þjóðvegum sem liggja um þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins er hærri en fyrir fyrrnefndu hópana sem gæti bent til þess að ökumenn dragi ekki sem skyldi úr hraða þegar ekið er í gegnum þéttbýlisstaði á landsbyggðinni.

Grafík 21 sýnir þróun á tíðni banaslysa og slysa með miklum meiðslum á fólki fyrir þjóðvegi í dreifbýli og þjóðvegi á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu 2015-2024. Ekki er birt slysatíðni fyrir þjóðvegi í þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins þar eð slys af þessum alvarleika eru mjög fá.

Línuritið sýnir greinilegan mun á þjóðvegum í dreifbýli og þjóðvegum á höfuðborgarsvæðinu sem kemur ekki á óvart þar sem leyfilegur hámarkshraði er hærri í dreifbýli en því hærri sem ökuhraði er þeim mun meiri líkur eru á því að slys verði alvarleg.

Grafík 22 sýnir hlutfallslega skiptingu banaslysa og slysa með miklum meiðslum á þjóðvegum í dreifbýli eftir tegundum á tímabilinu 2020-2024.

Á súluritinu má sjá að rúmlega 42% alvarlegustu slysanna sem verða á þjóðvegum í dreifbýli verða við útafakstur. Þetta er ástæðan fyrir því að stór hluti umferðaröryggisaðgerða Vegagerðarinnar snýr að því að lagfæra umhverfi vega og/eða setja upp vegrið.

Árlega fer tiltekinn hluti viðhaldsfjárveitinga til umferðaröryggisaðgerða og annarra verkefna sem tengjast umferðaröryggi.

Á árinu 2024 var unnið að lagfæringum á um 80 stöðum skv. samþykktum verkefnalistum, en sum þeirra verkefna

↓ Grafík 20 **Þróun á tíðni slysa með meiðslum**
Þróun tíðni slysa með meiðslum á tímabilinu 2015-2024 fyrir þjóðvegi í dreifbýli, þjóðvegi á höfuðborgarsvæðinu og þjóðvegi í þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins.




↓ Grafík 21 **Þróun á tíðni banaslysa og slysa með miklum meiðslum**
Þróun tíðni banaslysa og slysa með miklum meiðslum á fólki fyrir þjóðvegi í dreifbýli og þjóðvegi á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu 2015-2024.



↓ Grafík 22 **Hlutfallsleg skipting banaslysa og slysa með miklum meiðslum**
Hlutfallsleg skipting banaslysa og slysa með miklum meiðslum á þjóðvegum í dreifbýli eftir tegundum á tímabilinu 2020-2024.







↑ Þungatakmarkanir eru á nokkrum brúm landsins sem komnar eru til ára sinna.

voru þó ekki á upphaflegum samþykktarlista og af framkvæmdum sumra þeirra gat ekki orðið af ýmsum ástæðum. Verkefnin hafa verið flokkuð niður eftir eðli aðgerðar, en sum þeirra renna nokkuð saman því að margt kann að vera gert í einni framkvæmd. T.d. kann í einni framkvæmd að vera ekið með efni í vegfláana ásamt uppsetningu vegriða og merkingar bættar að auki, og í annarri framkvæmd sett hjárein á vegamót en þau einnig lýst eða umhverfið lagað.

Á rúmlega 20 stöðum var unnið að lagfæringum á öryggissvæði vegar, m.a. með því að lengja ræsi, lagfæra vegfláa, þ.e. gera þá meira aflíðandi og fylla í skurði. Sem dæmi má nefna lagfæringar á öryggissvæði á Þingvallavegi nálægt þjóðgarðinum á Þingvöllum, á Þjórsárdalsvegi, á Hringveginum í Mýrdal, á Borgarfjarðarbraut, í Hestfirði í Ísafjarðardjúpi, á Hringveginum norðan við Borgarnes, á Öxnadalsheiði, á Hringveginum norðan Akureyrar og um Fagradal.

Vegrið voru sett upp eða lengd á um 16 stöðum. Má sem dæmi nefna uppsetningu vegriða við Markarfljótsbrú, við Hæðarsteinsbrekku og Miklagil á Holtavörðuheiði, á Fróðárheiði, á Bíldudalsvegi, á Hringveginum í Hrútafirði og við Þelamerkurskóla, á Norðausturvegi skammt sunnan Húsavíkur og við Árholtsveg austan Akureyrar.

Unnið var að lagfæringum á fernum vegamótum; settar voru tvær hjáreinar á Hringveginn austan Hvolsvallar og lokið við tvær slíkar á Biskupstungnabraut frá árinu á undan.

Merkingar voru bættar á 10 stöðum, m.a. fræstar hvinrendur í kanta Hringvegarins undir Ingólfsfjalli. Merkingar voru auknar á Þrengslavegi, við gangamunna Vestfjarðaganga í Önundarfirði og í Súgandafirði og við Munkaþverá í Eyjafjarðarsveit.

Öryggi gangandi var aukið á tæplega 20 stöðum, t.d. í miðbæ Selfoss, á Hellu, í Stykkishólmi, í Búðardal, á Akureyri, á Raufarhöfn, á Seyðisfirði og á Djúpavogi.

Hlutfallsleg skipting fjármuna í mismunandi framkvæmdir er sýnd á grafík 23.

Heildarkostnaður við þær lagfæringar á vegakerfinu sem sýndar eru á skífuriti árið 2024 var rúmar 358 milljónir króna, þar af var rúmlega 17 milljónum króna varið til búfjárganga.

Fyrir utan ofangreint sá Vegagerðin um og greiddi kostnað við tæknilegan rekstur sjálfvirks hraðaeftirlits. Kostnaður vegna þessa árið 2024 var rúmar 55 milljónir króna.

Loks var tæpum 12 milljónum króna varið til umsjónar með verkefninu í heild sinni en þar undir fellur m.a. vinna við greiningu slysastaða og umferðaröryggisúttektir.

Heildarkostnaður við liðinn umferðaröryggi á árinu 2024 var tæpar 426 milljónir króna.

↓ Grafík 23 **Öryggisaðgerðir á vegum 2024**
Hlutfallsleg skipting kostnaðar.





Framkvæmdir við annan áfanga Dynjandisheiðar.
Mynd: Haukur Sigurðsson



6. kafli

# Rannsóknir og nýsköpun



Framkvæmdir við Arnarnesveg í júlí 2025.
Mynd: Vilhelm Gunnarsson

# Rannsóknir og nýsköpun

## 6.1 Rannsóknir

**Rannsóknasjóður**
Auglýst var eftir umsóknum í rannsóknasjóð Vegagerðarinnar í byrjun árs. Auglýsingin birtist á vef Vegagerðarinnar, í Framkvæmdafréttum og í tölvupósti sem sendur var til þeirra sem sent hafa inn umsóknir undanfarin þrjú ár.

Umsóknarfrestur rann út 2. febrúar 2024. Alls bárust 113 umsóknir að upphæð 346,6 m.kr. Þetta er sambærileg tala umsókna miðað við árið á undan. Alls var veitt 150 m.kr. í 67 verkefni. Meðalfjöldi styrkja á ári frá 2005 til og með 2024 er um 90 talsins. Heildarupphæð styrkja er svipuð og undanfarin ár, utan 2013, þegar upphæðin var 159 m.kr. Í samgönguáætlun fyrir 2024 voru sjóðnum markaðar 170 m.kr. Listi yfir flest verkefni sem fengu styrk árið 2024 er að finna í meðfylgjandi töflu (ath. flokkun verkefna er samkvæmt ákvörðun umsækjanda).



↑ Leggja þurfti veg yfir nýrunnið hraun á Grindavíkurvegi. Mynd: Vilhelm Gunnarsson

# Rannsóknaverkefni sem fengu úthlutað úr Rannsóknasjóði 2024

**Mannvirki**

- Aðferðir við frekari endurvinnslu malbiks Endurheimt biks úr malbikskurli
- Athugun á timbri sem aðalburðarefni fyrir brýr á Íslandi
- Ákvörðun á stífni og þreytueiginleikum íslenskra malbiksblandna
- EFNISGÆÐARITIÐ, leiðbeiningar um efnisrannsóknir og efniskröfur
- Ending brúargólfa með slitlagssteypu.
- Endurskoðun EC7 og þjóðarviðauka, jarðtæknihönnun
- Evrópustaðlar CENTC154 Steinefni og CENTC227 Vegagerðarefni
- Flóð íslenskra vatnsfalla uppfærsla flóðagreiningar mældra vatnsfalla
- Forsteyptar bríkureiningar
- Lífbindiefni í klæðingar
- Lífbindiefni í malbik
- Líftími brúa á Íslandi með tilliti til þreytuálags
- Malarslitlög. Kornastærðin leir og leirtegundin leir
- Mat á tjónnæmi steinsteyptra bitabrúa með jarðskjálftalegum
- Noktun á BIM í samgönguverkefni á Íslandi og samþætting við lífsferilgreiningar LCA
- Notkun falllóðsmælinga til að ástandsmeta vegi
- Nýtt eðlisfræðilegt mat á jarðskjálftavárlíkindum á Tjörnesbrotabelti Norðurlands
- Prófun á tengingu milli forsteypts stöpulveggjar og staðsteypts sökkuls í stórum skala
- Skaðlegar leirsteindir í steinefni fyrir klæðingar og annað slitlagsefni
- Skoðun á samsteypu milli forsteyptra stöpuleininga
- Snjósöfnun og umferðaröryggi
- Stauraundirstöður fyrir brýr
- Steinsteypufélag Íslands
- Stífni og sveiflueiginleikar íslensks jarðvegs og jarðsniða
- Tæring málma í andrúmslofti á Íslandi
- Vegorðasafn, skilgreiningar og skýringar á hugtökum í Vegagerð
- Vegrifflur, staða þekkingar og ráðleggingar

**Umferð**

- Ferðamyndun í blandaðri byggð
- Forkönnun á gögnum og upplýsingum um bílbruna á Íslandi
- Framkvæmdir Kolefnisfótsporsgreining á brimvarnargörðum og sjóvörnum
- Framþróun á notkun vefmyndavéla Vegagerðarinnar
- Greining á næstum því slysum á gatnamótum
- Götukappakstursbraut innan höfuðborgarsvæðisins Raunhæfur möguleiki
- Hjólreiðar í öllum veðrum
- Hlutfall hversdagsumferðar HVDU og ársdagsumferðar ÁDU á höfuðborgarsvæðinu
- Rafhlaupahjólaslys, upplifun heilbrigðisstarfsmanna
- Slys á óvörðum vegfarendum í myrkri
- Staðsetning umferðarljósa. Áhrif á umferðarflæði.
- Umferðaröryggismat og rýni. Leiðbeiningar.
- Vísitala slysa á höfuðborgarsvæðinu
- Vöktun jarðhitakerfis við Hveradali, samanburður mæliaðferða og áhrif á vegstæði

**Umhverfi**

- Afkoma og hreyfing Breiðamerkurjökuls og afrennsli leysingavatns til Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi
- Aldur jökulgarða og jökulhörfun á Jökuldalsheiði og Brúaröræfum
- Áhrif áfoks og gjósku á kolefnisferla í röskuðum mýrum
- CFD líkanreikningar á vindi í flóknu landslagi
- Constructing Pavement with Carbon-Negative Materials
- Fornar strandlínur á Íslandi
- Future proglacial lake evolution and outburst flood hazard in Iceland
- Hafnir Sjálfbærir orkustöðvar
- Hagnýting samgöngulíkans fyrir loftgæðaútreikninga
- Grímsvötn: vatnsgeymir, jökulhlaup, upphaf og rennsli
- Hraðvirk sprungugreining með dróna segulmælingu á hættusvæðum í Svartsengi, Sundhnúkum, Þorbirni og Grindavík
- Jarðlagalíkan af höfuðborgarsvæðinu holusjármælingar í gömlum borholum
- Kortlagning á jarðfræði og jarðvá hafsbotnsins í Patreksfirði og Tálknafirði
- Kortlagning á úthlaupslengd og aldursgreining berghlaupa í Almenningum við austanverðan Skagafjörð
- Kortlagning ágengra framandi plöntutegunda meðfram vegakerfinu með myndgreiningartækni
- Mat á rúmmálsbreytingum strandarinnar frá Reynisfjalli að Kúðafljóti, á Suðurlandi, á 20 og 21. öld.
- Samanburður á hávaðavísum og reikniaðferðum í reglugerðum nr. 7242008 og nr. 10002005
- Samanburður áhrifa mikillar umferðar á loftgæði bæjarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins
- Sannreyning og þróun myngreiningartækni til að kortleggja ágengar framandi plöntutegundir meðfram vegakerfinu
- Skilningur á viðbrögðum svæðisins í Eyjafirði Athuganir og hermir
- Strandlínubreytingar og sandflutningar við Suðurströndina
- Tengsl vatnsgæða í ofanvatni við ÁDU
- Vistvænni brýr Markmið fyrir Ísland
- Vöktun á fuglalíf við hálendisvegi
- Vöktun útbreiðslu lúpínu vegna framkvæmda við nýbyggingu Skriðdals og Breiðdalsvegar ásamt brú yfir Gilsá á Völlum

**Samfélag**

- Akstursferðamennska um fáfarnar slóðir. Áhrif ferðamannaleiða og ástands vegakerfis á leiðir ferðamanna um dreifðar byggðir
- Íslendingar og mikilvægi hringvegarins
- Sjálfbær stýring jarðefnaflutninga

Nánari upplýsingar um verkefni sem eru styrkt af rannsókna-sjóði Vegagerðarinnar má finna á heimasíðu stofnunarinnar undir liðnum Rannsóknir og nýsköpun.

# Hafna- og strandrannsóknir

Undir liðnum Hafna- og strandrannsóknir voru unnin verkefni að upphæð 57,5 m.kr. Verkefnin má flokka í fjóra flokka.

Í fyrsta flokknum eru verkefni tengd breytingum á höfnum. Það á bæði við hugmynda- og teiknivinnu á breyttu hafnaskipulagi og stækkunum hafna og svo áhrifum þeirra á kyrrð við kanta, alls 25,0 m.kr. Til þess er m.a. beitt öldu-, hafnar- og skipahreyfingalíkönum. Undir þessum flokki var unnið að eftirfarandi verkefnum árið 2024:

- Sauðárkrókur, hafnarlíkan - stækkun hafnar utan núverandi hafnarsvæðis með 10 m dýpi og 120 m löngum stálþilskanti
- Vestmannaeyjahöfn, hafnarlíkan – framtíðarskipulag
- Bakkafjara, rannsóknir á ytri mannvirkjum og færsla á Markarfljóti
- Húsavík, uppsetning og kvörðun hafnareiknilíkans
- Helguvík, hafnarlíkan - nýr stálþilskantur fyrir eldsneytisbirgðastöð NATO
- Þórshöfn, hafnarlíkan - skoðun á áhrifum landfyllingar og lengingar Nýju bryggju
- Suðureyri, hafnarlíkan - breytingar á mynni hafnar og innri höfn fyrir nýja flotbryggju
- Hólmavík, hafnarskipulag
- Djúpivogur, hafnarskipulag
- Bolungarvík, hafnarskipulag
- Ólafsvík, hafnarskipulag
- Grindavík, hafnarskipulag

Í öðrum flokknum eru verkefni sem tengjast vöktun, greiningu og spá á veðurfari á sjó, alls 11,5 m.kr. Undir þennan flokk falla:

- Uppfærslur á vefnum sjolag.is
- Uppsetning einstakra sjávarhæðarmæla (Grundartangi, Grindavík og Helguvík 2024) og öldudufla (Þerneyjarsund 2024)
- Greiningar og ársskýrslur á sjávarborðsmælingum í höfnum og ölduduflum
- Skoðun og greining á undangengnum flóðaveðrum
- Gerð öldukorta og líkindadreifingu öldu á hafi
- Uppsetning og viðhald flóðaspákerfa (Grindavíkurhöfn)

Í þriðja flokkunum eru verkefni tengd vörnum gegn náttúruvá, alls 4,4 m.kr. Undir þennan flokk falla sjávarborðsrannsóknir og viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar fyrir landhæð á lágsvæðum og ákvörðun á lágmarks gólfkóta og landhæð.

Í fjórða flokknum eru rannsóknarverkefni tengd hafnarmannvirkjum og hönnun þeirra, 1,5 m.kr. Þar var unnið að verkefnum um grjótnámsrannsóknir.

Á árinu var unnið sérstakt rannsóknarverkefni sem snýr að innsiglingunni í Höfn í Hornafirði, alls 15,1 m.kr. Sú rannsókn var unnin af dönsku straumfræðistofunni DHI og fólst í skoðun á mannvirkjum sem gætu tryggt nægt dýpi yfir Grynnslin.

Að lokum var unnið að rannsóknum, gagnaúrvinnslu- og greiningu fyrir Landeyjahöfn, alls 12,5 m.kr. Undir þessum flokki er rannsóknarverkefni unnið af dönsku straumfræðistofunni DHI og felst í gagnagreiningu, uppsetningu og kvörðun setflutningslíkans af Landeyjahöfn; Þróun á spálíkani Vegagerðarinnar fyrir siglingar til Landeyjahafnar og óháð úttekt á Landeyjahöfn.

Auk ofangreinds var unnið að rannsóknar- og þróunarverkefnum sem greidd voru af ýmsum aðilum, fyrir alls 64,1 m.kr. Þar ber helst að nefna:

- Fýsileikagreining á nýrri útflutningshöfn á vikri utan Alviðruhamra á suðurströnd Íslands fyrir EP Power Minerals
- Helguvík, nýr stálþilskantur fyrir eldsneytisbirgðarstöð NATO fyrir Landhelgisgæslu Íslands
- Ný höfn í Keflavík austan Þorlákshafnar fyrir Heidelberg
- Breiðin á Akranesi, varnir gegn sjávarflóðum fyrir Brim
- Lágmarkslandhæð fyrir Blævæng ehf.
- Öldukort fyrir Íslandsþara ehf.
- Sjótökulögn fyrir Ocean EcoFarm ehf.

**Rannsóknir stoðdeildar**

Stoðdeild Vegagerðarinnar heyrir undir mannvirkjasvið. Verkefnin eru margvísleg en þeirra á meðal er að annast rannsóknir á jarðefnum til vegagerðar á eigin rannsóknarstofu. Stoðdeild hefur einnig samskipti við rannsóknarstofnanir á þessu sviði bæði innanlands sem utan. Deildin hefur umsjón með og sér um framkvæmd jarðtækni- og jarðfræðirannsókna, einkum á sviði jarðefna- og berggrunnsrannsókna. Þar má nefna efnisleit, efnis- og námurannsóknir, jarðvegs- og berggrunnsskannanir og jarðvegslýsingar.

Auk þess að sinna jarðtækni- og jarðfræðirannsóknum tengdum verkefnum Vegagerðarinnar sinnir stoðdeild rannsóknum á þessu sviði fyrir íslenskar og erlendar verkfræðistofur í fjölbreyttum verkefnum tengdum mannvirkjagerð.

Stoðdeild Vegagerðarinnar hefur verið leiðandi í notkun jarðsjármælinga á Íslandi frá því að deildin var í lok árs 2023 fengin til þess að jarðsjármæla allar götur Grindavíkur og aðkomuvegi til að greina sprungur og möguleg holými sem gætu hafa myndast í tengslum við jarðhræringarnar á Reykjanesi. Í dag eru jarðsjármælingar í auknum mæli notaðar við jarðgrunnsrannsóknir og þannig hægt að draga úr umfangi jarðtækniborana sem gerir verkefni fljótlegri og hagkvæmari en ekki síst skilar það betri og öruggari niðurstöðum.

Stoðdeild sér um ástandsmat á vegum landsins auk rannsókna á burðarþoli, mælingum á hjólfaramyndun auk annarra atriða sem síðan eru notuð til að greina viðhalds- og styrkingaþörf á þjóðvegum landsins.

# 6.2 Stafræn verkefni og nýsköpun

Umbótadeild heyrir undir skrifstofu forstjóra og sinnir meðal annars gæðamálum og stafrænum verkefnum þvert á stofnunina. Árið 2024 sinnti deildin meðal annars þessum stafrænu verkefnum og nýsköpun:

- Undirbúningur fyrir innleiðingu eins heildarkerfis fyrir verkefnastjórnun innan stofnunarinnar, með gerð yfirgripsmikilla alþjóðlegra útboðsgagna, valferlis og fyrstu skrefa í innleiðingarvinnu. Hluti af þeirri vinnu hefur verið að skilgreina enn betur en gert hefur verið hver skilyrði verkefna fyrir framgangi á milli hönnunarstiga er, þannig að hægt sé að nálgast þau með kerfislegum og samanburðarhæfum hætti. Í lok árs hafði tæplega fimmtungur allra virkra nýframkvæmdaverkefna Vegagerðarinnar farið í gegnum slíkt ferli.
- Fyrstu skrefin í breyttu fyrirkomulagi upplýsingatæknimála hjá Vegagerðinni með myndun upplýsingatækniráðs, miðlægri yfirsýn upplýsingatækniverkefna- og kostnaðar ásamt gerð heildstæðrar skrár upplýsingatæknikerfa.
- Vinna við allsherjar breytingar á „Mínum síðum“ Vegagerðarinnar, þar sem reglugerð um framkvæmd laga um stafrænt pósthólf tók gildi í lok árs 2024. Breyta þurfti högun „Minna síðna“ þannig að nú fá málsaðilar þeirra umsókna sem boðið er upp á í þjónustugáttinni sjálfkrafa skilaboð í gegnum Ísland.is þegar framvinda þeirra uppfærist.
- Undirbúningur og þarfagreining fyrir stjórnkerfi vaktstöðva Vegagerðarinnar, þar sem endurnýja þarf öll stafræn verkfæri sem notuð eru í daglegum störfum við stýringu samgöngukerfisins.
- Innra samskiptakerfið Facebook Workplace var innleitt árið 2024. Kom það í stað innri vefs sem hafði fram að því nýst til að koma upplýsingum til starfsfólks. Markmiðið var að auka innri samskipti og bæta flæði upplýsinga. Fljótlega eftir innleiðingu í byrjun árs 2024 tilkynnti Facebook um fyrirhugaða lokun Workplace. Nýr vinnuhópur tók til starfa í lok árs til að finna nýtt kerfi sem gæti tekið verið og var tekin ákvörðun um að kaupa aðgang að innra samskiptatólinu Workvivo.
- Nokkur þróun hefur verið í vefmálum Vegagerðarinnar. Nýr stofnanavefur, vegagerdin.is, fór í loftið í júní 2024. Var það þriðja og síðasta púslið í þríþættri veflausn Vegagerðarinnar sem samanstendur af vegagerdin.is, umferdin.is og sjolag.is. Nýr vefur, sjolag.is, fór í loftið árið 2021 en þar er að finna upplýsingar um sjólag-, veður- og sjávarfallaspár, ásamt mælingum í gagnvirkri kortasjá. Umferdin.is er upplýsingavefur Vegagerðarinnar til vegfarenda. Þar má meðal annars finna upplýsingar um færð og veður, vetrarþjónustu, vegaframkvæmdir, umferðartölur, þungatakmarkanir og ýmislegt annað sem getur komið sér vel fyrir ökumenn, hjólreiðafólk og gangandi vegfarendur. Vefurinn er hannaður með snjalltæki sérstaklega í huga. Frá því vefurinn fór í loftið hefur hann hlotið nokkur verðlaun, meðal annars sem samfélagsvefur ársins 2023 sem hann hlaut á Íslensku vefverðlaunum 2024.
- Undirbúningur að rafrænum skilum skjalavistunarkerfis hélt áfram á árinu 2024, en áætlað er að skila rafrænni útgáfu fyrir árin 2017-2022 á árinu 2026, sem verður í fyrsta sinn sem Vegagerðin skilar slíkri vörsluútgáfu til Þjóðskjalasafns Íslands.
- Eitt stærsta yfirstandandi umbótaverkefni Vegagerðarinnar er utanumhald nýframkvæmdaverkefna. Þar kom umbótadeildin að undirbúningi breytinga á nálgun slíkra verkefna og framgangs þeirra á milli hönnunarstiga, þar sem þau undirgangast nú hliðanálgun til samræmingar og samþykkis, en meðal afleiddra verkefna þess er undirbúningur að innleiðingu samræmdrar verkefnastjórnunar.

# 6.3 Umhverfismál og sjálfbærni

Í stefnu Vegagerðarinnar 2024-2028 sem samþykkt var árið 2024 er kveðið á um að Vegagerðin skuli vinna markvisst að því að innleiða sjálfbærni í starfseminni og stuðla að uppbyggingu og áhrifum í anda hennar. Í kjölfar nýrrar stefnu Vegagerðarinnar var stofnuð ný deild 1. apríl 2024, Umhverfi og sjálfbærni, sem heyrir undir þróunarsvið Vegagerðarinnar og telur þrjá starfsmenn.

Markmið starfsemi nýrrar deildar er að leiða vinnu Vegagerðarinnar á sviði umhverfismála og sjálfbærni í allri starfsemi stofnunarinnar, frá hönnun og framkvæmdum til reksturs samgönguinnviða. Dæmi um verkefni í þeim málaflokki er m.a. umhverfisstjórnun, kolefnisútreikningar og umhverfisumbætur. Deildin ber ábyrgð á fræðslu til starfsmanna um umhverfismál, stýringu á notkun hættulegra efna í starfsemi Vegagerðarinnar, loftgæðamál og fleira.

Deildin vinnur að því að móta og innleiða sjálfbærnistefnu Vegagerðarinnar með skýrum markmiðum og aðgerðum í aðgerðaáætlun og verður hún tekin í notkun 2025. Sjálfbærnistefnan gegnir lykilhlutverki til samhæfingar stefnu Vegagerðarinnar og forgangsröðunar aðgerða. Meðal samþykktra stefnuskjala sem nú þegar eru samþykkt eru Stefna Vegagerðarinnar 2024-2028, umhverfisstefna, samgönguáætlun, umhverfisöryggisstefna og rannsóknarstefna. Enn fremur eru í vinnslu loftslagsstefna sem verður hluti af umhverfisstefnu stofnunarinnar og orkuskiptaáætlun, en sjálfbærnistefnan setur ramma fyrir þessar stefnur.

Vegagerðin heldur utan um helstu umhverfisþætti starfseminnar með grænu bókhaldi og rekur einnig umhverfisstjórnunarkerfi sem er byggt á ISO 14001 sem hefur að markmiði að koma á skipulögðu kerfi til að stjórna og draga úr umhverfisáhrifum í öllum þáttum rekstursins.

Meðal þeirra þátta sem haldið er utan um með grænu bókhaldi eru upplýsingar um orkunotkun, úrgangsmagn og vatnsnotkun auk gagna um um tækjakost og eldsneytisnotkun og útreikninga á losun gróðurhúsalofttegunda.

Umhverfisstjórnunarkerfið byggir á stefnumótun, langtímastjórnun og eftirliti, auk umbóta. Tölulegar upplýsingar um græna bókhaldið styðja við stefnumótun og mælingar á framgangi í umhverfismálum.

**Loftslagsmál**

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda vegna daglegs reksturs og starfsemi Vegagerðarinnar árið 2024 (umfang 1), að undanskildum framkvæmdum og verktakavinnu, var 943 t CO2 ígildi og má sjá skiptinguna í töflu hér að neðan. Vegagerðin nýtir sér hugbúnaðarfyrirtækið Klappir grænar lausnir til að halda utan um þessa lykilþætti græns bókhalds. Losun 2023 var 878 t CO2 ígildi og því var aukning um 7% á milli ára.

Meginhluti losunar gróðurhúsalofttegunda í starfsemi Vegagerðarinnar er rakinn til notkunar jarðefnaeldsneytis í bifreiðum og öðrum tækjum stofnunarinnar. Vegagerðin rekur sex rafmagnsbíla og er gert ráð fyrir frekari fjölgun í samræmi við tæknikröfur og rekstrarþarfir. Af 133 bifreiðum eru 85 nýttar við viðhald, viðgerðir og eftirlit á vegum, en þær hafa hingað til ekki getað uppfyllt allar kröfur með endurnýjanlegum orkugjöfum vegna tæknilegra takmarkana og ófullnægjandi innviða. Árið 2024 bættist einn rafmagnbíll við í bílaflotann. Enn fremur rekur Vegagerðin tvo báta og 232 önnur tæki (Veghefla, hjólaskóflur, vörubíla, kranar, lyftarar, sláttuvélar, dráttarvélar, rafstöðvar ofl.) Samkvæmt drögum að orkuskiptaáætlun er gert ráð fyrir að jarðefnaeldsneytisbifreiðum verði smám saman skipt út fyrir vistvænni kosti þegar tæknileg og innviðaleg skilyrði leyfa.

Gert var átak í skráningu gagnalinda og gagnagæða fyrir árið 2023 og hélt það átak áfram fyrir árið 2024. Skýrir það að hluta til aukningu í losun sem verður á milli ára auk viðbótarskráninga í öllum flokkum sem og flugi starfsfólks. Þróun losunar í umfangi eitt og tvö hjá Vegagerðinni má sjá á meðfylgjandi súluriti.

Losun vegna rafmagnsnotkunar jókst árið 2023 í takt við aukna raforkunotkun. Aukningin skýrist af því að fleiri götulýsingar féllu undir nýtt kerfi Vegagerðarinnar og er því ekki raunaukning heldur skýrist af betri gögnum. Samdráttur í rafmagnsnotkun árið 2024 stafar líklega af endurnýjun í tækjabúnaði, t.d. í götulýsingu og rekstri jarðganga.

↓ Tafla 24 **Umfang losunar gróðurhúsalofttegunda eftir flokkum**

| Losun í t $CO^2$ ígildum | 2023 | 2024 | Breyting (%) |
|---|---|---|---|
| Eldsneyti | 878 | 943 | + 7 |
| Rafmagn | 76 | 64 | - 16 |
| Úrgangur | 25 | 27 | + 8 |
| Flug starfsfólk | 57 | 86 | + 51 |
| **Samtals** | **979** | **1120** | + **8** |

↓ Tafla 25 **Könnun á matsskyldu og matsáætlun**

| Könnun á matsskyldu verkefna | Ákvörðun Skipulagsstofnunar |
|---|---|
| Bárðardalsvegur vestri (842), Þingeyjarsveit. | Ekki matsskyld framkvæmd |
| Hagabraut í Holtum (286-01), Rangárþingi ytra. | Ekki matsskyld |
| Hringvegur (1) – Ný brú á Skjálfandafljót hjá Fosshóli, Þingeyjarsveit. | Ekki matsskyld |
| Hringvegur (1) um Hornafjörð, aukin efnistaka um Fjarðará, Hornafirði. | Ekki matsskyld |
| Norðausturvegur (85-02) um Skjálfandafljót í Kinn, Þingeyjarsveit. | Matsskyld framkvæmd |
| Uxahryggjavegur (52) í Borgarbyggð og Bláskógabyggð | Matsskyld framkvæmd |
| Vatnsdalsvegur (722-01) í Húnabyggð, Hringvegur - Undirfellsrétt | Ekki matsskyld |

| Matsáætlun verkefna | |
|---|---|
| Hringvegur (1-a3/a4) um Síðu í Skaftárhreppi. | Álit liggur fyrir |
| Norðausturvegur (85-02) um Skjálfandafljót í Kinn | Álit liggur fyrir |
| Reykjanesbraut (41) Hafnavegur – Garðskagavegur | Álit liggur fyrir |

↓ Grafík 24 **Þróun losunar gróðurhúsalofttegunda**




↓ Grafík 25 **Magn úrgangs frá starfsstöðvum Vegagerðarinnar eftir flokkum**




↓ Grafík 26 **Hlutfall úrgangs sem er endurnýttur eða urðaður**




↓ Grafík 27 **Magn endurnýtts og urðaðs úrgangs Vegagerðarinnar**



**LOKI - Lífsferilsgreining Og Kolefnisspor Innviðaframkvæmda**
Kolefnisreiknir fyrir innviðaverkefni, LOKI, var tekinn í notkun hjá Vegagerðinni í júní 2024. Reiknirinn er samræmt líkan til að meta loftslagsáhrif framkvæmda Vegagerðarinnar yfir líftíma þeirra.

LOKI nýtist til að meta loftslagsáhrif einstakra framkvæmdahluta með lífsferilsgreiningu á hönnunarstigi. Með þessum hætti er lagður grundvöllur að aðgerðum sem miða að því að draga úr kolefnisspori framkvæmda.

Reiknirinn byggir á innbyggðum losunarstuðlum sem tengdir eru magntölum og verkþáttum í samræmi við verkþáttaskrá Vegagerðarinnar. Þannig er unnt að meta kolefnisspor framkvæmda þegar magntölur liggja fyrir við hönnun, auk þess sem LOKI auðveldar samanburð á kolefnisspori mismunandi veglína og hönnunarútfærslna.

**Græn skref Vegagerðarinnar**
Árið 2024 var gert átak í innleiðingu Grænu skrefanna innan Vegagerðarinnar, en markmið þeirra er að styðja stofnanir við að minnka umhverfisáhrif sín og bæta rekstur með markvissum hætti. Kerfið byggist á fimm stigum að umhverfisvænni starfsemi, sem hverju sinni innihalda ákveðin viðmið og aðgerðir sem þarf að uppfylla.

Innleiðing nær til allra 18 starfsstöðva Vegagerðarinnar víðsvegar um landið. Þegar hafa tvær starfsstöðvar fengið viðurkenningar frá Grænum skrefum fyrir að ljúka tilsettum skrefafjölda og aðrar þrjár þegar uppfyllt skilyrðin fyrir umsömdum skrefafjölda en eiga þó eftir að fá viðurkenningu fyrir áfangann. Fimm eru komnar langt á leið, þ.á.m starfsstöðin í Suðurhrauni (miðstöð) og þá hafa nokkrar lokið skrefum án viðurkenningar. Stefnt er að því að miðstöð ljúki fyrstu þremur skrefunum í byrjun árs 2026. Einnig er stefnt að því að allar starfsstöðvar Vegagerðarinnar ljúki tilsettum skrefafjölda árið 2026.

Áhersla á innleiðingu grænu skrefanna hefur einnig haft í för með sér umhverfisvottuð innkaup og allar starfsstöðvar Vegagerðarinnar nýta umhverfisvottaðan pappír og ræstiefni.

Skilvirkari flokkun á úrgangi á starfsstöðvum Vegagerðarinnar skilar sér í lægra kolefnisspori. Í losun vegna rafmagns er meginþorrinn tengdur rekstri jarðganga, götulýsingu og húsnæðum Vegagerðarinnar, auk vita sem tengdir eru raflínum.

**Úrgangur og endurnýting**
Magn úrgangs frá starfsstöðvum Vegagerðarinnar eftir flokkum má sjá á myndum hér að framan.

Unnið hefur verið að því að bæta úrgangsflokkun frá starfsstöðvum Vegagerðarinnar með aukinni fræðslu og nýjum samningum við móttökuaðila. Af því leiðir að hlutfall flokkaðs úrgangs eykst ár frá ári.

**Orkuskipti á framkvæmdasvæðum**
Unnið er markvisst að innleiðingu orkuskipta á framkvæmdasvæðum hjá Vegagerðinni. Árið 2024 voru fyrirhugaðar framkvæmdir á samgönguáætlun greindar með tilliti til umfangs framkvæmdar, staðsetningar og fyrirliggjandi orkuinnviða í þeim tilgangi að hægt verði að velja framkvæmd til að láta reyna á orkuskipti. Mikilvægt er að aðgengi að orku sé sem best til að lágmarka flækjustig í framkvæmd eins og hægt er. Unnið verður áfram með þessar niðurstöður á næstu árum.

**Önnur umhverfismál**
Vegagerðin hóf átak í rykbindingu til að sporna við svifryksmengun frá umferð veturinn 2023/2024. Þegar útlit er fyrir daga þar sem styrkur svifryks frá umferð stefnir í að verða yfir heilsuverndarmörkum er rykbundið á helstu stofnleiðum í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Vel tókst til og tókst að lækka og jafna út stærstu svifrykstoppa vetursins. Stefnt er að því að halda þessu áfram á næstu árum og þróa og bæta verklag í samræmi við tækniþróun og fjárveitingar.

Fræðsla um loftslagsmál fyrir starfsmenn Vegagerðarinnar er regluleg, t.d. með fyrirlestrum innanhúss í stærri og minni hópum, pistlum á starfsmannasíðum en einnig eru opnir fræðslufundir og ráðstefnur hjá ytri aðilum auglýstir meðal starfsfólks.

Vegagerðin tekur þátt í norrænu rannsóknarverkefni sem snýr að kortlagningu ágengra framandi plöntutegunda meðfram vegum með myndgreiningartækni. Takmarkið er að auðvelda kortlagningu með aukinni sjálfvirkni ásamt gervigreind. Kortlagning er svo grundvöllur mögulegra aðgerða til að hefta útbreiðslu ef við á. Sumarið 2024 voru keyrðar prufukeyrslur með myndavélina um þjóðvegi í nágrenni höfuðborgarsvæðisins til að kenna hugbúnaðinum á íslenskar aðstæður og tegundir. Rannsóknarverkefnið heldur áfram á næstu árum í samstarfi við vegagerðir á Norðurlöndum og meginlandi Evrópu.

**Umhverfismat**
Vegagerðin leggur áherslu á að lágmarka umhverfisáhrif framkvæmda sinna og að kynna öflugar mótvægisaðgerðir þar sem rask er óhjákvæmilegt. Á árinu 2024 útbjó Vegagerðin kynningargögn vegna könnunar á matsskyldu sjö framkvæmda, þar af reyndust tvær matsskyldar. Þrjár matsáætlanir voru unnar og lagðar fram til rýni og liggur álit Skipulagsstofnunar fyrir um þær.



↑ Mjóafjarðarheiði var opnuð fyrir umferð 24. maí.



↑ Klifrað í Skeiðarárbrú í tilefni af 50 ára afmælis brúarinnar.



↑ Frá framkvæmdum við tvöföldun Reykjanesbrautar.

# 6.4 Erlent samstarf

**NVF** (**Nordisk Vejforum – Norræna vegasambandið**)
Þau erlendu samtök sem Vegagerðin hefur í gegnum árin haft mest tengsl við er Norræna vegasambandið (NVF). Meginhluti NVF-starfsins fer fram í nefndum og er markmiðið að stuðla að samstarfi og upplýsingaskiptum milli fagfólks á Norðurlöndum á sviði samgangna. Nýtt fjögurra ára tímabil hófst á árinu en Finnland stýrir NVF árin 2024-2028 og tók við af Danmörku sem stýrði árin 2020-2024. Á tímabilinu verða starfandi níu nefndir. Ísland tekur þátt í starfinu í nær öllum þessum nefndum og leiðir starf tveggja þeirra, jarðganganefndarinnar og vegtækninefndarinnar. Nefndir taka gjarnan breytingum á milli hverra fjögurra ára tímabila, en oftast eru starfræktar nefndir um brýr, jarðgöng, hönnun, vegtækni, viðhald og þjónustu og umferðaröryggi. Ísland starfrækir samhliða NVF-nefndastarfinu innanlandsnefndir um sama efni. Að loknu þessu tímabili tekur Ísland í annað sinn við stjórn NFV og lýkur tímabilinu á stórri samgönguráðstefnu hér á landi, ViaNordica 2032.

**NordFoU**- (**Nordisk Forskning og Udvikling**)
NordFoU er samstarfsvettvangur vegagerða Norðurlanda í rannsóknum. Þátttökulöndin eru Finnland, Svíþjóð, Noregur, Danmörk, Ísland og Færeyjar. Samstarfið hófst í desember 2004 með samningi Vegagerðanna á Íslandi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi (Færeyjar hafa líka verið með frá árinu 2014) en samningurinn var endurnýjaður í nóvember 2023. Markmið NordFoU er að vinna sameiginlega að ákveðnum rannsóknarverkefnum og fjármagna þau sameiginlega úr sjóðum sínum. Fyrirkomulag NordFoU skapar samlegðaráhrif fyrir allar stofnanir. Verkefnin eru valin af sérstakri stjórnarnefnd sem í sitja yfirmenn rannsókna innan hverrar stofnunar. Tvö lönd eða fleiri geta staðið að einstökum verkefnum og ákvörðun um þátttöku er tekin af hverri stofnun fyrir sig. Sérstakur samningur er gerður um hvert verkefni, þar sem tiltekin er verkefnislýsing, verkefnishópur og verkefnisstjóri, fjárhagslegar skuldbindingar og fleira. Verkefni geta ýmist verið unnin innan eða utan stofnananna. Allar niðurstöður eru aðgengilegar fyrir allar þjóðirnar fimm. Í lok árs 2024 tók Finnland við formennsku NordFoU en Noregur hafði leitt samstarfið þar á undan.

**CEDR** –(**Conference of European Directors of Roads**)
CEDR eru samtök evrópskra vegagerða. Markmiðið með samtökunum er að stuðla að þróun og rannsóknum í vegasamgöngum, mynda sambönd og tengsl milli sérfræðinga, takast á við sameiginlegar áskoranir og taka þátt í þróun innan Evrópusambandsins og í Evrópu almennt varðandi vegasamgöngur í víðum skilningi. Vegagerðin var meðal stofnaðila CEDR árið 2003, en samtökin tóku við af eldri vestur-Evrópskum samtökum vegamálastjóra. Ísland var í forystu fyrir samtökin árið 2006. Samtökin setja sér starfsáætlun árlega til þriggja ára í senn og leggja áherslu á rannsóknir, þróun, þekkingarmiðlun og að vera samráðsvettvangur forstjóra vegagerðanna í Evrópu.

**PIARC** –(**World Road Association**)
Vegagerðin er aðili að þessum alþjóðlegu samtökum, sem segja má að séu móðursamtök NVF og byggð upp á svipaðan hátt, PIARC var stofnað árið 1909 og NVF árið 1935. Hlutverk PIARC er einkum að miðla þekkingu um vegi og vegasamgöngur en líkt og aðrar norrænar vegagerðir hefur Ísland lagt áherslu á NVF og CEDR. Á því fjögurra ára tímabili sem hófst árið 2024 á Ísland einn fulltrúa í brúarnefnd PIARC.



↑ Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar var haldin á Hilton hóteli.

**NFO** (**Nordens Fyrtekniska Organisation**)
NFO eru norræn vitasamtök sem voru stofnuð á Íslandi árið 1974. Þeim er ætlað að vera samráðsvettvangur til að samræma aðferðir á norðurslóðum, kynna nýja tækni og endurbætur í vitarekstri og leiðarmerkjum fyrir sjófarendur. Einnig myndast með samstarfinu tækifæri fyrir sérfræðinga í hverju landi til að kynnast öðrum sem eru í sömu störfum og mynda persónuleg tengsl við þá sem eru að fást við svipuð verkefni. Starfsfólk Vegagerðarinnar tekur þátt í málþingi samtakanna sem haldið er á tveggja ára fresti. Árið 2024 var ekki haldið málþing.

**IALA** (**The International Association of Marine Aids to Navigation and Lighthouse Authorities**)
Alþjóðavitamálastofnunin IALA var stofnuð 1. júlí 1957 sem félagasamtök vitastofnanna. Vegagerðin og forverar hennar voru stofnaðilar að IALA. Tilgangur stofnunarinnar er að vera samráðsvettvangur opinberra stofnana sem bera ábyrgð á vita- og leiðsögumálum til sjós, með það að markmiði að samræma verklag og útfærslu tæknilegra lausna. Þetta felur meðal annars í sér þróun og rekstur leiðarmerkja fyrir siglingar sem staðsett eru fyrir utan skip, í samræmi við lagalegar skyldur um öryggi siglinga samkvæmt íslenskum lögum og reglugerðum. Þau taka meðal annars til öryggis og leiðbeininga siglinga við strendur landsins, á fiskimiðum og í millilandasiglingum.

Á árinu 2024 var áfram unnið að því að umbreyta IALA frá því að vera félagasamtök (NGO, non governmental organisation) í sjálfstæða alþjóðastofnun ríkja (IGO, intergovernmental organisation). Samningur um stofnun nýju alþjóðastofnunarinnar hefur þegar verið undirritaður af íslenska ríkinu og bíður nú fullgildingar á Alþingi. Stofnunin tekur formlega til starfa þegar 30 ríki hafa fullgilt samninginn í þjóðþingum sínum. Þá verður núverandi félagasamtökum IALA slitið og staða IALA sem ráðgefandi aðila frá árinu 1961 fyrir IMO fellur formlega niður.

**PAME** (**Protection of the Arctic Marine Environment**)
Í vinnuhópi Norðurskautsráðs um verndun hafsins (PAME) er rekinn gagnagrunnur um skipaumferð á norðurslóðum (ASTD, Arctic Ship Traffic Data). Vegagerðin greiðir hlutdeild í rekstri gagnagrunnsins og kom að því að skilgreina virkni hans. Á árinu hefur verið unnið að ýmsum viðbótum við grunninn og meðal annars verið bætt við fleiri höfnum á norðurslóðum og samantekt á siglingum til þessara hafna á einfaldan hátt. Hægt er að finna grunninn á pame.is.

**PIANC** (**The World Association for Waterborne Transport Infrastructure**)
PIANC (Alþjóðasamtök hafnamála) er alþjóðleg, ópólitísk, sjálfseignarstofnun sem sameinar fagfólk frá ýmsum sviðum sem tengjast uppbyggingu á hafnarinnviðum. PIANC var stofnað árið 1885 og veitir leiðbeiningar, tæknilegar tillögur og staðla um hönnun, þróun og viðhald innviða tengdum höfnum, vatnaleiðum og strandsvæðum.

Markmið samtakanna er að skapa grunn til að safna saman sérfræðiþekkingu vegna hagkvæmra, áreiðanlegra og endingargóðra mannvirkja sem þarf til að standa undir vexti flutninga á sjó. Vegagerðin tekur þátt í starfi samtakanna meðal annars með þátttöku í NordPIANC sem er samstarf Norðurlanda innan PIANC. Norrænar hafnarráðstefnur eru haldnar á tveggja ára fresti. Einnig tekur Vegagerðin þátt í vinnuhópum á vegum samtakanna þar sem afurðin frá þeim eru leiðbeiningar í hafnargerð og strandrannsóknum.

NordPIANC var haldið í Svolvær í Noregi árið 2024 þar sem Vegagerðin var með erindi um sjávarhæðarspákerfi.

**NR&TR** (**Nordic Road & Transport Research**)
Nordic er norrænt tímarit gefið út á ensku sem ætlað er að kynna vega- og samgöngurannsóknir á alþjóðlegum vettvangi. Vegagerðin á fulltrúa í ritstjórn og tekur þátt í útgáfunni með umfjöllun um íslenskar rannsóknir í samgöngum.

**ROADEX**
Vegagerðin er aðili að ROADEX samvinnuvettvanginum en markmið ROADEX er að halda áfram góðu samstarfi vegagerða í Norður-Evrópu um rannsóknir og þróun á viðhaldsstjórnun á fáfarnari vegum. Flestir vegir á Íslandi myndu flokkast undir þessa skilgreiningu og er því Vegagerðinni mikill fengur í því að taka þátt í þessu samstarfi. ROADEX verkefnið á rætur sínar að rekja allt aftur til ársins 1998 og því hefur safnast saman mikið af þekkingu sem tekin er saman á vefsetri ROADEX https://www.roadex.org/

ROADEX vinnur núna að þróunarverkefni sem fjallar m.a. um afvötnun vega. Stoðdeild Vegagerðarinnar er virkur þátttakandi í því og notast verkefnið að hluta við gögn sem safnað hefur verið í sumar með veggreini og falllóði. Roadscanners Oy í Finnlandi sér um gagnaúrvinnslu. Gert er ráð fyrir skýrslu um verkefnið í árslok.

**NAPCore**
NAPCore er vettvangur sem settur var á laggirnar af Evrópusambandinu til að koma upp svokölluðum NAPs í aðildarríkjunum. Síðar hafa fleiri lönd tekið þátt í starfinu að hluta til þ. á m. Noregur og Ísland. Ísland hóf þátttöku á árinu 2024. NAP stendur fyrir National Access Point og er stakur vettvangur, t.d. vefsíða, þar sem öllum upplýsingar um umferð, færð, aðstæður og allt annað sem viðkemur vegakerfi hvers lands er safnað saman. Einnig upplýsingum um almenningssamgöngur, ferjuleiðir o.s.frv. Hver þjóð setur upp einn slíkan vettvang þar sem fyrirtæki í umferðarleiðsögu geta sótt allar upplýsingar, t.d. Google, Waze, TomTom og Here. Vegagerðin tekur þátt í starfinu til að öðlast þá þekkingu sem þarf til að koma upp slíkum vettvangi, vefsíðu, hér á landi sem stefnt er að á næstu árum.



Frá framkvæmdum við tvöföldum Reykjanesbrautar
frá Krýsuvíkurvegi að Hvassahrauni.
Mynd: Anton Brink

7. kafli

# Framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2024



# Framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2024

## 7.1 Suðursvæði

### (1) Hringvegur um Mýrdal, jarðgöng

**Umfang verks:** Verkefnið fólst í að útfæra færslu Hringvegar (1-b2_b4) um Mýrdal þ.a. tryggja megi greiðfærni, aukið umferðaröryggi, taka þjóðveginn út fyrir þéttbýlið í Vík og stytta Hringveginn. Samkvæmt aðalskipulagi Mýrdalshrepps liggur vegurinn suður fyrir Geitafjall, meðfram Dyrhólaós og í gegnum Reynisfjall í jarðgöngum sunnarlega í fjallinu. Vegurinn myndi svo liggja sunnan við Vík og tengjast núverandi vegi austan við byggðina.
**Framkvæmdaform:** Fjármagnað í samstarfi við einkaaðila.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | 20 |
| Samgönguáætlun 2021 | 20 |
| Samgönguáætlun 2022 | 20 |
| Fært af öðrum verkum 2023 | 247 |
| Uppgjör 2024 | 0 |
| **Samtals** | **307** |

**Verkframvinda 2020:** Unnið var að forhönnun og undirbúningi vegna mats á umhverfisáhrifum
**Verkframvinda 2021:** Unnið var að margs konar rannsóknum vegna MÁU sem og frumdrögum mismunandi valkosta. Þá voru einnig teknar rannsóknarholur í Reynisfjalli á mögulegri gangaleið. Matsáætlun var skilað til Skipulagsstofnunar í lok árs 2021.
**Verkframvinda 2022:** Unnið var að umhverfismati og umhverfismatsskýrslu og ýmsum rannsóknum vegna umhverfismatsins. Þá var rannsóknarholum bætt við í á mögulegri gangaleið í Reynisfjalli. Áfram var unnið að frumdrögum mismunandi valkosta. Einnig var unnið umferðaröryggismat fyrir alla valkosti og umferðargreining fyrir þrjú gatnamót.
**Verkframvinda 2023:** Unnið var við umhverfismat og umhverfismatsskýrslu. Umferðarspá var uppfærð sem hafði áhrif á hönnun valkosta sem var þá uppfærð. Einnig var hljóðvist og umferðaröryggismat uppfært. Umhverfismatsskýrsla var send til kynningar.
**Verkframvinda 2024:** Umhverfismat var sent til Skipulagsstofnunnar til kynningar í lok árs 2023. Það var svo kynnt og tekið við umsögnum í upphafi árs 2024. Unnið var við að svara umsögnum og ljúka umhverfismatsferlinu. Í framhaldinu var ákveðið að skoða nánar útfærslur á klifurrein í Gatnabrún.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 21 |
| 2021 | 108 |
| 2022 | 128 |
| 2023 | 50 |
| 2024 | 21 |
| **Samtals** | **328** |

# (1) Hringvegur um Jökulsá á Sólheimasandi

**Umfang verks:** Gerð bráðabirgðavegar og -brúar, alls 940 m, norðan núverandi brúar (Vegagerðin sá um reisningu bráðabirgðabrúar). Rif núverandi brúar. Skildir voru eftir og endurnýttir sökklar millistólpa og rofvarnir landstöpla. Bygging 163 m langrar tvíbreiðrar, steinsteyptrar, eftirspenntrar bitabrúar á fimm höfum ásamt endurgerð vegakafla beggja vegna, alls um einn kílómetri að lengd. Vegkafli vestan brúar lækkaður til að veita flóðtoppum aftakaflóða frá hinu nýja brúarmannvirki.
**Hönnun:** Verkís.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 1.063 m. kr.
**Verktaki:** ÞG verktakar ehf.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2005 | 2 |
| Samgönguáætlun 2010 | 1 |
| Samgönguáætlun 2019 | 20 |
| Samgönguáætlun 2020 | 350 |
| Samgönguáætlun 2021 | 200 |
| Breikkun brúa 2021 | 220 |
| Heimild af viðhaldi 2021 | 250 |
| Uppgjör verks 2023 | 29 |
| Uppgjör verks 2024 | 18 |
| **Samtals** | **1.090** |

**Verkframvinda 2019:** Unnið var að undirbúningi og hönnun.
**Verkframvinda 2020:** Unnið var við verkhönnun og undirbúning framkvæmdar. Útboð framkvæmdarinnar var auglýst í september á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og samið við ÞG-verk um verkið (735 m. kr.). Eftirlit framkvæmdar var boðið út í desember og var samið við Mannvit (20 m. kr.).
**Verkframvinda 2021:** Bráðabirgðabrú og -vegi komið í gagnið. Brú rifin, skildir eftir sökklar og millistólpar, annað rifið. Jökulsánni var veitt til hliðar. Slegið upp fyrir milliundirstöðum ofan á endurnýttum sökklum og þær steyptar. Jarðfyllingu komið fyrir og járnabitum til að spanna hafið þar sem áin rann, í hæð fyrir undirslátt brúardekks. Slegið var upp fyrir brúardekki og það steypt.
**Verkframvinda 2022:** Slegið var frá brúardekki. Í ljós komu miklar steypuskemmdir. Steyptar voru sigplötur beggja vegna. Vegir voru klæddir, brúar- og vegavegriði komið fyrir, umferðarskiltum komið upp og vegmerkingar málaðar. Farið var í víðtækar viðgerðir vegna steypuskemmda.
**Verkframvinda 2023:** Farið í viðgerðir á steypu brúarmannvirkis:

- Steypuhreiður kringum boltagrúbbur í kantbitum.
- Steypuhreiður í framkanti kantbita.
- Steypuhreiður í neðri brún brúardekks.
- Hreinsa ofan af legum og reyna að tryggja styrk undirstöðu ofan á legum.
- Steypuhreiður í landstöplum (L1 og L2).
- Lagfæra/milda litamun í steypu landstöpla.
- Steypuskil.

Lagfæra brúarvegriði – skipt út tveimur stoðum.
Lagfæra miðað við athugasemdir varðandi vegframkvæmd og almennan frágang lands.

Málaferli urðu í verkinu. Annars vegar fóru ÞG verktakar fram á bætur vegna hækkaðs hráefnaverðs og hins vegar fór Vegagerðin fram á bætur vegna steypugalla.

**Verkframvinda 2024:** Viðgerðum á brú lauk á vormánuðum. Í nóvember var skrifað upp á samkomulag milli Vegagerðarinnar og ÞG verktaka ehf. um sættir varðandi ágreiningsmál sín á milli. Felld yrðu niður eftirfarandi ágreiningsmál:

- Matsbeiðni verkkaupa vegna ætlaðra galla á brúarmannvirkinu
- Dómsmál, krafa verktaka um bætur vegna verðlagshækkana
- Matsbeiðni verktaka fyrir héraðsdómi Reykjavíkur

Jafnframt er samið um að verktaki taki á sig sérstaka ábyrgð á ákveðnum hlutum brúarinnar er gildir til 1. janúar 2034; viðgerðir sem gerðar hafa verið á brúargólfi, stólpum lega, brúarköntum, festingum vegriða og fleira. Verktaki ber ekki ábyrgð á atvikum við brúarkanta annarra en þeirra sem rekja má til utanaðkomandi, svo sem skemmda vegna umferðar og slíks, atvika sem sannanlega hafa ekki með gæði verks að gera.

Unnið var á árinu að þinglýsingu og frágangi landeigendamála vegna Ytri Sólheima-vegsvæði (L237269).
**Verktaki:** ÞG verktakar ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Kostnaður fyrri ára | 4 |
| 2019 | 8 |
| 2020 | 45 |
| 2021 | 827 |
| 2022 | 157 |
| 2023 | 31 |
| 2024 | 18 |
| **Samtals** | **1.090** |

## (1) Hringvegur um Ölfusá

**Umfang verks:** Nýr 3,8 km Hringvegur norðaustan Selfoss um nýja brú á Ölfusá við Efri-Laugardælaeyju.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 10.000 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2014 | 9 |
| Samgönguáætlun 2015 | 20 |
| Samgönguáætlun 2016 | 50 |
| Fjárlög 2017 | 50 |
| Flutt á önnur verk 2017 | -57 |
| Fjárlög 2018 | 20 |
| Samgönguáætlun 2019 | 10 |
| Samgönguáætlun 2020 | 10 |
| Samgönguáætlun 2021 | 10 |
| Fjárlög 2023 | 328 |
| Fjárlög 2024 | 174 |
| **Samtals** | **624** |

**Verkframvinda:** Á árunum 2014-2016 var unnið að frumdrögum brúar og undirbúningi landakaupa.
**Verkframvinda 2017:** Unnið að forhönnun brúar og undirbúningi landakaupa.
**Verkframvinda 2018:** Unnið að landakaupum.
**Verkframvinda 2019:** Unnið að forhönnun brúar og landakaupum.
**Verkframvinda 2020:** Kaup á landi og fornleifauppgröftur.
**Verkframvinda 2021:** Unnið að forhönnun brúar á Ölfusá ásamt vegtengingum. Sótt var um framkvæmdaleyfi vegna vegfyllinga milli Biskupstungnabrautar og Ölfusár og var umframefni úr fargfyllingum í framkvæmdinni milli Biskupstungnabrautar og Gljúfurholtsár ekið í nýtt vegstæði Hringvegar.
**Verkframvinda 2022:** Unnið að forhönnun brúar á Ölfusá ásamt vegtengingum. Útboðsferli var undirbúið og auglýst eftir áhugasömum aðilum á Evrópska efnahagssvæðinu varðandi þátttöku í útboðsferli og voru haldin markaðssamtöl með þeim aðilum á árinu.
**Verkframvinda 2023:** Auglýst var samkeppnisútboð vegna framkvæmdarinnar þann 3. mars 2023 um hönnun, framkvæmd og fjármögnun á framkvæmdatíma og bárust umsóknir frá fimm þátttakendum sem í kjölfarið voru allir metnir hæfir til að taka þátt í útboðinu og var þeim sent boð um þátttöku í útboðinu í maí 2023 á forsendum útboðsauglýsingarinnar. Unnið var að viðskiptáætlun vegna verkefnisins í tengslum við lög um samvinnuverkefni. Þann 20. nóvember 2023 voru útboðsgögn send til þessara 5 þátttakenda og skilafrestur veittur til 12. mars 2024.
**Verkframvinda 2024:** Tilboð voru opnuð 12. mars 2024 og var einn bjóðandi. Samningsviðræður við bjóðanda stóðu yfir til júlí 2025. Gerðar voru breytingar á lögum um samvinnuverkefni í nóvember 2024 sem gerðu það kleift að skrifa undir verksamning við ÞG-verk 20. nóvember 2024. ÞG-verk eru aðalverktaki en byggja á reynslu Ramboll við hönnun brúar á Ölfusá, VSL international fyrir byggingu brúarinnar, Verkís hf. fyrir hönnun annarra brúa og vega. Verkhönnun hófst í nóvember 2024 sem og undirbúningur framkvæmda.
**Verktakar:** ÞG verk.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2014 | 9 |
| 2015 | 20 |
| 2016 | 4 |
| 2017 | 9 |
| 2018 | 45 |
| 2019 | 38 |
| 2020 | 33 |
| 2021 | 72 |
| 2022 | 127 |
| 2023 | 93 |
| 2024 | 174 |
| **Samtals** | **624** |

## (1) Hringvegur, Selfoss – Hveragerði

**Umfang verks:** Breikkun Hringvegar frá Biskupstungnabraut að Kambarótum. Byggður verður 2+1-vegur með aðskildum akstursstefnum með vegriði í miðdeili og planvegamótum. Hönnun miðar við að breikkað verði síðar í 2+2-veg og gera allar breiddir og rými ráð fyrir þeirri breikkun síðar.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 8.500 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2005 | 1 |
| Samgönguáætlun 2006 | 3 |
| Samgönguáætlun 2007 | 4 |
| Samgönguáætlun 2008 | 26 |
| Samgönguáætlun 2009 | 68 |
| Samgönguáætlun 2010 | 9 |
| Samgönguáætlun 2013 | 1 |
| Samgönguáætlun 2014 | 3 |
| Samgönguáætlun 2015 | 8 |
| Samgönguáætlun 2016 | 100 |
| Fjárlög 2017 | 350 |
| Flutt á önnur verk 2017 | -44 |
| Fjárlög 2018 | 250 |
| Flutt á önnur verk 2018 | -92 |
| Samgönguáætlun 2019 | 1.250 |
| Samgönguáætlun 2020 | 1.950 |
| Samgönguáætlun 2021 | 2.150 |
| Samgönguáætlun 2022 | 1.350 |
| Fjárlög 2023 | 3.500 |
| Fjárlög 2024 | 175 |
| **Samtals** | **11.062** |

**Verkframvinda:** Á árinu 2016 var unnið að undirbúningi landakaupa, jarðtæknilegra rannsókna ásamt hönnun. Hönnun var boðin út um sumarið og samið við ráðgjafa í september.
**Verkframvinda 2017:** Unnið var að forhönnun og verkhönnun, auk þess sem unnið var í samningum við landeigendur.
**Verkframvinda 2018:** Unnið var að verkhönnun framkvæmdarinnar og samningaviðræðum við landeigendur. 1. áfangi framkvæmda var boðinn út í nóvember 2018 og buðu 5 aðilar í verkið. Íslenskir aðalverktakar voru lægstbjóðendur og var samið við þá um verkið. Tilboðsupphæð var 1.361,2 m.kr. sem var 8,9% yfir kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar. Áætluð verklok 1. áfanga voru í október 2019.

**Verkframvinda 2019:** Unnið var að verkhönnun síðari áfanga framkvæmdarinnar ásamt samningaviðræðum við landeigendur. Framkvæmdir við 1. áfanga hófust í janúar 2019 og var umferð hleypt á nýjan 2,5 km Hringveg milli Gljúfurholtsár og Varmár með aðskildum akstursstefnum í nóvember 2019. Byggð voru ný vegamót við Vallaveg og Ölfusveg ásamt breikkun brúar á Varmá, ný undirgöng fyrir gangandi og hesta við Velli og nýir hliðarvegir. Endanlegum frágangi og einstökum verkþáttum vegna 1. áfanga lýkur árið 2020.
**Verkframvinda 2020:** Framkvæmdir við 2. áfanga voru boðnar út í febrúar 2020 og tilboð opnuð í mars og buðu 3 aðilar í verkið. Tilboðsupphæð var 5.069 m.kr., um 96,6% af kostnaðaráætlun. Lengd útboðskaflans er 7,1 km. Um er að ræða nýbyggingu Hringvegar að hluta og endurgerð núverandi Hringvegar að hluta, gerð nýrra vegamóta við Kirkjuferjuveg og Hvammsveg eystri, gerð hringtorgs við Biskupstungnabraut, nýbyggingu Ölfusvegar, breytingu Þórustaðavegar og Biskupstungnabrautar sem og gerð heimreiða. Hluti verksins er bygging fimm steyptra brúa og undirganga ásamt tveimur reiðgöngum úr stáli. Framkvæmdir hófust í maí 2020 og var að mestu unnið við fergingu vegarins. Áætluð verklok voru í september 2023. Framkvæmdir hófust á verkstað 16. apríl 2020 með vinnu við fyllingar í Þórustaðavegi. Í byrjun maí 2020 hófst einnig akstur fyllingarefnis í Ölfusveg. Samhliða þessu voru grafnir framræsluskurðir og gengið frá grjótsvelgjum til að tryggja framrás vatns í skurðum. Unnið var við fargfylllingar á Hringvegi. Þá var einnig hafist handa við gröft fyrir lögnum veitustofnana og gengið frá viðeigandi lögnum í skurði.
**Verkframvinda 2021:** Eiginleg vinna við brúargerð hófst í byrjun árs með grefti fyrir brú á Gljúfurholtsá í Ölfusvegi og kláraðist vinna við þá brú á árinu. Einnig kláraðist að steypa brú á Gljúfurholtsá á Hringvegi. Vinna við Kotstrandarbrú hófst í febrúar og kláraðist á árinu að steypa undirstöður og stoðvegg að norðan. Vinna við undirbúning brúar á Bakkarholtsá hófst um miðjan september með hjáveitu árinnar og aðstöðusköpun og grafið var fyrir undirstöðum.

Unnið var við að fjarlægja fargfyllingar á Hringvegi 1 og hluta þeirra ekið í væntanlegt vegstæði um mýrarsvæði vestan við fyrirhugaða brú yfir Ölfusá. Talsverð vinna var í breytingum á vatnslögnum við Biskupstungnabraut og nýju hringtorgi þar. Reiðundirgöng við Árbæ voru kláruð á árinu og lokið var við gröft fyrir undirgöng um Þórustaðarveg. Í lok október var umferð hleypt á þennan hluta Ölfusvegar sem liggur frá Kirkjuferjuvegi til austurs og meðfram Ingólfsfjalli.

Á árinu var unnið við uppbyggingu Hringvegar undir Ingólfsfjalli. Kláraðist undirbygging vegarins og náðist að leggja burðarlagsmalbik og steypa kantsteina við hringtorg við Biskupstungnabraut. Tíðarfar um haustið 2021 varð til þess að ekki var unnt að leggja slitlagsmalbik á þennan kafla eins og vonast hafði verið til. Unnið var í undirbyggingu Hringvegar frá Kotströnd að Hvammsvegi eystri á árinu.
**Verkframvinda 2022:** Á árinu lauk vinnu við brú við Kotströnd á Hringvegi, brú yfir Bakkarholtsá á Hringvegi, reiðgöng við Kögunarhól undir Hringveg, undirgöng við Þórustaðarveg undir Hringveg og reiðgöng við Árbæ undir Hringveg. Vinnu við vegagerð á Hringvegi á kaflanum frá Kirkjuferjuvegi að hringtorgi við Biskupstungnabraut lauk þann 8. september 2022 og var sá hluti vegarins þá tekinn í notkun.

Á árinu var einnig unnið í vegagerð frá Glúfurholtsá á Hringvegi að vegamótum við Kirkjuferjuveg og vegurinn á þeim vegkafla malbikaður, að því undanskildu að ekki náðist að malbika brú á Bakkarholtsá.

**Verkframvinda 2023:** Á fyrri hluta ársins 2023 var lokið öllum verkum á Hringvegi milli Gljúfurholtsár og Kirkjuferjuvegar, malbikun slitlagsbiks yfir Kotstrandarbrú og allri malbikun sem eftir var um Bakkárholtsá, þar sem öll malbikslög voru eftir frá fyrra ári. Lokið var við uppsetningu vegriða og handriða yfir brýr við Kotströnd og um Bakkárholtsá.

Opnað var fyrir umferð um nýjan Hringveg laugardaginn 13. maí 2023 og vegurinn svo formlega tekinn í notkun við formlega athöfn fimmtudaginn 25. maí af forstjóra Vegagerðarinnar og innviðaráðherra, að viðstöddu fjölmenni.

Síðar á árinu var lokið ýmsum frágangi í umhverfi Hringvegar. Einnig var lokið við malbikun og tengingar hins nýja Ölfusvegar við gamla hringveginn, undir Kotstrandarbrú, við Kirkjuferjuveg og að endingu austan Þórustaða. Þá var lokið tengingu heimreiðar að Mæri, auk annars frágangs í umhverfi Ölfusvegar.
**Verkframvinda 2024:** Unnið var við ýmis frágangsverk og verkið klárað.
**Verktaki:** Íslenskir aðalverktakar.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---:|
| 2005 | 1 |
| 2006 | 3 |
| 2007 | 4 |
| 2008 | 26 |
| 2009 | 68 |
| 2010 | 9 |
| 2013 | 1 |
| 2014 | 3 |
| 2015 | 8 |
| 2016 | 54 |
| 2017 | 99 |
| 2018 | 153 |
| 2019 | 1.929 |
| 2020 | 1.587 |
| 2021 | 2.335 |
| 2022 | 4.050 |
| 2023 | 558 |
| 2024 | 174 |
| **Samtals** | **11.062** |

## (1) Hringvegur, Vesturlandsvegur um Kjalarnes

**Umfang verks:** Breikkun 9 km tveggja akreina vegarkafla milli Varmhóla og Hvalfjarðar. Byggður verður 2+1 vegur með aðskildum akbrautum. Í verkinu eru þrjú hringtorg, við Móa, Grundarhverfi og Hvalfjarðarveg. Byggð verða fimm undirgöng úr stálplötum, áningarstaður, hliðarvegir, reiðstígar og stígar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Fergja á vegstæði og framtíðarstæði stíga meðfram hliðarvegum. Verkinu tilheyra ræsi, regnvatnslagnir, veglýsing, lagnir fyrir upplýsingakerfi Vegagerðarinnar og breytingar á lögnum veitufyrirtækja.
Verkið er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar, Veitna og Gagnaveitu Reykjavíkur.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 6.500 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárheimildir fyrri ára | 1 |
| Samgönguáætlun 2017 | 10 |
| Samgönguáætlun 2018 | 8 |
| Samgönguáætlun 2019 | 200 |
| Samgönguáætlun 2020 | 400 |
| Samgönguáætlun 2021 | 1.900 |
| Samgönguáætlun 2022 | 1.100 |
| Fjárlög 2023 | 1.300 |
| Fjárlög 2024 | 66 |
| **Samtals** | **4.985** |

**Verkframvinda 2019:** Á árinu 2019 var unnið að undirbúningi og hönnun.
**Verkframvinda 2020:** Unnið var að verkhönnun og undirbúningi. Matskýrsla var lögð fram í lok júní og gerð var minniháttar breyting á deiliskipulagi. Í júlí var auglýst útboð 1. áfanga sem er 4,13 km langur kafli milli Varmhóla og Vallár. Í september var auglýst útboð á eftirliti með 1. áfanga en bæði útboðin voru auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og er verktími til júní 2023. Samið var við Ístak 2.305 m.kr. um verkframkvæmdina og Eflu um eftirlit 36,9 m.kr. Framkvæmdir hófust í september, unnið var veitulagnir og fergingar á vegstæði.
**Verkframvinda 2021:** Áfram unnið við fergingar, veitulagnir og fyllingar. Einnig samið um viðbótarverk, sem fólst í fergingum fyrir 2. áfanga, handan við Grundarhverfi.
**Verkframvinda 2022:** Unnið jöfnum höndum í Hringvegi og hliðarvegum við veitulagnir, fergingar, hjáleiðir, fyllingar, styrktar- og burðarlög, sem og gagnaveitu. Einnig unnið að gerð undirganga við Varmhóla og Saltvík.
**Verkframvinda 2023:** Farg var tekið af Hringvegi þar sem við átti. Veguppbygging og malbikun á milli stöðva 19.260 – 20.620 ásamt hringtorgi, einnig voru vegrið og veglýsing sett upp á árinu. Hvað hliðarvegi varðar þá var unnið við Skriðu-/Esjuveg sem og Sætúns-/Saltvíkurveg við jarðvinnu vega, stígalýsingar og uppsetningu hennar. Göngustígar voru malbikaðir og klæðing sett á hliðarvegina. Við Varmhólaundirgöngin voru undirstöður steyptar, stálgrind sett á undirstöður og lýsingu komið fyrir. Eins var unnið við vegagerð yfir undirgöngum og malbikun þeirra göngustíga sem þeim tilheyra. Hvað Saltvíkurundirgöngin varðar þá kom upp vandamál með sig og því þurfti að vinna í miklum greftri og jarðvegsskiptum til að reyna að koma í veg fyrir það. Fyrir utan það var unnið við sömu þætti og við Varmhólaundirgöngin.
**Verkframvinda 2024:** Unnið var við ýmis frágangsverk eftir lokaúttekt og verkið klárað.
**Verktaki:** Ístak hf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 1 |
| 2017 | 9 |
| 2018 | 8 |
| 2019 | 79 |
| 2020 | 316 |
| 2021 | 1.435 |
| 2022 | 1.447 |
| 2023 | 1.624 |
| 2024 | 66 |
| **Samtals** | **4.985** |

## (1) Hringvegur um Núpsvötn og Hverfisfljót

**Umfang verks:** Byggðar verða nýjar brýr á Hverfisfljót (74 m löng) og á Núpsvötn (138 m löng). Báðar brýrnar verða tvíbreiðar og koma í stað núverandi einbreiðra brúa. Vegagerð við Hverfisfljót er um 2,1 km og við Núpsvötn 1,9 km. Byggðir verða áningar-/útsýnisstaðir við báðar brýrnar.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 1.437 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Heimildir fyrri ára | 12 |
| Tímabundið fjárfestingaátak 2020 | 20 |
| Samgönguáætlun 2021 | 910 |
| Breikkun brúa 2021 | 350 |
| Samgönguáætlun 2022 | 470 |
| Breikkun brúa 2022 | 500 |
| Breikkun brúa 2023 | 96 |
| Uppgjör verks 2023 | -135 |
| Uppgjör verks 2024 | 9 |
| **Samtals** | **2.232** |

**Verkframvinda 2020:** Unnið var við hönnun og undirbúning. Brúin á Hverfisfljót var hönnuð af hönnunardeild Vegagerðarinnar en brúin á Núpsvötn var hönnuð af VSÓ verkfræðistofu.
**Verkframvinda 2021:** Báðar brýrnar voru boðnar út í sameiginlegu útboði sem auglýst var 7. júní. Verksamningur við ÞG verk ehf. var undirritaður 6. ágúst. Áður hafði, að undangengnu útboði, Steypustöðin ehf. tekið að sér að framleiða niðurrekstrarstaura fyrir Núpsvötn. Sumarið 2021 sá vinnuflokkur Vegagerðarinnar um að reka niður staurana. Verktaki hóf framkvæmdir við Hverfisfljót síðari hluta ágúst en lítið var unnið við Núpsvötn á árinu.
**Verkframvinda 2022:** Á árinu var lokið við framkvæmdir við brúna yfir Hverfisfljót ásamt vegtengingum. Klætt var neðra lag vegyfirborðs og umferð hleypt á brúna þann 22. nóvember. Það sem eftir var af verkinu var seinna klæðningarlag á vegtengingar, niðurrif gömlu brúarinnar yfir Hverfisfljót, frágangur á þeim hluta vegarins sem nú er aflagður og yfirborðsfrágangur jaðarsvæða. Lokið var gerð brúarinnar yfir Núpsvötn ásamt fyllingu í vegsvæði vestanvert, einnig var unnið við vegfyllingu að austan en þeim megin rann áin á meðan á byggingu brúarinnar stóð. Í byrjun desember var ánni veitt undir nýju brúna. Vegna illviðra og erfiðra vetrarað-

stæðna í desember náðist ekki að ljúka gerð fyllingarinnar yfir árfarveginn fyrir árslok. Það sem stóð út af var frágangur fyllingar austan brúar, útlögn styrktar-, burðarlaga og klæðningar, ásamt landmótun og yfirborðsfrágangi.
**Verkframvinda 2023:** Á árinu var lokið framkvæmdum við verkið Hringvegur (1) um Hverfisfljót og Núpsvötn. Helstu verk ársins við Hverfisfljót voru útlögn efra klæðningarlags á vegtengingar, niðurrif gömlu brúarinnar yfir Hverfisfljót, frágangur á þeim hluta vegarins sem nú er aflagður og yfirborðsfrágangur námu- og jaðarsvæða. Við Núpsvötn var lokið fyllingum austan brúar, útlögn styrktar-, burðarlaga og klæðninga beggja vegna árinnar, ásamt landmótun og yfirborðsfrágangi námu- og jaðarsvæða. Vígsla fór fram 29. júní 2023.
**Verkframvinda 2024:** Á árinu voru ekki verklegar framkvæmdir við verkið. Hins vegar var gengið frá lokauppgjöri við landeigendur og unnið við frágang þinglýsinga vegna landakaupa.
**Verktaki:** ÞG verk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2017 | 4 |
| 2018 | 4 |
| 2019 | 4 |
| 2020 | 59 |
| 2021 | 355 |
| 2022 | 1.702 |
| 2023 | 95 |
| 2024 | 9 |
| **Samtals** | **2.232** |

## (30) Skeiða- og Hrunamannavegur um Stóru Laxá

**Umfang verks:** Byggð verður ný tvíbreið brú á Stóru Laxá í Hrunamannahreppi auk nýrra vegtenginga. Nýja brúin kemur í stað einbreiðrar brúar. Vegamót Skeiða- og Hrunamannavegar og Auðsholtsvegar verða lagfærð.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 1.079 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tímabundið fjárfestingarátak 2020 | 30 |
| Samgönguáætlun 2021 | 210 |
| Samgönguáætlun 2022 | 810 |
| Uppgjör verks 2023 | -41 |
| Uppgjör verks 2024 | 124 |
| **Samtals** | **1.133** |

**Verkframvinda 2020:** Unnið við hönnun og undirbúning.
**Verkframvinda 2021:** Útboðið var auglýst í júlí og verksamningur undirritaður 23. september. Verktaki hóf undirbúning og aðstöðuskönpun. Í framhaldinu var unnið við vatnaveitingar, jarðvinnu og uppsteypu sökkla og brúarstöpla.
**Verkframvinda 2022:** Í byrjun janúar hófst áframhaldandi vinna við uppsteypu sökkla og stöpla. Umferð var stýrt inn á gömlu brúna með umferðarljósum. Vatnaveitingar voru umfangsmiklar. Í byrjun ágúst var byrjað á undirbúningi fyrir mótauppslátt fyrir brúardekkinu og stóð sú vinna fram í desember. Í árslok gerði óvanalega miklar frosthörkur og tókst ekki að steypa brúardekkið fyrir árslok. Frosthörkur ollu íssöfnun í ánni og olli það verktaka miklum vandræðum.
**Verkframvinda 2023:** Snjókoma og frosthörkur settu svip á fyrstu mánuði ársins og olli það verktaka vandræðum. Í lok janúar var tekin ákvörðun um að tjalda yfir brúna og hita upp steypumótin. Tókst að steypa yfirbyggingu brúarinnar í lok janúar. Í framhaldi var unnið við uppspennu brúarinnar og ýmsan frágang á henni. Einnig var unnið við vegtengingar að brúnni, útlögn slitlags, yfirborðsmerkingar o.fl. Brúin var opnuð fyrir umferð 25. júní. Lokaúttekt fór fram 21. júlí.
**Verkframvinda 2024:** Unnið var við hönnun og undirbúning á handriði sem sett verður á gömlu brúna, en hún hefur fengið nýtt hlutverk sem reiðbrú. Verður núverandi vegrið tekið niður og nýtt handrið um 1,7 m á hæð sett í staðinn. Áætlað er að handriðið verði smíðað og sett upp árið 2025.
**Verktaki:** Ístak hf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Kostnaður fyrri ára | 2 |
| 2020 | 19 |
| 2021 | 122 |
| 2022 | 873 |
| 2023 | -7 |
| 2024 | 124 |
| **Samtals** | **1.133** |

## (204) Meðallandsvegur, slitlagsendi-Efri Ey

**Umfang verks:** Um er að ræða endurbyggingu á Meðallandsvegi (204-03-04) í Skaftárhreppi. Um er að ræða framkvæmdir frá núverandi slitlagsenda á kafla 03 og vestur fyrir afleggjara að Efri Ey á kafla 04. Framkvæmdir verða að öllu leyti á núverandi vegi. Verkið felst í styrkingu og klæðingu bundins slitlags ásamt lagfæringu núverandi vegar, sem er að jafnaði um 5-6 m breiður, í 6,5 m breiðan veg með 6,3 m breiðu bundnu slitlagi og 2 x 10 cm breiðum malaröxlum. Framkvæmdakaflinn sem um ræðir er um 5 km að lengd. Verkið er hluti af tengivegaáætlun.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 280 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Framtíðarverk 2023 | 7 |
| Tengivegir 2024 | 5 |
| Uppgjör verks 2024 | -2 |
| **Samtals** | **10** |

**Verkframvinda 2024:** Unnið að hönnun og undirbúningi.
**Verktaki:**Óráðið.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2023 | 7 |
| 2024 | 3 |
| **Samtals** | **10** |

## (250) Dímonarvegur, Hringvegur - Auravegur

**Umfang verks:** Um er að ræða endurmótun á um 3 km löngum vegarkafla frá Hringvegi og rétt norður fyrir vegamót við Auraveg, auk útlagningar burðarlags og klæðingar á þennan veg og aðliggjandi tengingar. Einnig var gert ráð fyrir breytingu á vegamótum við Hringveg og við Auraveg og gerð hjáreina/vasa á vegamót Hringvegar og Hólmabæjavegar (251) og Dímonarvegar (250).

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Framtíðarverk 2023 | 1 |
| Tengivegir 2024 | 150 |
| Uppgjör verks 2024 | -37 |
| **Samtals** | **114** |

**Verkframvinda 2023:** Unnið var við verkhönnun, samninga við landeigendur og gerð útboðsgagna.
**Verkframvinda 2024:** Verkið var boðið út í apríl og framkvæmdir hófust í júní og verki lauk í ágúst.
**Verktaki:** Þjótandi ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2023 | 1 |
| 2024 | 113 |
| **Samtals** | **114** |

## (252) Landeyjavegur, Þúfa / Einungismýri-Ártúnsvegur

**Umfang verks:** Um er að ræða endurbyggingu Landeyjarvegar (252-05), frá núverandi slitlagsenda austan vegamóta við Ártúnsveg í átt að Þúfu. Verkið felst í styrkingu og klæðingu bundins slitlags ásamt lagfæringu núverandi vegar, sem er að jafnaði um 5-6 m breiður, í 7 m breiðan veg með 6,8 m breiðu bundnu slitlagi og 2 x 10 cm breiðum malaröxlum. Framkvæmdakaflinn sem um ræðir er 4 km að lengd. Verkið er hluti af tengivegaáætlun.
**Framkvæmdarform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 200 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Uppgjör verks 2024 | 1 |
| **Samtals** | **1** |

**Verkframvinda 2024:** Unnið að hönnun og undirbúningi.
**Verktaki:** Óráðið.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2024 | 1 |
| **Samtals** | **1** |

## (264) Rangárvallavegur, Keldur - Hróarslækur

**Umfang verks:** Um er að ræða endurbyggingu Rangárvallarvegar (264-02) frá Keldum að Hróarslæk. Verkið felst í styrkingu og klæðingu bundins slitlags ásamt lagfæringu núverandi vegar, sem er að jafnaði um 5-6 m breiður, í 6,5 m breiðan veg með 6,3 m breiðu bundnu slitlagi og 2 x 10 cm breiðum malaröxlum. Framkvæmdakaflinn sem um ræðir er 5,3 km að lengd. Verkið er hluti af tengivegaáætlun.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 320 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Uppgjör verks 2024 | 1 |
| **Samtals** | **1** |

**Verkframvinda 2024:** Hönnun og undirbúningur.
**Verktaki:** Óráðið.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2024 | 1 |
| **Samtals** | **1** |

## (268) Þingskálavegur, Heiði - Bolholt

**Umfang verks:** Um er að ræða endurbyggingu Þingskálavegar (268) frá slitlagsenda við Heiði á Rangárvöllum að slitlagsenda við Örlygsstaðamela í Rangárþingi ytra, ásamt tengingum að nokkrum aðliggjandi minni vegum. Verkið fólst að stærstum hluta til í breikkun þáverandi vegar (7,5 km), sem var að jafnaði 5-6 m breiður, upp í 6,5 m breiðan veg með 6,3 m breiðu bundnu slitlagi, vegtegund C7.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 360 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Uppgjör verks 2023 | 44 |
| Tengivegir 2024 | 413 |
| Uppgjör verks 2024 | -109 |
| **Samtals** | **348** |

**Verkframvinda 2022:** Unnið var við forhönnun og jarðfræðirannsóknir.
**Verkframvinda 2023:** Unnið var við hönnun verks, landeigendasamninga, efnisbótasamninga og útboðsgögn. Verkið var boðið út í desember.
**Verkframvinda 2024:** Tilboð voru opnuð í janúar og skrifað var undir verksamning við verktaka í janúar. Framkvæmdir hófust í mars og lauk verkinu í október með fullnaðarfrágangi í námu.
**Verktaki:** Þjótandi ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2022 | 1 |
| 2023 | 43 |
| 2024 | 304 |
| **Samtals** | **348** |

## (286) Hagabraut, Landvegur - Reiðholt

**Umfang verks:** Um er að ræða endurbyggingu Hagabrautar (286-01) frá Landvegi að Reiðholti. Verkið felst í styrkingu og klæðingu bundins slitlags ásamt lagfæringu núverandi vegar, sem er að jafnaði um 5-6 m breiður, í 6,5 m breiðan veg með 6,3 m breiðu bundnu slitlagi og 2 x 10 cm breiðum malaröxlum. Framkvæmdakaflinn sem um ræðir er 7 km að lengd. Verkið er hluti af tengivegaáætlun.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Framtíðarverk 2023 | 13 |
| Tengivegir 2024 | 50 |
| Uppgjör verks 2024 | -31 |
| **Samtals** | **32** |

**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 468 m.kr.
**Verkframvinda 2024:** Hönnun, undirbúningur og unnið í landeigandamálum.
**Verktaki:** Óráðið.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2023 | 13 |
| 2024 | 19 |
| **Samtals** | **32** |

## (311) Önundarholtsvegur, Gaulverjabæjarvegur – Skyggnisholt

**Umfang verks:** Um er að ræða endurbyggingu Önundarholtsvegar (311), frá Gaulverjabæjarvegi (33) að Skyggnisholti um 3,0 km. Verkið felst í styrkingu og klæðingu bundins slitlags ásamt lagfæringu núverandi vegar, sem er að jafnaði um 5 m breiður, í 7 m breiðan veg með 6,8 m breiðu bundnu slitlagi og 2 x 10 sm breiðum malaröxlum. Framkvæmdakaflinn sem um ræðir er 3,0 km að lengd.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 220 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Uppgjör verks 2024 | 1 |
| **Samtals** | **1** |

**Verkframvinda 2024:** Hafist var handa við undirbúning verksins.
**Verktaki:** Óráðið.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2024 | 1 |
| **Samtals** | **1** |

## (325) Gnúpverjavegur, Mön - Ásaskóli

**Umfang verks:** Um er að ræða styrkingu á um 1 km löngum vegarkafla frá Mön að Ásaskóla auk útlagningar burðarlags og klæðingar á þennan veg og aðliggjandi tengingar. Skipt var um tvö ræsi á kaflanum.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 66 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tengivegir 2024 | 50 |
| Uppgjör verks 2024 | 14 |
| **Samtals** | **64** |

**Verkframvinda 2024:** Verkið var skilgreint, hannað og boðið út ásamt því að samið var við landeigendur. Framkvæmdir voru boðnar út í júní og lauk í september.
**Verktaki:** Nesey ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2024 | 64 |
| **Samtals** | **64** |

## (351) Búrfellsvegur, milli slitlagsenda

**Umfang verks:** Um er að ræða endurbyggingu frá slitlagsenda nærri Klausturhólum að slitlagsenda við Búrfell, samtals um 4,25 km. Verkið felst í styrkingu vegarins og lagningu bundins slitlags. Vegurinn færist á um 600 m kafla við Hæðarenda.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 235 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tengivegir 2022 | 215 |
| Tengivegir 2023 | 116 |
| Uppgjör verks 2024 | -106 |
| **Samtals** | **225** |

**Verkframvinda 2022:** Framkvæmdin var boðin út í júní og tilboð opnuð 5. júlí. Verktaki byrjaði á framkvæmdum í ágústmánuði og var unnið við ræsagerð, fyllingar og styrktarlag um haustið. Fyrirhugað var að ljúka framkvæmdum sumarið 2023.
**Verkframvinda 2023:** Lokið var við að leggja klæðingu á veginn í lok sumars og framkvæmdum við girðingar um haustið.
**Verkframvinda 2024:** Frágangur á girðingum var kláraður.
**Verktaki:** Suðurtak ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2022 | 119 |
| 2023 | 105 |
| 2024 | 1 |
| **Samtals** | **225** |

## (358) Einholtsvegur, Bræðratunguvegur - Drumboddstaðavegur

**Umfang verks:** Um er að ræða endurbyggingu Einholtsvegar (358-01), frá Bræðratunguvegi (359) að Drumboddstaðavegi um 6,5 km. Verkið felst í styrkingu og klæðingu bundins slitlags ásamt lagfæringu núverandi vegar, sem er að jafnaði um 5 m breiður, í 7 m breiðan veg með 6,8 m breiðu bundnu slitlagi og 2 x 10 sm breiðum malaröxlum. Framkvæmdarkaflinn sem um ræðir er 6,5 km að lengd.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 520 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tengivegir 2024 | 1 |
| **Samtals** | **1** |

**Verkframvinda 2024:** Byrjað var á undirbúningi.
**Verktaki:** Óráðið.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2024 | 1 |
| **Samtals** | **1** |

## (360) Grafningsvegur efri, Þingvallavegur-Grafningsvegur

**Umfang verks:** Um er að ræða endurbyggingu Grafningsvegar (360), frá norðurenda brúar við Írufossvirkjun að vegamótum Grafningsvegar neðri. Verkið felst í styrkingu og klæðingu bundins slitlags ásamt lagfæringu núverandi vegar, sem er að jafnaði um 5-6 m breiður, í 7 m breiðan veg með 6,8 m breiðu bundnu slitlagi og 2 x 10 cm breiðum malaröxlum. Framkvæmdakaflinn sem um ræðir er 1,33 km að lengd. Verkið er hluti af tengivegaáætlun.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 140 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Uppgjör verks 2024 | 1 |
| **Samtals** | **1** |

**Verkframvinda 2024:** Unnið að hönnun og undirbúningi.
**Verktaki:** Óráðið.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2024 | 1 |
| **Samtals** | **1** |

## (431) Hafravatnsvegur, Nesjavallaleið - Úlfarsfellsvegur

**Umfang verks:** Enduruppbygging vegar og lagning bundins slitlags frá Nesjavallaleið að Úlfarsfellsvegi alls 4,2 km.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 213 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tengivegir 2021 | 213 |
| Tengivegir 2022 | 217 |
| Uppgjör verks 2023 | -194 |
| Uppgjör verks 2024 | 12 |
| **Samtals** | **248** |

**Verkframvinda 2021:** Á árinu var unnið að undirbúningi og útboði frestað til ársins 2022.
**Verkframvinda 2022:** Framkvæmdin var boðin út í mars. Framkvæmdir hófust í lok apríl og lauk þeim að mestu í ágústmánuði. Eftir var þó að ljúka vinnu við reiðleið sem frestast fram til 2023.
**Verkframvinda 2023:** Unnið var við reiðleið meðfram hluta leiðarinnar og áformað að hún kláraðist 2024.
**Verkframvinda 2024:** Gerður var reiðvegur í samvinnu við hestamannafélög á svæðinu samhliða þeim kafla sem sett var slitlag á, verktaki var Fljótur slf.
**Verktaki:** Þjótandi ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Kostnaður fyrri ára | 52 |
| 2020 | 1 |
| 2021 | 1 |
| 2022 | 178 |
| 2023 | 4 |
| 2024 | 12 |
| **Samtals** | **248** |

## (434) Skálafellsvegur, Þingvallavegur - skíðasvæði

**Umfang verks:** Um er að ræða endurbyggingu Skálafellsvegar (434), frá afleggjara af Þingvallavegi að skíðasvæði í hlíðum Skálafells. Verkið felst í styrkingu og klæðingu bundins slitlags ásamt lagfæringu núverandi vegar, sem er að jafnaði um 5 m breiður, í 7 m breiðan veg með 6,8 m breiðu bundnu slitlagi og 2 x 10 sm breiðum malaröxlum. Einnig þarf að endurnýja og lengja ræsi í veginum. Framkvæmdakaflinn sem um ræðir er 3,6 km að lengd.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 300 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Framtíðarverk 2023 | 6 |
| Tengivegir 2024 | 300 |
| Uppgjör verks 2024 | -296 |
| **Samtals** | **10** |

**Verkframvinda 2023:** Unnið var við verkhönnun, að samningum við landeigendur og gerð útboðsgagna.
**Verkframvinda 2024:** Unnið að undirbúningi framkvæmda.
**Verktaki:** Óráðið.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2023 | 6 |
| 2024 | 4 |
| **Samtals** | **10** |

## (460) Eyrarfjallsvegur, Fell-Bær

**Umfang verks:** Um er að ræða endurbyggingu Eyrarfjallsvegar (460), frá slitlagsenda nærri bænum Felli að Bæ. Verkið felst í styrkingu og klæðingu bundins slitlags ásamt lagfæringu núverandi vegar, sem er að jafnaði um 5 m breiður, í 6 m breiðan veg með 5,8 m breiðu bundnu slitlagi og 2 x 10 cm breiðum malaröxlum. Framkvæmdakaflinn sem um ræðir er 1,5 km að lengd. Verkið er hluti af tengivegaáætlun.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 103 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tengivegir 2020 | 8 |
| Framtíðarverk 2022 | 2 |
| Tengivegir 2023 | 95 |
| Uppgjör verks 2024 | 2 |
| **Samtals** | **107** |

**Verkframvinda 2022:** Unnið að hönnun og samningum við landeigendur.
**Verkframvinda 2023:** Tilboð í verkið voru opnuð 13. júní. Lægstbjóðandi og jafnframt eini tilboðsgjafi var Þróttur ehf. með tilboð sem var 107,25% af kostnaðaráætlun. Skrifað var undir samning 27. júní. Verktaki hófst handa á verkstað 3. júlí við ræsagerð og skeringar. Verkið gekk ágætlega í heild sinni og lauk framkvæmdum í kringum 20. september. Nokkuð var um magnaukningar í ræsum en sá liður tvöfaldaðist. Þá voru gerðar breytingar á skurðum, bætt við reiðfærri slóð og fláa breytt á 140 m kafla.
**Verkframvinda 2024:** Gengið frá greiðslum til landeigenda.
**Verktaki:** Þróttur ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 8 |
| 2022 | 2 |
| 2023 | 96 |
| 2024 | 1 |
| **Samtals** | **107** |

## ↓ Suðursvæði Hönnun og undirbúningur verkefna

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Suðursvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í samgönguáætlun.

| Verk | Uppsöfnuð fjárhæð | Fjárhæð 2024 | Samtals fjárhæð |
|---|---|---|---|
| Hringv. Brú Breiðbalakvísl | 3.638.014 | 2.904.744 | 6.542.758 |
| Hringvegur, Fossálar-Hörgsá | 32.987.066 | 11.291.545 | 44.278.611 |
| Hringvegur, Þjórsá-Selfoss | 8.320.133 | 2.171.418 | 10.491.551 |
| Þverá á Þjórsárdalsvegi | 1.543.692 | 128.728 | 1.672.420 |
| Biskupstungnabr. 35-08 | 29.819.715 | 12.444.365 | 42.264.080 |
| Þingvallav Skeggjast-Hringv | 20.294.419 | 8.041.072 | 28.335.491 |
| Reykjanesbraut 41-22 | 27.846.087 | 67.626.035 | 95.472.122 |
| Kerlingardalsvegur 01 | - | 436.746 | 436.746 |
| Landeyjavegur Gunnarsh-Sléttub | - | 423.452 | 423.452 |
| Urriðafossv, Egilsst-Villingahv | - | 254.531 | 254.531 |
| **Samtals** | **124.449.126** | **105.722.636** | **230.171.762** |

## 7.2 Höfuðborgarsvæði

## (1) Hringvegur, Fossvellir-Hólmsá

**Umfang verks:** Breikkun Hringvegar frá Fossvöllum að Hólmsá. Byggður verður 2+2 vegur með aðskildum akstursstefnum með vegriði í miðdeili og vegamótum, plan eða mislægum.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 2.850 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | 30 |
| Tímabundið fjárfestingarátak 2020 | 80 |
| Samgönguáætlun 2021 | 1.370 |
| Samgönguáætlun 2022 | 770 |
| Bakfært vegna fjármálaáætlunar 2022 | -570 |
| Fjárlög 2023 | 153 |
| Fjárlög 2024 | 94 |
| **Samtals** | **1.927** |

**Verkframvinda 2020:** Á árinu 2020 var unnið að undirbúningi landakaupa, jarðtæknilegra rannsókna ásamt hönnun. Hönnun var boðin út um sumarið og samið við ráðgjafa í ágúst.
**Verkframvinda 2021:** Unnið var að undirbúningi og hönnun verks. Fyrsti áfangi verksins, Fossvellir-Lögbergsbrekka, var boðinn út og samið við verktaka. Verkframkvæmdir hófust í lok árs.
**Verkframvinda 2022:** Unnið við tvöföldun 1. áfanga á Hringvegi auk hliðarvega. Verkið tekið í notkun í desember 2022 en ólokið var lagningu efri hluta malbiks að hluta, klæðingu á hliðarvegum og lokafrágangi við vegrið og merkingar.
**Verkframvinda 2023:** Unnið við að klára malbiksvinnu við tvöföldun 1. áfanga á Hringvegi. Burðarlag og klæðing lögð á hliðarvegi. Yfirborðsmerkingar kláraðar, skilti sett upp, vegrið kláruð og frágangur á fláum. Ólokið var yfirborðslagi á vegi 3300 þar sem lega á honum breyttist að hluta við hönnun á áframhaldandi vegi til vesturs.
**Verkframvinda 2024:** Samið var við verktaka um stækkun 1. áfanga verksins, þ.e.a.s. gerð vegamóta við Geirland auk hliðarvega. Unnið var við að leggja út styrktarlag á Hringvegi og hliðarvegum og burðarlag keyrt út. Undirstöður fyrir ljósastaura settar niður. Vinnusvæðamerkingar teknar niður og það lagfært þegar frekari vinnu við verkið var frestað til næsta árs.
**Hönnun:** Hnit verkfræðistofa hf.
**Verktaki:** Jarðval sf. og Bjössi hf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 22 |
| 2021 | 105 |
| 2022 | 1.160 |
| 2023 | 545 |
| 2024 | 95 |
| **Samtals** | **1.927** |

## (41) Reykjanesbraut, Krýsuvíkurvegur - Hvassahraun

**Umfang verks:** Verkið felst í vinnu við mat á umhverfisáhrifum, for- og verkhönnun vegna breikkunar Reykjanesbrautar, frá Krýsuvíkurvegi að Hvassahrauni á um 5,6km kafla með tilheyrandi vegamótum, tengingum og mannvirkjum. Einnig er gert ráð fyrir endurskoðun á hönnuðu hringtorgi og römpum sunnan undirganga við Straumsvík.
**Framkvæmdaform:** Hæfismat og útboð.
**Kostnaðaráætlun heildarverksins:** 3,4 ma.kr. miðað við vísitölu áætlana 171,8.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Heimild fyrri ára | 2 |
| Samgönguáætlun 2020 | 110 |
| Samgönguáætlun 2021 | 100 |
| Samgönguáætlun 2022 | 1.080 |
| Fjárlög 2023 | -592 |
| Fjárlög 2024 | 2.026 |
| **Samtals** | **2.726** |

**Verkframvinda 2020:** Vinna við gerð matsáætlunar hófst strax eftir að samningur var kominn á milli Vegagerðarinnar og Mannvits hf. og lauk þeirri vinnu í desember 2020 og hún þá send til Skipulagsstofnunar til umsagnar. Vinna við frummatsskýrslu hófst fyrir áramót.
**Verkframvinda 2021:** Í janúar féllst Minjastofnun á mótvægisaðgerðir sem Vegagerðin hafði lagt til að gerðar yrðu á framkvæmdatíma. Í lok janúar höfðu allir rannsóknaraðilar vegna mats á umhverfisáhrifum skilað inn rannsóknarskýrslum. Unnið var úr yfirferð þeirra og einnig ábendingar hagsmunaaðila og annarra sem höfðu gert athugasemdir og hvaða áhrif þær hefðu á hönnun og framkvæmd verksins.

Samþykkt var á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 17. mars 2021 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar ásamt umhverfisskýrslu. Tillagan var auglýst 9. júlí til 23. ágúst 2021. Frummatsskýrsla, þar sem lagt er mat á umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, var auglýst samhliða.

Unnið var að forhönnun frá febrúar – ágúst. Á þeim tíma óskaði lögreglan eftir, til viðbótar við verkið tveimur, A-eftirlitsplönum við Reykjanesbraut. Fjórar tillögur voru skoðaðar og var ein af þeim samþykkt í ráðgjafaráði verkefnisins og af fulltrúa lögreglu.

Athugasemdafresti við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum lauk í ágúst og var unnið úr athugasemdum sem bárust í framhaldinu.

Þann 1. nóvember var Skipulagsstofnun afhent skýrsla um mat á umhverfisáhrifum vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar. Á sama tíma var samþykkt að fara í hönnun hjóla- og göngustígs meðfram Reykjanesbraut en um væri að ræða samvinnuverkefni Vegagerðarinnar og Hafnarfjarðarbæjar.

Í október til nóvember var unnið að breytingu á deiliskipulagi vegna Reykjanesbrautar og hún tekin fyrir á fundi í byggingar- og skipulagsnefnd Hafnarfjarðar þann 16. nóvember. Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hinn 8. desember var samþykkt að auglýsa nýtt deiliskipulag vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar. Álit Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar lá síðan fyrir 21. desember.

**Verkframvinda 2022:** Á árinu var unnið við hönnun á grundvelli nýs deiliskipulags og við gerð útboðsgagna í verkið.
**Verkframvinda 2023:** Samningur við ÍAV var undirritaður 17. maí og vinna á verkstað hófst 8. ágúst með undirbúningi og uppsetningu aðstöðu verktaka. Síðar í mánuðinum hófst svo vinna við jöfnun og undirbúning mölunarsvæðis við Álhellu og gerð hjáleiðar við Hraunavík. Samhliða gerð hjáleiðar var unnið við færslu fjarskiptalagna Mílu út fyrir rasksvæði undirganga við Hraunavík.

Hjáleið var malbikuð 11. október og var hún opnuð fyrir umferð 25. október og hófst þá þegar gröftur fyrir bílaundirgöng til tengingar við Hraunavík, þar sem er skolphreinsistöð á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Strax og þeim greftri lauk var byrjað að grafa fyrir undirgöngum fyrir gangandi og hjólandi. Í nóvember hófst vinna við rippun klapparkolla milli Straums og Rauðamels, samhliða jöfnun undirstöðu með fyllingum í lægðir. Síðar í nóvember hófst eiginleg rippun klappar á efnistökusvæði við Rauðamel og í byrjun desember hófst sprengivinna þar, þ.e.a.s. á svæði sunnan núverandi Reykjanesbrautar.
**Verkframvinda 2024:** Frá Krýsuvíkurvegi að Straumsvík var byggð ný akbraut og hún malbikuð, gengið frá lýsingu og vegriðum. Fyllt að nýjum undirgöngum við Hraunavík, malbikað yfir þau, umferð sett á ný á gömlu Reykjanesbraut og hjáleið um Hraunavík fjarlægð. Stofnstígur frá vegi að geymslusvæði til Straumsvíkur byggður.

Grafið fyrir nýjum Hraunavíkurvegi um ný undirgöng.

Mislæg vegamót og hringtorg við Rauðamel mótuð með sprengingum og fleygun. Hjáleið við Rauðamel byggð norðan Reykjanesbrautar og hún fjarlægð að loknum brúarbyggingum við Rauðamel.

Fleygun, sprengingar og fyllingar milli Straumsvíkur og Rauðamels.

Unnið við nýja Álhellu, sem tengir iðnaðarsvæði (geymslusvæði) við mislæg vegamót Straumsvíkur. Nýtt hringtorg og tengingar sunnan Straumsvíkurundirganga.

Brýr og undirgöng: Byggð tvenn undirgöng við Hraunavík, önnur fyrir bílaumferð og hin fyrir gangandi og hjólandi.

Lengd og breikkuð undirgöng við Straumsvík, þar sem breikkun er vegna gangandi og hjólandi umferðar.

Byggðar tvær vegbrýr fyrir bílaumferð við Rauðamel.

Hafin vinna við stálundirgöng fyrir gangandi og hjólandi umferð við Straum.

Lagnavinna: Lagnir hitaveitu, vatnsveitu, rafmagns og ljósleiðarar færðir til vegna undirganga við Hraunavík. Vatns og frárennslislagnir lagðar í Álhellu. Háspennulagnir og aðrar lagnir færðar vegna stækkunar undirganga við Straumsvík. Vatnslagnir við Straum lagðar um/við stofnstíg.

Ídráttarrör fyrir Carbfix lögð í nýja hluta Reykjanesbrautar.

Vatnslögn fyrir Rio Tinto endurnýjuð (samtímaverk fyrir álverið).
**Hönnun:** Verkfræðistofan Mannvit hf.
**Verktaki:** ÍAV hf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2019 | 2 |
| 2020 | 42 |
| 2021 | 97 |
| 2022 | 106 |
| 2023 | 453 |
| 2024 | 2.026 |
| **Samtals** | **2.726** |

## (450) Sundabraut

**Umfang verks:** Nýr u.þ.b. 11 km stofnvegur á höfuðborgarsvæðinu, frá Sæbraut að Kjalarnesi. Byggður verður 2+2 vegur með aðskildum akstursstefnum og vegamótum í Gufunesi/Grafarvogi, á Geldinganesi, Gunnunesi og Álfsnesi. Á Kjalarnesi tengist Sundabraut inn á núverandi Vesturlandsveg. Valið stendur á milli þess að þvera Kleppsvík í göngum sem tengjast til norðurs og suðurs inn á Sæbraut eða á brú sem tengist inn á Holtaveg. Með Sundabraut styttast akstursvegalengdir um allt að 8 km.

Við hönnun Sundabrautar er lögð áhersla á bættar samgöngur fyrir alla ferðamáta, m.a. með lagningu göngu- og hjólastíga.

Verkefnið er unnið í samstarfi Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar.
**Framkvæmdaform:** Samvinnuverkefni.
**Kostnaðaráætlun:** 100.000 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Heimild fyrri ára | 195 |
| Fjárlög 2009 | 37 |
| Framtíðarverk 2010 | 1 |
| Framtíðarverk 2020 | 32 |
| Framtíðarverk 2021 | 35 |
| Framtíðarverk 2022 | 28 |
| Fjárlög 2023 | 135 |
| Fjárlög 2024 | 300 |
| Uppgjör verks 2024 | 165 |
| **Samtals** | **928** |

**Verkframvinda 2023:** Unnið að mótun valkosta í frumdrögum og valkostagreiningum. Unnið að undirbúningi matsáætlunar og rannsóknum vegna mats á umhverfisáhrifum. Matsáætlun kynnt í október. Unnið að gerð viðskiptaáætlunar. Samstarf við Reykjavíkurborg um undirbúning aðalskipulagsbreytingar. Samtal við helstu hagsmunaaðila.
**Verkframvinda 2024:** Unnið að útfærslu og hönnun mannvirkja fyrir alla valkosti í frumdrögum í samstarfi við Reykjavíkurborg. Unnið við jarðtæknirannsóknir á hafsbotni og landi. Unnið að rannsóknum og greiningum vegna mats á umhverfisáhrifum. Unnið að gerð viðskiptaáætlunar. Samstarf við Reykjavíkurborg um undirbúning aðalskipulagsbreytingar. Samtal og samráð við íbúa og helstu hagsmunaaðila.
**Verktaki:** EFLA hf. (frumdrög og MÁU)

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Kostnaður fyrri ára | 232 |
| 2018 | 1 |
| 2019 | 3 |
| 2020 | 32 |
| 2021 | 31 |
| 2022 | 28 |
| 2023 | 134 |
| 2024 | 467 |
| **Samtals** | **928** |

## Höfuðbogarsvæðið Hönnun og undirbúningur verkefna

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Höfuðborgarsvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í samgönguáætlun.

| Verk | Uppsöfnuð fjárhæð | Fjárhæð 2024 | Samtals fjárhæð |
|---|---|---|---|
| 0413012S - Breiðhlbr,Hringveg-Jaðarsel | 30.927.401 | 7.808.900 | 38.736.301 |
| 041502S - Álftnesv,Hafnarfjv-Kaldársv | 1.405.644 | 69.432 | 1.475.076 |
| 4110307 - Arnarnesv Hafnarfjv-Breiðhbr | 0 | 7.794.492 | 7.794.492 |
| 040201T - Leiðarendavegur (402-01) | 15.586.921 | 1.256.658 | 16.843.579 |
| **Samtals** | **47.919.966** | **16.929.482** | **64.849.448** |

## 7.3 Samgöngusáttmálinn

**Umfang verks:** Verkefnið er langtímaáætlun um uppbyggingu samgönguinnviða og almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Ríkið og sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Garðabær, Hafnafjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík og Seltjarnarnes, undirrituðu samning árið 2019 til fimmtán ára til að tryggja fjármagn í verkefnið. Vegagerðin hélt utan um framkvæmdir í upphafi en fljótlega var stofnað fyrirtækið Betri samgöngur ohf. sem heldur utan um verkefnið. Frá og með árinu 2022 fer öll fjármögnun ríkis og sveitarfélaga í gegnum Betri samgöngur ohf. Í mars 2023 var ákveðið að uppfæra samgöngusáttmálann vegna breytinga á kostnaðaráætlunum og röskun á framkvæmdaráætlun auk þess sem skýra þurfti mörkun og skilgreiningar framkvæmda sem féllu undir sáttmálann. Þeirri endurskoðun lauk með uppfærðum sáttmála í ágúst 2024. Um áramót 2024-2025 færðist verkefnastofa Borgarlínu auk verkefna hjóla- og göngustíga frá Vegagerðinni yfir til Betri samgangna.

Samgöngusáttmálinn er fjármagnaður bæði af ríki og sveitarfélögum, hér er einungis getið þess hluta sem tilheyrir stofnvegum, göngubrúm og undirgöngum, auk umferðarstýringar, aukið umferðarflæði og öryggisaðgerðir.
**Framkvæmdaform:** Útboð og/eða samningar.
**Kostnaðaráætlun:** 144.200 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2021 | 15 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2022 | 38 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2023 | 49 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2024 | 32 |
| **Samtals** | **134** |

## (1) Hringvegur við Heiðmerkurveg (áfangi 2), Hólmsá - Norðlingavað

**Umfang verks:**
**Áfangi 1:** Tvöföldun Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi í Reykjavík að Hólmsá á mörkum Mosfellsbæjar og Kópavogs. Áfangi 1 (Bæjarháls – Norðlingavað) er fjármagnaður af Samgöngusáttmálanum.
**Áfangi 2:** Tvöföldun Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi í Reykjavík að Hólmsá á mörkum Mosfellsbæjar og Kópavogs. Áfangi 2 (Norðlingavað - Hólmsá).
**Framkvæmdaform:** Ekki ljóst á þessu stigi.
**Kostnaðaráætlun:** Ekki ljóst á þessu stigi.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2019 | 39 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2020 | 30 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2021 | 20 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2022 | 37 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2023 | 28 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2024 | 45 |
| **Samtals** | **199** |

**Verkframvinda 2022:** Áfangi 2: Unnið við matsskýrslu umhverfisáhrifa. For- og verkhönnun var boðin út og samið við verkfræðistofuna Mannvit hf. í september. Unnið við for- og verkhönnun.
**Verkframvinda 2023:** Unnið að forhönnun á áföngum 1 og 2. Lokið við forhönnun á áfanga 1 og byrjað á verkhönnun. Deiliskipulag svæðisins unnið samhliða hjá Reykjavíkurborg.

Einnig unnið við önnur skipulags- og vatnsverndarmál.
**Verkframvinda 2023:** Unnið að forhönnun á áföngum 1 og 2. Lokið við forhönnun á áfanga 1 og byrjað á verkhönnun. Deiliskipulag svæðisins unnið samhliða hjá Reykjavíkurborg. Einnig unnið við önnur skipulags- og vatnsverndarmál.
**Verkframvinda 2024:** Unnið við 1. áfanga for- og verkhönnunar. Unnið við forhönnun 2. áfanga.
**Verktaki:** EFLA hf. og Mannvit hf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2019 | 39 |
| 2020 | 30 |
| 2021 | 20 |
| 2022 | 37 |
| 2023 | 28 |
| 2024 | 45 |
| **Samtals** | **199** |

## (41) Reykjanesbraut, Sæbraut í stokk (Vesturlandsvegur – Holtavegur)

**Umfang verks:** Sæbraut í stokk frá Vesturlandsvegi að Holtavegi.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** Kostnaðaráætlun er ekki tilbúin á þessu stigi framkvæmdar.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Framtíðarverk 2018 | 7 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2019 | 3 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2020 | 45 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2021 | 39 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2022 | 131 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2023 | 135 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2024 | 53 |
| **Samtals** | **413** |

**Verkframvinda 2020:** Frumdragahönnun hófst.
**Verkframvinda 2021:** Frumdragahönnun lauk, ásamt vinnu við matsáætlun umhverfismsmats.
**Verkframvinda 2022:** Forhönnun hófst um mitt ár 2022, vinnu við matsáætlun lauk.
**Verkframvinda 2023:** Forhönnun yfirstandandi.
**Verkframvinda 2024:** Forhönnun lokið. Vinna við umhverfismatsskýrslu yfirstandandi.
**Verktaki:** Verkís hf. var hönnunarráðgjafi

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2018 | 7 |
| 2019 | 3 |
| 2020 | 45 |
| 2021 | 39 |
| 2022 | 131 |
| 2023 | 135 |
| 2024 | 53 |
| **Samtals** | **413** |

## (41) Reykjanesbraut, gatnamót við Bústaðaveg

**Umfang verks:** Ný gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar ásamt hluta 3. lotu Borgarlínu úr Mjódd að Vogabyggð.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** Kostnaðaráætlun er ekki tilbúin á þessi stigi framkvæmdar.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2021 | 13 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2022 | 17 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2023 | 23 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2024 | 27 |
| **Samtals** | **80** |

**Verkframvinda 2021:** Vinna við frumdrög hófst.
**Verkframvinda 2022:** Vinna við frumdrög stóð yfir, ásamt vinnu við matsáætlun umhverfismats.
**Verkframvinda 2023:** Vinna við frumdrög stóð yfir, vinna við matsáætlun kláruð.
**Verkframvinda 2024:** Frumdragahönnun lokið, ásamt ákvörðun um valkost. Vinna við umhverfismatsskýrslu yfirstandandi.
**Verktaki:** EFLA hf. var hönnunarráðgjafi

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2021 | 13 |
| 2022 | 17 |
| 2023 | 23 |
| 2024 | 27 |
| **Samtals** | **80** |

## (41) Reykjanesbraut, Álftanesvegur – Lækjargata

**Umfang verks:** Reykjanesbraut í Hafnarfirði frá Álftanesvegi að Lækjargötu. Til skoðunar eru mislægar lausnir í núverandi vegstæði Reykjanesbrautar og jarðgöng um Setbergshamar.
**Framkvæmdaform:** Útboð og samningar.
**Kostnaðaráætlun:** Kostnaðaráætlun er ekki tilbúin á þessu stigi framkvæmdar.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2019 | 42 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2020 | 9 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2021 | 3 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2022 | 6 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2023 | 57 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2024 | 21 |
| **Samtals** | **138** |

**Verkframvinda 2022:** Unnið að gerð frumdraga fyrir jarðgöng og mislæg gatnamót.
**Verkframvinda 2023:** Unnið að gerð frumdraga fyrir jarðgöng og mislæg gatnamót. Rannsóknarboranir vegna Setbergshamarsganga.
**Verkframvinda 2024:** Unnið að gerð frumdraga fyrir jarðgöng og mislæg gatnamót. Vinna við endurskoðun frumdraga boðin út og hafin.
**Verktaki:** Verkís hf., Mannvit hf. og EFLA hf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2019 | 42 |
| 2020 | 9 |
| 2021 | 3 |
| 2022 | 6 |
| 2023 | 57 |
| 2024 | 21 |
| **Samtals** | **138** |

## (49) Nesbraut, Miklabraut í stokk eða göng

**Umfang verks:** Miklabraut í stokk eða jarðgöng, kafli austan við Grensásveg og vestur fyrir Snorrabraut.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** Kostnaðaráætlun er ekki tilbúin á þessu stigi framkvæmdar.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2021 | 2 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2022 | 86 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2023 | 133 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2024 | 66 |
| **Samtals** | **287** |

**Verkframvinda 2021:** Frumskoðanir.
**Verkframvinda 2022:** Vinna við frumdrög hófst.
**Verkframvinda 2023:** Vinna við frumdrög yfirstandandi
**Verkframvinda 2024:** Frumdragahönnun lokið, ásamt ákvörðun um valkost.
**Verktaki:** EFLA hf. var hönnunarráðgjafi.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2021 | 2 |
| 2022 | 86 |
| 2023 | 133 |
| 2024 | 66 |
| **Samtals** | **287** |

## (411) Arnarnesvegur, undirgöng, hjóla og göngustígar

**Umfang verks:** Undirgöng fyrir aðskilið stígakerfi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur á Arnarneshálsi í Garðabæ.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 650 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2022 | 242 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2023 | 322 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2024 | 43 |
| **Samtals** | **607** |

**Verkframvinda 2021:** Unnið að hönnun og undirbúningi.
**Verkframvinda 2022:** Í undirbúningi. Framkvæmdir hófust í júní 2022.
**Verkframvinda 2023:** Í framkvæmd.
**Verkframvinda 2024:** Framkvæmdum lauk og göngin formlega opnuð 28. maí 2024
**Verktaki:** Hönnunarráðgjafar voru VSB ehf., Landslag ehf., Úti Inni arkitektar sf.
**Verktaki:** Bjössi ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2022 | 242 |
| 2023 | 322 |
| 2024 | 43 |
| **Samtals** | **607** |

## (411) Arnarnesvegur, Rjúpnavegur - Breiðholtsbraut

**Umfang verks:** Nýbygging 3. áfanga Arnarnesvegar á milli Rjúpnavegar og Breiðholtsbrautar ásamt tengingum. Verkefnið er samvinnuverkefni Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar, Veitna og Mílu. Kostnaður Vegagerðarinnar er fjármagnaður af Samgöngusáttmála.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 6.150 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2019 | 4 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2020 | 23 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2021 | 61 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2022 | 70 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2023 | 571 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2024 | 3040 |
| **Samtals** | **3.769** |

**Verkframvinda 2021:** Unnið að undirbúningi og hönnun á verki.
**Verkframvinda 2022:** Unnið við skipulagsmál, verkhönnun, kostnaðargreiningar og gerð útboðsgagna fyrir eftirlit með verkinu.
**Verkframvinda 2023:** Unnið við skipulagsmál, verkhönnun, kostnaðargreiningar og gerð útboðsgagna.

Tilboð í eftirlit með framkvæmdum voru opnuð 27. janúar. Lægstbjóðandi í eftirlitið var VSB ehf. og var samningur undirritaður 27. febrúar. Tilboðsupphæð var 160 m.kr.

Útboð framkvæmda var auglýst 8. mars. Tilboð í verkið

voru opnuð 9. maí og var ákveðið að taka sameiginlegu tilboði Suðurverks hf. og Loftorku ehf. Tilboðsupphæð var 6.766 m.kr.

Skrifað var undir verksamning 28. júní og hófst vinna í byrjun ágúst. Unnið var við aðstöðusköpun, breikkun Breiðholtsbrautar og efnisflutninga í Vetrargarð og Elliðaárdal.
**Verkframvinda 2024:** Helstu verkþættir sem unnið var við á árinu er frágangur nýrrar akbrautar við Breiðholtsbraut. Lokið var við malbikun á milli undirganga austan Jafnasels að Vatnsendahvarfi. Unnið var við fyllingar undir Arnarnesveg í Elliðaárdal, klapparskeringar í vegstæði Arnarnesvegar sunnan Breiðholtsbrautar, uppsteypu brúarstöpla brúar yfir Breiðholtsbraut, gerð hljóðmana við Arnarnesveg og Breiðholtsbraut. Þá var lokið vinnu við lagningu Suðuræðar II ásamt tengingu við Suðuræð I við Völvufell, en þessum áfanga var mikilvægt að ljúka til að auka öryggi miðlunar á heitu vatni á höfuðborgarsvæðinu. Ónothæfum lausum jarðefnum sem féllu til vegna framkvæmdanna var ekið í Vetrargarð Reykjavíkurborgar sem er í uppbyggingu þar sem skíðabrekkan er við Jafnasel. Í apríl var umferð færð á framhjáhlaup þar sem unnið var við gerð nýrra undirganga undir Breiðholtsbraut til móts við Völvufell. Undirstöður og stöplar voru steyptir fyrir nýja göngubrú yfir Elliðaá við Dimmu.
**Verktakar:**
**Hönnun:** Verkís hf.
**Eftirlit:** VSB ehf.
**Framkvæmdir:** Suðurverk hf. og Loftorka ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2019 | 4 |
| 2020 | 23 |
| 2021 | 61 |
| 2022 | 70 |
| 2023 | 571 |
| 2024 | 3040 |
| **Samtals** | **3.769** |

## Borgarlína

**Umfang verks:** Verkefni Borgarlínu eru hluti af Samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem felur í sér sameiginlega framtíðarsýn og heildarhugsun fyrir alla ferðamáta. Stofnað var félagið Betri samgöngur ohf. sem mun hafa yfirumsjón með framkvæmdum vegna uppbyggingar samgangna og fjármögnun þeirra.
Borgarlínu er skipt upp í sex framkvæmdalotur sem fjármagnaðar eru undir samgöngusáttmálanum. Lota 1 liggur frá Ártúnshöfða í Reykjavík um miðborg og að Hamraborg í Kópavogi og er undirbúningur hennar kominn lengst. Aðrar lotur eru á frumstigum undirbúnings eða undirbúningur ekki hafinn. Verkefni Borgarlínu færast til Betri samgangna ohf. um áramót 2024/2025.

**Framkvæmdaform:** Útboð og samningar.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2019 | 86 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2020 | 205 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2021 | 494 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2022 | 1.451 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2023 | 1.259 |
| Greitt samkvæmt verkframvindu 2024 | 1.156 |
| **Samtals** | **4.651** |

**Verkframvinda 2019:** Verkefnastofa utan um verkefni Borgarlínu var sett á laggirnar í apríl. Unnið var að undirbúningi verkefna.
**Verkframvinda 2020:** Unnið að undirbúningi og frumdrögum að fyrstu lotu verkefnis. Sett af stað mat á umhverfisáhrifum (MÁU) og samræming á aðalskipulagi Reykjavíkur og Kópavogsbæjar.
**Verkframvinda 2021:** Áframhaldandi vinna við frumdrög og MÁU á 1. lotu Borgarlínu.
**Verkframvinda 2022:** Áframhaldandi vinna við frumdrög, forhönnun og MÁU á 1. lotu Borgarlínu.
Verktakar eru: Artilie, Moe, Hnit hf. og Yrki.
Unnið að forhönnun á brú yfir Fossvog fyrir Borgarlínu, hjólandi og gangandi vegfarendur.
Verktakar eru: Efla hf., BEAM arkitektar og KSLD.
**Verkframvinda 2022:** Áframhaldandi vinna við frumdrög, forhönnun og MÁU á 1. lotu Borgarlínu. Verktakar eru: Artilia, Moe, Hnit hf. og Yrki arkitektar ehf.
Unnið að forhönnun á brú yfir Fossvog, sem er hluti af 1. lotu Borgarlínu, fyrir Borgarlínu, hjólandi og gangandi vegfarendur. Verktakar eru: Efla hf., BEAM arkitektar og KSLD.
**Verkframvinda 2023:** Lota 1: Áframhaldandi hönnun. Unnið að forhönnun og MÁU á 1. lotu Borgarlínu. Verktakar eru: Artilia, Moe, Hnit hf. og Yrki arkitektar ehf. Fyrstu framkvæmdir við jarðvinnu hófust á árinu á Ártúnshöfða samhliða uppbyggingu á Ártúnshöfða. Boðið út af Reykjavíkurborg. Verktaki: Háfell ehf. Lokið við forhönnun á brú yfir Fossvog og verkhönnun hófst. Verktakar voru: EFLA hf., BEAM arkitektar og KSLD.

Lotur 2 og 4: Frumdrög um Hamraborg voru boðin út á árinu og gengið til samninga við Verkís hf. Frumdrög um Hamraborg tvinna saman lotur 1, 2 og 4 en þær mætast allar í Hamraborg.

Lota 3: Vinna við frumdrög frá Mjódd að Vogabyggð unnin samhliða vinnu við gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar. Verktaki: EFLA hf. Matsáætlun kynnt á opnum íbúafundi 29. mars.

Lota 6: Vinna við frumdrög á lotu 6 um Keldnaland hófst á árinu í framhaldi af alþjóðlegri samkeppni um þróun Keldnalands. Verktakar voru: Fojab, Rambøll og EFLA hf.
**Verkframvinda 2024:** Lota 1: Áframhaldandi hönnun. Unnið að forhönnun og verkhönnun auk MÁU á 1. lotu Borgarlínu. Verktakar eru Artilia, Moe, Hnit hf. og Yrki arkitektar ehf. Opið kynningarferli MÁU lotu 1 hófst í nóvember 2024. Framkvæmdir við jarðvinnu í Ártúnshöfða héldu áfram. Verktaki: Háfell ehf. Verkhönnun á brú yfir Fossvog lauk á árinu og unnið var að undirbúningi fyrir framkvæmdarútboð. Verktaki var EFLA hf., BEAM arkitektar og KSLD. Nauðsynlegar landfyllingar tengdar Fossvogsbrú Reykjavíkur- og Kópavogs megin voru boðnar út um haustið og tilboð opnuð í desember. Framkvæmdir hefjast í janúar 2025. Lægsta tilboð i verkið áttu Grafa og grjót ehf. og var því tekið.

Lotur 2 og 4: Vinna við frumdrög um Hamraborg í gangi. Verktaki: Verkís hf.

Lota 3: Vinna við frumdrög lauk í júlí og ákvörðun liggur fyrir um valkost á akstursleggu Borgarlínu frá Mjódd að Vogabyggð. Vinna við umhverfismat í gangi, unnið samhliða vinnu við gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar. Verktaki: EFLA hf.

Lota 6: Vinna við frumdrög á lotu 6 um Keldnaland í gangi. Verktakar eru Fojab, Rambøll og EFLA hf.

| Kostnaður | m.kr |
|---|---|
| 2019 | 86 |
| 2020 | 205 |
| 2021 | 494 |
| 2022 | 1.451 |
| 2023 | 1.259 |
| 2024 | 1.156 |
| **Samtals** | **4.651** |

| Kostnaður 2024 | m.kr |
|---|---|
| Stjórnun | 1 |
| Lota 1 | 952 |
| Lota 2 | 87 |
| Lota 3 | 4 |
| Lota 4 | 65 |
| Lota 6 | 47 |
| **Samtals** | **1.156** |

Skýringar við kostnað: Vegagerðin fjármagnaði einungis helming þeirra verkefna sem framkvæmd eru undir þessum lið. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) koma með hinn helming fjármagns í verkefnin. SSH sá um fjármál þessara verkefna út árið 2020 en fjármálin voru í höndum Vegagerðarinnar frá 2020-2025. Verkefnið færist til Betri samgangna frá og með árslokum 2024.

## Umferðarstýring, aukið umferðarflæði og öryggisaðgerðir

**Umfang verks:** Miðlæg stýring umferðarljósa hefur verið rekin í samstarfi Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar síðan árið 2007 og er stöðugt unnið að því að tengja fleiri umferðarljós á höfuðborgarsvæðinu saman.
**Verkframvinda 2019:** Unnið var að uppsetningu búnaðar fyrir þrenn vegamót á Sæbraut þ.e.a.s. við Katrínartún, Snorrabraut og Frakkastíg. Unnið að uppsetningu STREAM (stýringa fyrir forgangsakstur) við vegamót á Nesbraut (Miklubraut). Auk þess var greitt fyrir uppfærslur vél- og hugbúnaðar og þjónustusamninga við Siemens.
**Verkframvinda 2020:** Unnið var að uppsetningu búnaðar á gatnamótum á Arnarnesvegi. Auk þess var greitt fyrir uppfærslur vél- og hugbúnaðar og þjónustusamninga við Siemens. Farið var í greiningu á búnaði og umgjörð umferðarljósastýringar á höfuðborgarsvæðinu og var greiningin unnin af Sweco. Í framhaldinu var stofnaður faghópur um umferðarljósamál. Í hópnum sitja fulltrúar frá Vegagerðinni og sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Eitt af hlutverkum faghópsins er að halda utan um stefnumótun og endurnýjunaráætlun fyrir umferðarljós á höfuðborgarsvæðinu.
**Verkframvinda 2021:** Miðlæg stýring umferðarljósa í samstarfi við Reykjavíkurborg. Vinna við stefnumótun og markmiðssetningu hjá faghópi umferðarljósamála. Greining á umferðarflæði á helstu gatnamótum og tillaga að áætlun um endurbætur á umferðarljósastillingum (á núverandi búnaði). Kaup og uppfærsla á ljósabúnaði á Geirsgötu, Suðurströnd, Bústaðarvegsbrú og Hafnarfjarðarvegi-Vífilstaðavegi.
**Verkframvinda 2022:** Unnið var að endurnýjun umferðarljósabúnaðar við þrenn gatnamót á Hringbraut, við Framnesveg, Bræðraborgarstíg og Hofsvallagötu.
**Verkframvinda 2023:** Keyptur var búnaður fyrir gatnamót á Höfðabakka/Vesturlandsvegi, Réttarholtsvegi við Langagerði, Eiðsgranda, Suðurströnd og Hringbraut við Meistaravelli og Furumel. Endurnýjun umferðarljósabúnaðar við tvenn gatnamót á Hringbraut við Hringbraut og Kelduhvamm.
**Verkframvinda 2024:** Búnaður var keyptur fyrir gatnamót á Reykjanesbraut /Fífuhvammsvegi og uppsetning hafin (verður klárað 2025), og kláruð var greiðsla fyrir búnað á Höfðabakka og hönnun haldið áfram. Lokið var við endurnýjun umferðarljósbúnaðar á Hringbraut. Ráðist var í stórt verkefni þar sem ljósastillingar voru endurskoðaðar á rúmlega 60 lykil gatnamótum á höfuðborgarsvæðinu. Haldið var áfram með verkefnið, sem hófst árið 2023, á þessu ári. Framkvæmdar voru talningar á 16 stöðum sem nýtast í framtíðarverkefni.

| Kostnaður | m.kr |
|---|---|
| 2019 | 0 |
| 2020 | 100 |
| 2021 | 83 |
| 2022 | 76 |
| 2023 | 104 |
| 2024 | 157 |
| **Samtals** | **520** |




↑ Ný strætóstöð í Fossvogi.

## Bætt umferðarflæði, almenningssamgöngur

**Umfang verks:** Lagfæringar og endurbætur á gatnamótum á höfuðborgarsvæðinu til að greiða fyrir umferð.
**Framkvæmdaform:** Útboð og samningar.
**Verkframvinda 2020:** Fjárveiting var óljós með tilkomu Samgöngusáttmála. Betri samgöngur ohf, félag sem heldur utan um Samgöngusáttmála, voru ekki stofnaðar fyrr en í október og því náðist ekki að hefja framkvæmdir að fullu við þessi verkefni. Þó var sett upp biðstöð fyrir strætó á Bústaðavegi við svæði Vals ásamt breikkun á Reykjavegi inn á hringtorg við Vesturlandsveg í Mosfellsbæ.
**Verkframvinda 2021:** Breytingar á Bústaðarvegsbrú (Hafnarfjarðarvegur – Nesbraut). Undirbúningur nýrra verka, t.d. Hringbraut – Hofsvallagata, unnið við breytingar á gatnamótum Álftanesvegar – nýja Álftanesvegar.
**Verkframvinda 2022:** Strætóvasar við Fossvog í undirbúningi, breytingar á gatnamótum Hringbrautar/Hofsvallagötu, breyting á gatnamótum Álftanesvegar/Garðahraunsvegar en engar framkvæmdir fóru í framkvæmd þetta ár.
**Verkframvinda 2023:** Endurbætur voru gerðar á gatnamótum Hringbrautar/Hofsvallagötu og Álftanesvegar. Endurbætur á strætóstöðvum á Kringlumýrarbraut við Fossvog.
**Verkframvinda 2024:** Endurbætur á vegamótum Álftanesvegar og Garðshrauns. Hönnun hófst á sérrein strætó í suðurátt á Kringlumýrarbraut. Keyptur var aðgangur að TomTom sem gerir Vegagerðinni kleift að fylgjast betur með ferðatíma á höfuðborgarsvæðinu og mun nýtast í greiningar fyrir framtíðarverkefni á öllu landinu. Fjarlægt var bannsvæði milli aðreinar inn á Reykjanesbraut frá Vífilstaðavegi og fráreinar að Kauptúni.

| Kostnaður | m.kr |
|---|---|
| 2020 | 14 |
| 2021 | 23 |
| 2022 | 98 |
| 2023 | 204 |
| 2024 | 81 |
| **Samtals** | **420** |

## Öryggisaðgerðir

**Umfang verks:** Aðgerðir til að auka umferðaröryggi á umferðarmestu vegunum á höfuðborgarsvæðinu.
**Framkvæmdaform:** Útboð og samningar.
**Verkframvinda 2019:** Lokið var við að skipta út hættulegum teinagirðingum á milli akbrauta á höfuðborgarsvæðinu og settar upp hættuminni netgirðingar. Skipt var út um 2 km af teinagirðingum. Veglýsing á Hringbraut frá Eiðsgranda að Suðurgötu var endurnýjuð með áherslu á betri lýsingu á göngusvæðum, auk þess sem sett voru upp hraðavaramerki. Keypt var efni, staurar og lampar í 70 ljósastaura á Reykjanesbraut sem stendur til að endurnýja í byrjun árs 2020 frá Hvassahrauni að Straumsvík og verða þá settir upp öryggisvottaðir staurar og LED-lampar. Sett voru upp vegrið milli akbrautar og gönguleiðar við Fjarðarbraut og Reykjanesbraut við Kaplakrika í tengslum við aðrar framkvæmdir. Sett var upp vegrið meðfram Þingvallavatni á Grafningsveg efri norðan Svínaness.
**Verkframvinda 2020:** Lítið var framkvæmt vegna mótunar á verklagi í kringum Samgöngusáttmála. Þó var farið í nokkur verkefni. Settar voru upp girðingar sunnan Gullinbrúar. Einnig var viðhald á girðingum á Miklubraut milli Grensásvegar og Skeiðarvogs, einnig á Reykjavíkurvegi í Hafnafirði. Skipt var út ljósastaurum á Reykjanesbraut og á Hringbraut var skipt um ljósalampa í ljósastaurum.
**Verkframvinda 2021:** Farið var í margar smærri aðgerðir til að bæta umferðaröryggi eins og uppsetning og lagfæringar á vegriðum á stofnvegum höfuðborgarsvæðisins. Einnig var gönguþverun á Arnarnesvegi við Smárahvammsveg lagfærð ásamt gönguþverun á Fjarðabraut í Hafnarfirði. Við gatnamót Álftanesvegar- nýja Álftanesvegar voru settar upp smærri öryggisaðgerðir til að bæta öryggi við vinstri beygju á gatnamótunum.
**Verkframvinda 2022:** Þó nokkrar smærri aðgerðir voru unnar til að bæta umferðaröryggi, t.d. var lýsing bætt við gönguþverun á Arnarnesvegi (411-04) við hringtorg hjá Nónhæð, lýsing og gönguþveranir bættar við Hallsveg (432-01), girðing sett upp á milli akreina við Reykjanesbraut (41-11), uppsetning skilta og fl. Nokkur verkefni voru í undirbúningi, t.d. bættar gönguleiðir við Eiðsgranda og Ánanaust, breytingar á stærri gatnamótum, t.d. við Kringlumýrarbraut og Miklubraut, við Kleppsmýrarveg og Sæbraut, en framkvæmdir hófust ekki fyrr en árið 2023.
**Verkframvinda 2023:** Við gatnamót Sæbrautar/Skeiðarvogs voru miðeyjar endurnýjaðar, upphækkaðar gangbrautir innleiddar og lýsing bætt. Við Ánanaust og Eiðsgranda voru gönguþveranir endurbættar. Undirbúningur hafinn á Miklubraut/Kringlumýrarbraut með hönnun á endurnýjun miðeyja með upphækkuðum gangbrautum og bættri lýsingu (framkvæmt árið 2024). Á Arnarnesvegi við undirgöng nálægt Salaskóla var vegrið lengt. Einnig var vegrið við undirgöng hjá Reykjanesbraut lengt. Vegrið voru sett á gönguleiðir á brúm við Kauptún og Vífilstaðaveg.
**Verkframvinda 2024:** Við gatnamót Kringlumýrarbrautar/Miklubrautar voru miðeyjar endurnýjaðar, upphækkaðar gangbrautir innleiddar og lýsing bætt. Bættar voru gönguþveranir við Ánanaust og Eiðsgranda. Undirbúningur hafinn á Hringbraut/Njarðargötu við hönnun á endurnýjun miðeyja með upphækkuðum gangbrautum og bættri lýsingu ásamt bætingu á gönguþverunum við strætóstöðvar á Njarðargötu (framkvæmt árið 2025). Sett voru ný vegrið á miðeyjur á Sæbraut (framkvæmt árin 2024 og 2025). Hafin var forhönnun á bættum gatnamótum við Esjurætur á Hringvegi. Hönnun og framkvæmd á bættum gönguþverunum á fjórum stöðum í Hafnarfirði, tvær við Krýsuvíkurveg, ein á Strandgötu og ein á Fjarðarhrauni (framkvæmt árin 2024 og 2025).
**Verktakar:** HK. Haralds ehf., Reykjavík, Árni Garðar Svavarsson, Reykjavík, Fljótur verktaki sf., Fljótavík ehf., GG. Sigurðsson ehf., Íslenskir aðalverktakar ehf., K.Þ Ásmundsson ehf., Sigurður Guðjónsson V.S. ehf., Orka Náttúrunnar ohf., Rekverk ehf., Stéttafélagið, Suðurtak ehf. og fleiri.

| Kostnaður | m.kr |
|---|---|
| 2020 | 110 |
| 2021 | 74 |
| 2022 | 54 |
| 2023 | 158 |
| 2024 | 360 |
| **Samtals** | **756** |

## Hjóla- og göngustígar

**Umfang verks:** Gerð stofnstíga, hjóla og göngustíga á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt sérstöku samkomulagi við sveitarfélögin um þátttöku Vegagerðarinnar í kostnaði.
**Framkvæmdaform:** Útboð á vegum sveitarfélaganna.
**Verkframvinda 2022:** Reykjavík: Framkvæmdir við Sprengisand, lokið við gerð nýrra undirganga fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur við Bústaðaveg ásamt gerð nýrra stíga. Framkvæmdum vegna nýrra undirganga fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur við Litluhlíð lauk. Framkvæmdir við nýjan tvístefnu hjólastíg í Elliðaárdal, sem nær frá Stekkjabakka að gömlu vatnsveitubrúnni, kláruðust og næsti áfangi, sem nær frá gömlu vatnsveitubrúnni að svæði sem kallast Grænugróf, hófst. Stefnt var á að framkvæmdum við þann kafla myndi ljúka sumarið 2023.
Mosfellsbær: Framkvæmdir vegna nýrra göngu- og hjólastíga í Ævintýragarði í Mosfellsbæ lauk um vorið.
Garðabær: Framkvæmdir vegna nýrra undirganga við Arnarneshæð hófust og stefnt var á verklok sumarið 2023.
Hafnarfjörður: Nýir stígar við Strandgötu í Hafnarfirði hófust, þar var verið að gera aðskilið stígakerfi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur meðfram Strandgötu sem nær frá undirgöngum við Reykjanesbraut (hjá Suðurhvammi) að hringtorgi Strandgötu við Hvaleyrarbraut.
**Verkframvinda 2023:** Reykjavík: Framkvæmdir við gerð tvístefnu hjólastígs í Elliðaárdal sem nær frá gömlu vatnsveitubrúnni að svæði sem kallast Grænugróf kláruðust. Framkvæmdum við göngustíg meðfram Ánanaustum lauk.
Garðabær: Framkvæmdir vegna nýrra undirganga við Arnarneshæð. Framkvæmdunum miðaði vel áfram en farið verður í lokafrágang vorið 2024.
**Verkframvinda 2024:** Reykjavík: Framkvæmdir við gerð tvístefnu hjólastígs í Elliðaárdal frá Grænugróf að Dimmu. Einnig voru framkvæmdir við stíga í Skógarhlíð og Litluhlíð ásamt því að framkvæmdir við tvístefnu hjólastíg við Suðurhlíðar kláruðust.
Kópavogur: Undirbúningur vegna stígaframkvæmda á Kópavogshálsi.
Garðabær: Lokafrágangur á framkvæmdum við ný undirgöng við Arnarneshæð.
Hafnarfjörður: Undirbúningur vegna stígaframkvæmda við Fjarðarhraun.
Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur: Undirbúningur fyrir stígaframkvæmdir meðfram Hafnarfjarðarvegi.
**Verktakar:** Ýmsir verktakar samkvæmt samningum við sveitarfélögin og Vegagerðina.

| Kostnaður | m.kr |
|---|---|
| 2020 | 393 |
| 2021 | 596 |
| 2022 | 699 |
| 2023 | 590 |
| 2024 | 783 |
| **Samtals** | **3.061** |

## ↓ Samgöngusáttmáli Hönnun og undirbúningur verkefna

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda sem falla undir samgöngusáttmálann.

| Verk | Uppsöfnuð fjárhæð | Fjárhæð 2024 | Samtals fjárhæð |
|---|---|---|---|
| Hringvegur við Heiðmveg áf2 | 154.789.793 | 45.386.584 | 200.176.377 |
| SGS - Hringv. Heiðmerk.v Áf1 | 86.133.900 | 93.913.234 | 180.047.134 |
| Sæbrautarstokkur | 342.809.883 | 52.938.748 | 395.748.631 |
| Reykjanesbr gatnamót Bústaðav. | 52.610.708 | 26.703.913 | 79.314.621 |
| Reykjan.br. Álftan.v.-Lækjarg | 116.310.531 | 21.038.120 | 137.348.651 |
| Miklubrautargöng | 221.605.761 | 66.472.567 | 288.078.328 |
| **Samtals** | **974.260.576** | **306.453.166** | **1.280.713.742** |

## 7.4 Vestursvæði

## (1) Hringvegur, Borgarnes, Borgarbraut – Hrafnaklettur, öryggisaðgerðir

**Umfang verks:** Undirbúningur hafinn fyrir útboð. Setja á upp umferðarljós, skurðum lokað við Hringveg ásamt lagfæringum á gatnamótum Hringvegar og Húsasmiðju í Borgarnesi.
**Framkvæmdaform:** Útboð og verðkönnun
**Kostnaðaráætlun:** 229 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Öryggisaðgerðaráætlun 2024 | 10 |
| Uppgjör verks 2024 | 4 |
| **Samtals** | **14** |

**Verkframvinda 2020:** Samið við ráðgjafa um hönnun og undirbúning. Stefnt að útboði vorið 2021.
**Verkframvinda 2021:** Verkið hófst í nóvember með endurgerð hraðahindrana. Fargi var keyrt í breikkun Hringvegar um gatnamótin við Hrafnaklett.
**Verkframvinda 2022:** Í byrjun vors var unnið að uppsetningu gangbrautarljósa við gatnamótin að Garðavík og einnig var unnið að gerð regnvatnslagnar ofan við Hringveginn við gatnamótin við Hrafnaklett. Leggja varð nýtt ræsi í gegnum Hringveginn til að afvatna svæðið ofan vegar. Um sumarið var farg á breikkun vegarins tekið af og gert klárt fyrir malbikun. Eftir að gerð regnvatnslagnar lauk var neðra lag malbiks lagt á breikkunina í lok nóvember.
**Verkframvinda 2023:** Gera þurfti lagfæringar á gatnamótum við Hrafnaklett, lagt efra lag malbiks á öll gatnamótin, steyptir kantsteinar á miðeyjar og þær hellulagðar ásamt uppsetningu umferðarmerkja.
**Verkframvinda 2024:** Svæðið milli Hringvegar og Hrafnakletts þökulagt og frágangur fláa og svæða vestan Hringvegar lagfærður. Verkefni lokið.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2024 | 14 |
| **Samtals** | **14** |

## (51) Akrafjallsvegur, hringtorg við Akranesveg

**Umfang verks:** Nýbygging hringtorgs á vegamótum Akranesvegar og Akrafjallsvegar, nýbygging undirganga undir Akrafjallsveg 51-01 og göngu- hjólastíga meðfram Akranesvegi.
**Framkvæmdaform:** Samningur
**Kostnaðaráætlun:** 500 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Heimildir fyrri ára | 15 |
| Samgönguáætlun 2020 | 150 |
| Uppgjör verks 2023 | 66 |
| Uppgjör verks 2024 | 14 |
| **Samtals** | **245** |

**Verkframvinda 2024:** Byrjað á forhönnun, farið var í verðkönnun til þess að fá ráðgjafa til að hanna verkefnið. Í nóvember 2024 var undirritaður samningur við EFLU hf. um hönnun for- og verkhönnunar.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 1 |
| 2021 | 48 |
| 2022 | 87 |
| 2023 | 95 |
| 2024 | 14 |
| **Samtals** | **245** |

## (54) Snæfellsnesvegur, Ketilstaðir - Dunkárbakki

**Umfang verks:** Endurbygging 5,4 km kafla milli Ketilstaða og Gunnarsstaða í Hörðudal. Samhliða veglagningu verða byggðar tvær brýr, 52 m löng steypt plötubrú yfir Dunká og 43 m löng stálbitabrú með steyptu dekki yfir Skraumu. Vegurinn verður endurbyggður í núverandi vegstæði nema við brýrnar. Nýtt brúarstæði á Dunká er ofan við núverandi brú en Skrauma er brúuð neðan við núverandi brú.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 861 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2021 | 630 |
| Samgönguáætlun 2022 | 470 |
| Fjárlög 2023 | 418 |
| Fært á önnur verk 2023 | -32 |
| Fjárlög 2024 | 213 |
| **Samtals** | **1.699** |

**Verkframvinda 2021:** Lokið var við hönnun og undirbúning framkvæmdarinnar. Unnið var við kaup á landi undir veg ásamt því að semja við landeigendur á svæðinu um efni. Upphaflega var verkefnið boðið út í júlí og barst eitt tilboð í verkefnið sem reyndist vera um 170% af kostnaðaráætlun. Verkefnið var boðið út aftur og barst þá eitt tilboð í verkið frá fyrirtækinu Borgarverk ehf. og var skrifað undir verksamning í desember.
**Verkframvinda 2022:** Vinna við verkefnið hófst í mars. Fram á vor var unnið að undirstöðum brúa á Skraumu og Dunká. Vinna við vegagerðarhluta verkefnisins hófst í framhaldinu og var unnið að því jöfnum höndum allt árið. Um haustið var búið að leggja um 90% af öllum fyllingum í veginum og búið að steypa upp undirstöður beggja brúa. Tafir í efnisútvegun og fleiri þættir orsökuðu það að ekki náðist að steypa brúardekk fyrir veturinn. Steypa á brúardekki tafðist því í báðum tilfellum fram yfir áramót. Öll ræsi voru lögð á árinu. Á verktímanum kom í ljós að fyllingarefni sem taka átti í lausum skeringum innan vegsvæðis reyndist víða ónothæft og þurfti því að taka umtalsvert af efni úr styrktarlagsnámu í fyllingar. Styrktarlag átti að koma úr tveimur námum í fjöruborði neðan vegar en þær reyndust tómar þegar búið var að klára fyllingar í veginn. Var því brugðið á það ráð að framleiða styrktarlag í veginn í námu um 1 km austan við framkvæmdasvæðið. Var sú vinna í gangi á áramótum.
**Verkframvinda 2023:** Hafist var handa við að rífa brýr. Byrjað var á að fjarlægja brú yfir Skraumu og því næst var brúin yfir Dunká tekin. Erfiðar aðstæður voru vegna veðurs og dróst því að rífa brýrnar. Gengið var frá bílaplani við Dunká, unnið við fláa, landmótun, girðingavinnu og annan frágang yfir sumarið.
**Verkframvinda 2024:** Klárað var að rífa brúna yfir Dunká. Lagfærðar voru athugasemdir sem gerðar voru í lokaúttekt. Gengið var frá uppgjöri við landeigendur að mestu leyti.
**Verktaki:** Borgarverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 4 |
| 2021 | 39 |
| 2022 | 974 |
| 2023 | 469 |
| 2024 | 213 |
| **Samtals** | **1.699** |

## (59) Laxárdalsvegur, Lambeyri - Sýslumörk

**Umfang verks:** Endurbætur á núverandi Laxárdalsvegi á um 10,5 km kafla. Um er að ræða endurlögn ræsa, undirbyggingu, útlögn styrktar– og burðarlaga ásamt lögn bundins slitlags og frágangi fláa.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 700 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tengivegir 2020 | 12 |
| Tengivegir 2021 | 30 |
| Tengivegir 2023 | 10 |
| Tengivegir 2024 | 6 |
| Uppgjör verks 2024 | -12 |
| **Samtals** | **46** |

**Verkframvinda 2020:** Samið var við ráðgjafa um hönnun verksins. Byrjað að vinna í samningum við landeigendur. Hönnun vegar var langt komin á árinu 2020. Stefnt að því að bjóða út verkið í lok árs 2021.
**Verkframvinda 2021:** Búið er að hanna verkið, eftir er að gera útboðslýsingu. Hannað var hálfbogaræsi í Hólkotsá ásamt því að hanna breikkun og styrkingu á núverandi vegi. Búið að senda inn fyrirspurn á matskyldu fyrir nýjar námur á svæðinu. Hægt gekk að semja við landeigendur og var ákveðið að láta útboð bíða þangað til samningar næðust.
**Verkframvinda 2022:** Vinna á árinu snerist um að reyna að ná samningum við landeigendur. Hönnun og annar undirbúningur var tilbúinn.
**Verkframvinda 2023:** Unnið að samningum við landeigendur.
**Verkframvinda 2024:** Unnið að samningum við landeigendur.
**Verktaki:** Óráðið.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 24 |
| 2021 | 8 |
| 2022 | 8 |
| 2023 | 3 |
| 2024 | 3 |
| **Samtals** | **46** |

## (60) Vestfjarðavegur um Gufudalssveit

**Umfang verks:** Vegagerðin áætlar að byggja nýjan Vestfjarðaveg milli Bjarkalundar og Melaness í Reykhólahreppi. Framkvæmd þessi var lögð fram til mats á umhverfisáhrifum á árinu 2005.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** Gufudalsá – Skálanes 520 m.kr., Kinnarstaðir – Þórisstaðir 3.326 m.kr. Djúpadalsvegur (6087) 518 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárveiting fyrri ára | 50 |
| Samgönguáætlun 2015 | 50 |
| Samgönguáætlun 2016 | 300 |
| Fjárlög 2017 | 200 |
| Flutt á önnur verk 2018 | -244 |
| Samgönguáætlun 2019 | 100 |
| Samgönguáætlun 2020 | 1.500 |
| Samgönguáætlun 2021 | 2.700 |
| Samgönguáætlun 2022 | 700 |
| Fjárlög 2023 | 1.910 |
| Fjárlög 2024 | 1.068 |
| **Samtals** | **8.334** |

**Verkframvinda:** Framkvæmdin var lögð fram til mats á umhverfisáhrifum á árinu 2005. Á árinu 2015 var óskað eftir endurupptöku á hluta úrskurðar Skipulagsstofnunar, nánar tiltekið þess hluta sem varðar leið B um Teigsskóg. Fallist var á beiðni Vegagerðarinnar um endurupptöku. Á árinu 2016 var unnið að gerð frummatsskýrslu og matsskýrslu ásamt öðrum undirbúningi. Á árinu 2017 lagði Vegagerðin fram matsskýrslu til Skipulagsstofnunar í febrúar. Í áliti Skipulagsstofnunar kom fram að áður en ákvarðanir verði teknar um þveranir fjarðanna þurfi frekari rannsóknir á straumum og botnseti. Einnig kom fram að breyta þyrfti aðalskipulagi Reykhólahrepps. Á árinu var farið í rannsóknavinnu í samræmi við kröfur Skipulagsstofnunar og nauðsynlega vinnu og samráð við sveitarfélagið vegna breytinga á aðalskipulagi. Einnig var unnið að samningum við landeigendur. Áfram var unnið að tæknilegum undirbúningi verksins.
**Verkframvinda 2018:** Sveitarstjórn samþykkti að velja svokallaða Þ-H leið um Teigsskóg í mars en mánuði síðar ákvað sveitarstjórn að láta vinna óháð mat á mögulegum valkostum um leiðarval. Matið var unnið af ráðgjafafyrirtækinu Multiconsult og lögðu þeir til að skoðuð yrði ný veglína um Reykjanes með þverun við utanverðan Þorskafjörð. Sveitarstjórn frestaði í kjölfarið að auglýsa nauðsynlega skipulagsbreytingu meðan þessi valkostur yrði skoðaður nánar. Vegagerðin lagði síðan fram frumathugun á þeim kosti en taldi hann ekki jafn góðan og fyrri tillöguna um Þ-H leiðina. Eftir umbeðnar leiðbeiningar frá sveitarfélaginu lagði Skipulagsstofnun til að gerð yrði óháð valkostagreining fyrir mismunandi leiðir. Í desember skilaði ráðgjafafyrirtækið Viaplan valkostaskýrslu til sveitarstjórnar.
**Verkframvinda 2019:** Í janúar lagði Vegagerðin fram umferðaröryggismat fyrir þær leiðir sem komu fram í valkostaskýrslu Viaplan. Sveitarstjórn samþykkti að ganga frá aðalskipulagsbreytingu miðað við Þ-H leiðina. Kostnaður ársins er tengdur vinnu við aðalskipulagsbreytingu sem var formlega staðfest af Skipulagsstofnun í nóvember. Jafnframt var unnið að undirbúningi fyrir framkvæmdaleyfisumsókn fyrir Þ-H-leiðina og var formleg umsókn lögð fram í desember. Áfram var unnið að samningum við landeigendur.
**Verkframvinda 2020:** Framkvæmdaleyfi fyrir Vestfjarðaveg um Gufudalssveit var gefið út af Reykhólahreppi í febrúar. Framkvæmdaleyfið var kært í mars en Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hafnaði kærunni í sama mánuði. Fyrsti áfangi af verkinu Vestfjarðavegur (60) Gufudalsá – Skálanes var boðinn út í júlí en verklok voru áætluð 15. júlí 2021. Áfram var unnið að hönnun og samningum við landeigendur.
**Verkframvinda 2021:** Verkinu Vestfjarðavegur (60) Gufudalsá – Skálanes lauk á árinu. Boðnir voru út tveir verkáfangar: Kinnarstaðir – Þórisstaðir (þverun Þorskafjarðar) og Djúpadalsvegur (6087). Áfram var unnið að hönnun og samningum við landeigendur
**Verkframvinda 2022:** Teigsskógur: Verktaki fór seint af stað, vann í skeringum og fyllingum. Tæplega 20.000 m3 af fyllingum úr skeringum og bergskeringum. Farg komið að hluta á fergingasvæði.

Þorskafjörður: Lokið var við að steypa brú í lok ársins. Fyllingarefni úr skeringum stóð í um 90%, bergskeringar í um 95%.

Djúpadalsleið: Verkið var langt komið á þessum tímapunkti en efnisvinnsla var eftir og frágangur utan vegar. Verktaki fékk sinn tíma til að vinna í þessu þar sem þetta verk tafði ekki aðrar framkvæmdir á svæðinu.
**Verkframvinda 2023:**Teigsskógur: Framkvæmdir hófust í byrjun árs, með áframhaldandi jarðvinnu og sprengivinnu.Á þessum tíma var efni keyrt í rofvarnir og sprengingar unnar í efnisvinnsluskeringum. Á meðan unnið var að grunnvinnu fram á vor var sérstök áhersla lögð á rofvarnir og efnisflutninga.

Sumarið einkenndist af jarðvinnu, þar sem fyllingar og burðarlög voru lögð út, ásamt því að leggja ræsi og undirbúa fyrir klæðingavinnu.

Klæðning á veginn hófst formlega í byrjun september, og í október var verkið komið á lokastig með útlögn síðasta burðarlags og klæðningu. Einungis var lagt eitt lag af klæðingu á hluta leiðarinnar úti á Hallsteinsnesi þar sem verktaki náði ekki að klára þann hluta í tíma fyrir veturinn. Vegurinn var opnaður fyrir umferð í lok október. Eftir er frágangur á heimreið að Teigsskógi og tenging upp á Hjallaháls ásamt minni verkum eins og einhverjir stútar út á tún ásamt því að klára seinna lag af klæðingu. Verður klárað 2024.

Þorskafjörður: Í byrjun ársins var hafist handa við gröft undan brú og við rofvarnir. Stöðugt var unnið að fyllingum út í fjörðinn. Um haustið var unnið við lokafrágang og lagningu klæðingar á veginn. Vegurinn var svo formlega opnaður 1. desember.
**Verkframvinda 2024:**
Teigsskógur. Í upphafi árs var haldið áfram að koma út burðarlagi og styrktarlagi og ganga frá fláum. Unnið var við jarðvegsfleyg sem fór af stað ofanvert við veg og var hætta á að hann skriði niður. Var hann „stabiliseraður“ með því að moka úr honum og koma fyrir stórgrýti sem hélt við hann. Einnig var unnið við að koma fyrir rofvörnum. Unnið var í afleggjurum og heimreiðum og útlögn á grenndargróðri var kláruð. Að lokum var vegurinn klæddur.

Eftir er að gera formlega lokaúttekt þar sem verktaki hefur ekki skilað verkinu formlega.

Fyllingar í Gufu- og Djúpafirði. Verkið hófst í janúar með undirbúningi, hreinsun staðargróðurs og slóðagerð. Unnið var að sneiðingum niður að sjó og opnun Krakárnámu. Í mars

hófust sjófyllingar, verktaki reisti stálgrindarskemmu fyrir verkstæði.

Framkvæmdir á fyllingum héldu áfram og náðu að vinnuplani brúar í Gufufirði í júní. Efni var flutt úr Krakárnámu og rofvarnir settar upp. Í maí var m.a. haldinn fundur með fornleifafræðingi vegna minja á Grónesi. Mikið vatnsveður var um vorið og efnið flaut mikið í flutningi.
Seinni part sumars og haust var áfram unnið að fyllingum, rofvörnum og skeringu. Samþykkt var framlenging á áfangaskilum vinnuplana brúa. Í september hófust boranir fyrir undirstöðum á bráðabirgðabrú sem lauk í október. Í framhaldi hófst suðuvinna á stífum og hafist handa við brúardekk. Í desember var mokað undan bráðabirgðabrú og fyllingar komnar langleiðina út í Grónes.

**Verktaki:** Gufudalsá - Skálanes: Borgarverk ehf.
Kinnarstaðir - Þórisstaðir: Suðurverk hf.
Djúpadalsvegur (6087): Norðurtak ehf.
Þórisstaðir - Hallsteinsnes (Teigsskógur: Borgarverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Kostnaður fyrri ára | 123 |
| 2015 | 26 |
| 2016 | 80 |
| 2017 | 78 |
| 2018 | 52 |
| 2019 | 43 |
| 2020 | 284 |
| 2021 | 1.623 |
| 2022 | 2.389 |
| 2023 | 2.568 |
| 2024 | 1.068 |
| **Samtals** | **8.334** |

## (60) Vestfjarðavegur, Fjarðarhornsá og Skálmardalsá

**Umfang verks:** Um er að ræða endurbyggingu á brú á Fjarðarhornsá og Skálmardalsá og vegum að brúnum. Endurbyggingin felst í byggingu á nýjum brúm við hlið núverandi brúa ásamt vegagerð að þeim, sem er þá uppbygging vega, lögn styrktar- og burðarlaga, ræsa, klæðingar og frágangi fláa.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 1.280 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr |
|---|---|
| Heimild fyrri ára | 26 |
| Breikkun brúa 2023 | 116 |
| Uppgjör verka 2023 | -2 |
| Breikkun brúa 2024 | 481 |
| Uppgjör verka 2024 | 15 |
| **Samtals** | **636** |

**Verkframvinda 2023:** Hönnun og útboðsgerð. Ákveðið var að bjóða út Fjarðarhornsá og Skálmardalsá út saman í einu útboði og verður verkefnið því unnið undir einum hatti. Byrjað á undirbúningi vegna landeigendasamninga. Verkefni boðið út í lok árs. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar sá um að reka niður niðurrekstrarstaura undir brýrnar á árinu ásamt gerð niðurrekstrarplana.

**Verkframvinda 2024:** Í febrúar var samið við lægstbjóðanda í útboði, VBF Mjölnir ehf. Verktaki mætti á staðinn í mars og hófst handa við aðstöðuskópun og brúargerð. Brúargerð við Fjarðarhornsá klárast á árinu, vegagerð Fjarðarhornsmegin er stödd þar að fyllingar og styrktarlag er komið út. Umferð var hleypt á nýju brúna rétt fyrir jól með hjáleið. Aðeins byrjað á brú Skálmardalsmegin en vinnu var hætt um miðjan nóvember vegna mikilla vatnavaxta.

| Kostnaður | m.kr |
|---|---|
| 2021 | 3 |
| 2022 | 23 |
| 2023 | 114 |
| 2024 | 496 |
| **Samtals** | **636** |

## (60) Vestfjarðavegur um Dynjandisheiði

**Umfang verks:** Vegagerðin áætlar að endurbyggja og leggja nýjan Vestfjarðaveg yfir Dynjandisheiði sem nær frá Hörgsnesi í Vatnsfirði og langleiðina að Mjólkárvirkjun í Borgarfirði. Vegna skipulagsmála og leiðarvals verður fyrst horft á leiðina frá Flókalundi að Mjólkárvirkjun ásamt tengingu við Bíldudalsveg um 33 km leið.
**Framkvæmdaform:** Útboð
**Kostnaðaráætlun:** 1. áfangi 2.365 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárheimild fyrri ára | 173 |
| Samgönguáætlun 2020 | 550 |
| Samgönguáætlun 2021 | 1.050 |
| Samgönguáætlun 2022 | 800 |
| Fjárlög 2023 | 3.423 |
| Fjárlög 2024 | 1.558 |
| **Samtals** | **7.554** |

**Verkframvinda 2020:** Matsskýrsla vegna Vestfjarðavegar um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegar var lögð fram í mars og skilaði Skipulagsstofnun áliti í júlí. Fyrsti áfangi vegar um Dynjandisheiði, sem er annars vegar um 5,7 km langur kafli við Þverdalsá (vegkafli 60-35) og hins vegar um 4,3 km langur kafli fyrir Meðalnes (vegkafli 60-38), var boðinn út í júlí. Framkvæmdir hófust síðan í byrjun október. Áætluð verklok eru 30. september 2021. Áfram var unnið að hönnun og undirbúningi fyrir næstu áfanga.
**Verkframvinda 2021:** Upphaflegu útboðsverki var að mestu lokið en ekki náðist að ljúka seinna lagi slitlags og ýmsum frágangi sem færðist á næsta ár. Þessu til viðbótar var bætt við um 2,4 km á kaflann við Þverdalsvatn upp fyrir gatnamót við Bíldudalsveg.
**Verkframvinda 2022:** Lokið var við áfanga 1 á árinu ásamt viðbótarköflum. Boðinn var út 2. áfangi á Dynjandisheiði og var samið við Suðurverk hf. í ágúst og hófst undirbúningur og framkvæmdir í kjölfarið. Unnið var í beinu framhaldi af áfanga 1 frá Norðdalsá og niður í Vatnahvilft. 2. áfangi er beint framhald af 1. áfanga og er um 12,6 km langur. Verktaki hóf vinnu í október. Stefnt var að opnun haustið 2024. Vonast var til að hægt yrði að opna 3-4 km af syðsta hluta kaflans fyrir vetur 2023.
**Verkframvinda 2023:** Dynjandisheiði er rík af klöpp og

grjóti, því var aðallega unnið við bergskeringar. Verkið gekk þokkalega og það náðist að taka syðstu 3,6 km í notkun með bundnu slitlagi fyrir vetur.
**Verkframvinda 2024:** Á verktíma voru haldnir 48 verkfundir, á árinu 2024 voru haldnir 20 verkfundir. Unnið var á um 9,5 km kafla árið 2024 eða frá stöð 14110-23530. Í upphafi árs var unnið við skeringar við Botnshest í stöð 15600, hæðarkóti á vegi við Botnshest er 340 m, þar var unnið styrktarlag í hluta verksins. Sprengt var talsvert magn undir háspennulínu og því þurfti að vera í góðum samskiptum við Landsnet á meðan á því verki stóð. Þá var unnið við skeringar í stöð 22400 sem er í 430 m hæð. Unnið var á þessum köflum fram í apríl.

Í byrjun janúar var lítill snjór, hiti frá -14°C - +4 °C, heiðin var ófær nokkra daga en ekkert sem tafði verkið, undir lok mánaðarins var mikil snjókoma og heiðin ófær marga daga. Veður í febrúar og mars var nokkuð gott, einstaka daga var ófært um heiðina. Í lok apríl var verkstaða komin í 80%, snjóspýjur féllu á veginn upp að Dynjandisvogi og aðstoðaði verktaki Vegagerðina við að opna veginn. Heildarfjöldi starfsmanna í verkinu var á þeim tíma 37. Á verkstað voru 30 og 7 í fríi. Í maí 2024 hófust næturvaktir með 6 mönnum. Það voraði seint, snjóaði um nætur fram í lok maí. Lítil snjóbráðnun var á þessum tíma. Hiti fór þó hækkandi þegar líða fór á mánuðinn en kalt á nóttunni. Í byrjun júní voru fyllingar komnar að mestu eða í 97%. Mölun styrktarlags hófst í maí og var unnið við mölun á vöktum

Í júní var keyrt út styrktarlag á hluta kaflans og burðarlag sett á lítinn hluta. Í byrjun júlí var klætt á 6 km kafla, tvö lög, frá stöð 14100-20180. Bætt var við verkið um 830 m kafla og hófst vinna við bergskeringar á þeim kafla í júlí. Í júlí og ágúst var unnið við víravegrið og frágang fláa. Nokkur vinna var við að afmá gamla vegi í samstarfi við Umhverfisstofnun. Í byrjun ágúst voru klæddir tæpir 2 km, eitt lag. Í byrjun september var búið að klæða eitt lag á allan kaflann auk viðbótarkaflans, þó átti eftir að klæða seinna lagið á um 2 km kafla.

Um miðjan september var búið að klæða allan kaflann og unnið var við frágang á vinnusvæðinu. Á verktímanum flaug verktaki dróna 8 sinnum yfir vegkaflann.
**Verktaki:** 1. áfangi: ÍAV hf.
**Verktaki:** 2. áfangi: Suðurverk hf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---:|
| Kostnaður fyrri ára | 164 |
| 2019 | 50 |
| 2020 | 277 |
| 2021 | 2.625 |
| 2022 | 959 |
| 2023 | 1.921 |
| 2024 | 1.558 |
| **Samtals** | **7.554** |

## (60) Vestfjarðavegur, Dýrafjarðargöng

**Umfang verks:** Gerð 5,3 km jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, 300 m langra vegskála og 7,8 km af nýjum vegum ásamt byggingu brúa á Mjólká og Hófsá.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 12.356 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr |
|---|---:|
| Samgönguáætlun 2006 | 22 |
| Samgönguáætlun 2007 | 7 |
| Samgönguáætlun 2008 | 17 |
| Fjárlög 2009 | 60 |
| Samgönguáætlun 2010 | 23 |
| Fjárlög 2011 | 3 |
| Samgönguáætlun 2012 | 20 |
| Flutt á önnur verk 2012 | -10 |
| Flutt á önnur verk 2013 | -4 |
| Flutt á önnur verk 2014 | -3 |
| Samgönguáætlun 2016 | 100 |
| Fjárlög 2017 | 1.500 |
| Fjárlög 2018 | 3.500 |
| Samgönguáætlun 2019 | 3.500 |
| Samgönguáætlun 2020 | 3.700 |
| Flutt af viðhaldi jarðgangna 2024 | 12 |
| **Samtals** | **12.447** |

**Verkframvinda:** Á árunum 2006-2013 var unnið að rannsóknum, hönnun, mati á umhverfisáhrifum og öðrum undirbúningi verksins. Á árinu 2016 var unnið að verkhönnun og undirbúningi verksins og voru forvalsgögn vegna Dýrafjarðarganga send út í maí. Útboðsgögn til valinna verktaka voru send út í desember og gert ráð fyrir að opna tilboð í verkið í janúar 2017.
**Verkframvinda 2017:** Á árinu 2017 voru tilboð opnuð 24. janúar. Samningur við aðalverktaka var undirritaður í Reykjavík 20. apríl. Samningar um eftirlit með framkvæmdinni undirritaðir 17. maí. Vinna á verkstað við aðstöðusköpun og uppsetningu vinnubúða hófst í Arnarfirði 12. júní, vinna við forskeringu 17. júlí, og jarðgangagröftur hófst formlega Arnarfjarðarmegin 14. september með sprengingu samgönguráðherra, Jóns Gunnarssonar. Gangagröftur það sem eftir var árs gekk vel og var lengd ganga í lok árs 2017 orðin 821,5 m sem er um 15,5% af heildarlengd ganganna. Fram undir áramót var verið að ganga endanlega frá allri aðstöðu og hafin vinna við vegagerð frá munna niður að Hófsá.
**Verkframvinda 2018:** Á árinu var haldið áfram með gangagröft. Unnið var í Arnarfirði til 22. september þegar flutt var yfir í Dýrafjörð. Gröftur í Dýrafirði hófst 12. október. Gangagröftur gekk mjög vel á árinu og var lengd ganga í lok árs 4.095,4 m, eða 77,3 %. Alls voru grafnir 3.274,3 m, frá Arnarfirði 2.836,1 m og frá Dýrafirði 438,2. Vinna við lagnir hófst Arnarfjarðarmegin. Áfram var unnið við vegagerð í Arnarfirði, fyllingar voru langt komnar og neðra burðarlag á um 900 m af 3.000 m. Vinna hófst við vegagerð í Dýrafirði, unnið frá báðum endum. Fyllingar voru langt komnar á um 1.500 m langan kafla af um 5.000 m. Vinna hófst einnig við brýr á Mjólká og Hófsá. Búið var að steypa sökkla og stöpla í Mjólká og sökkul og annan stöpul í Hófsá.
**Verkframvinda 2019:** Gröftur í göngum gekk áfram vel og náðist m.a. met í gangagreftri þegar göngin lengdust um 111

m í viku 5. Gegnumbrot var þann 12. apríl sem var 2 mánuðum á undan áætlun og var formleg gegnumbrotsviðhöfn síðan haldin þann 17. apríl. Eftir gegnumbrot hófst vinna við lokastyrkingar og var þeim að fullu lokið síðustu viku í júlí. Vinna við vatnsklæðingar hófst í júní og í lok árs var búið að fullklára um 64% allra vatnsklæðinga. Undirbúningur fyrir byggingu vegskála í Dýrafirði hófst í mars og var vegskálabyggingu þar lokið þann 14. ágúst. Undirbúningur fyrir byggingu vegskála í Arnarfirði hófst í júlí og var vegskálabyggingu lokið þeim megin 13. nóvember. Í göngum var byrjað í janúar á skurðgreftri fyrir jarðvatnslagnir. Vinna gekk fremur hægt í fyrstu og lauk ekki fyrr en í október. Í desember hófst síðan vinna við hreinsun og afréttun fyrir útlögn neðra burðarlags. Vinna við rafbúnað var fremur lítil á verkstað þetta árið en útlögn jarðvírs og niðursetning 11 kV brunna hófst í júní. Allir brunnar voru komnir niður í september og vinnu við útlögn jarðvírs lauk síðan í október. Vinna við vegagerð í Arnarfirði var mjög takmörkuð en unnið nokkuð jafnt þar í efnisvinnslu. Í Dýrafirði var fyllingar- og skeringarvinna langt komin í júlí og fyllingarvinnu, fyrir utan í veg að Dröngum, lokið í október. Útlögn neðra burðarlags í Dýrafirði hófst í ágúst og var komið í um 87% í lok árs. Brúarvinna í Arnarfirði hófst ekki á ný fyrr en um miðjan júní og voru báðar brýr fullkláraðar í nóvember.
**Verkframvinda 2020:** Þegar vinna hófst árið 2020 var í göngum haldið áfram við uppsetningu vatnsklæðinga ásamt ásprautun á þær. Uppsetningu vatnsklæðinga lauk í annarri viku í febrúar en vinna við ásprautun tafðist nokkuð vegna COVID-19 og lauk ekki að fullu fyrr en í endaðan apríl. Samhliða vinnu við vatnsklæðingar var í göngum einnig unnið við steypuvinnu í tækni- og neyðarrýmum, vegagerð og rafbúnað. Botnhreinsun og afréttingu fyrir útlögn neðra burðarlags í göngum lauk um miðjan febrúar og var búið að leggja allt neðra burðarlag í göngin í byrjun júní. Malbikunarvinna hófst í annarri viku í júní og var lokið í enda mánaðarins. Tækni- og neyðarrými voru fullsteypt í byrjun apríl. Útdráttur og tengivinna á strengjum Landsnets hófst í lok apríl og var klárað í lok maí. Vinna við uppsetningu veglýsingar hófst að lokinni malbikun og var öll lýsing komin í göngin um miðjan september. Vinnu við raf- og öryggisbúnað var lokið um miðjan október. Vinna við vegagerð utan ganga var fremur lítil fyrri hluta árs en fór af fullum krafti aftur af stað í byrjun júlí. Klæðingarvinna hófst um miðjan ágúst þegar kaflar voru klæddir í Arnarfirði og Dýrafirði. Í annarri viku í október var neðra lag komið í Arnarfjörð og að fullu klárað í Dýrafirði að undanskildu útsýnisplani. Klæðingarvinnu var því ekki lokið fyrr en 2021. Þann 25. október voru göngin opnuð fyrir almennri umferð.
**Verkframvinda 2021:** Unnið var við ýmsan frágang, einkum við stýrikerfi, rafbúnað og öryggiskerfi ásamt greiðslum til verktaka vegna aukaverka og verðbóta. Einnig voru efnis- og landbætur greiddar á árinu.
**Verkframvinda 2022:** Helstu kostnaðarliðir ársins komu til vegna uppgjörs við aðalverktaka á verkliðum sem unnir voru seint á verktíma og eftir opnun ganga haustið 2021. Helstu verkþættir voru frágangur umhverfis vega að göngum ásamt uppgjöri aukaverka og greiðslu verðbóta. Þá var unnið við frágang stýrikerfa og uppgjör við landeigendur. Settar voru upp meðalhraðamyndavélar og unnið við frágang neyðarrýma.
**Verkframvinda 2023:** Alls var unnið fyrir 23,8 m.kr. Helstu kostnaðarliðir voru framkvæmdir vegna kröfu landeigenda um frágang, vinna Vegagerðarstarfsmanna við uppsetningu og stillingu búnaðar og vinnu við neyðarrými. Þá var einnig settur upp búnaður vegna umferðaröryggis og bættrar aðstöðu starfsmanna.
**Verkframvinda 2024:** Sett var upp aðstaða fyrir þjónustuaðila Arnarfjarðarmegin við göngin ásamt vegriðum í Arnarfirði. Gengið var frá loka uppgjöri við landeigendur og stillingar á kerfum
**Verktakar:** Jarðgangagerð og vegir að göngum ásamt brúm: Metrostav a.s., Tékklandi og Suðurverk hf.
Eftirlit: Efla hf. og Geotek ehf.
Stjórnkerfi: Rafeyri ehf.

| Kostnaður | m.kr |
|---|---|
| 2006 | 22 |
| 2007 | 7 |
| 2008 | 17 |
| 2009 | 60 |
| 2010 | 23 |
| 2011 | 2 |
| 2012 | 1 |
| 2013 | 2 |
| 2015 | 1 |
| 2016 | 98 |
| 2017 | 1.490 |
| 2018 | 2.597 |
| 2019 | 3.589 |
| 2020 | 2.991 |
| 2021 | 294 |
| 2022 | 431 |
| 2023 | 24 |
| 2024 | 12 |
| **Samtals** | **11.661** |

## (508) Skorradalsvegur, Dagverðarnesbrekka

**Umfang verks:** Um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar, breikkun og styrkingu vegar ásamt útlögn bundins slitlags
**Framkvæmdaform:** Verðkönnun
**Kostnaðaráætlun:** 30 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tengivegir 2024 | 30 |
| Uppgjör verks 2024 | -18 |
| **Samtals** | **12** |

**Verkframvinda 2024:** Lokið við breikkun og styrkingu á veginum.
**Verktaki:** Hálsatak ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2024 | 12 |
| **Samtals** | **12** |

# (522) Þverárhlíðarvegur, Hvítársíðuvegur - Högnastaðir

**Umfang verks:** Endurbygging á um 8,5 km kafla Þverárhlíðarvegar. Um er að ræða styrkingu og breikkun á núverandi vegi ásamt endurnýjun ræsa, lagningu styrktarlags, burðarlags og klæðingar ásamt lagfæringum á fláa og lengingu vegriða við einbreiðar brýr. Endurgerð vegarins er nánast öll gerð úr sprengdu bergi úr Kleifunum.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 443 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Heimild fyrri ára | 4 |
| Tengivegir 2021 | 150 |
| Tengivegir 2022 | 293 |
| Tengivegir 2023 | 10 |
| Tengivegir 2024 | 4 |
| Uppgjör verks 2024 | 199 |
| **Samtals** | **660** |

**Verkframvinda 2021:** Skrifað var undir samning í júní. Verktaki kom á staðinn í byrjun október og byrjaði á efnistöku í Kleifunum. Einnig var byrjað á vinnu við fyllingar og lagningu ræsa.
**Verkframvinda 2022:** Verkið hélt áfram í byrjun árs og vinnsla á styrktarlagi hófst í byrjun febrúar. Fyllingum var lokið í apríl og gerð fláafleyga í maí. Í maí var ákveðið að breyta hönnun á beygju við Gunnlaugsstaði og hún mýkt. Í lok maí hófst útkeyrsla á styrktarlagi og vinnsla á burðarlagi og keyrt út í framhaldi. Fyrra lag klæðingar byrjaði 6. júlí og lauk mánuði síðar. Seinna lagi klæðingar lauk 16. ágúst. Frágangi á skeringunni í Kleifunum og fláum lauk um haustið.
**Verkframvinda 2023:** Lokið við reiðveg og frágang á túntengingum og afleggjurum.
**Verkframvinda 2024:** Unnið að girðingamálum fyrir landeigendur.
**Verktaki:** Borgarverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 4 |
| 2021 | 131 |
| 2022 | 503 |
| 2023 | 18 |
| 2024 | 4 |
| **Samtals** | **660** |

# (533) Álftaneshreppsvegur, Snæfellsnesvegur - Smiðjuhóll

**Umfang verks:** Nýbygging Álftaneshreppsvegar á 1,4 km kafla og endurbygging á 4,6 km. Verkið felur í sér undirbyggingu, endurnýjun ræsa, lögn styrktarlags, burðarlags og slitlags, einnig tenginga, reiðvegar og frágangs. Endurgerð vegarins er öll unnin úr sprengdu og möluðu bergi.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 311 m.kr. (hlutur Vegagerðarinnar 289 m.kr., sjá skýringar*)

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Heimildir fyrri ára | 4 |
| Tengivegir 2020 | 120 |
| Tengivegir 2021 | 350 |
| Tengivegir 2023 | 30 |
| Tengivegir 2024 | -20 |
| Uppgjör verks 2024 | -18 |
| **Samtals** | **466** |

**Verkframvinda 2020:** Skrifað var undir verksamning við verktaka 13. ágúst. Verktaki hóf framkvæmdir um miðjan október með hreinsun klappar og sprengingum. Keyrð út fylling á nýbyggingarkaflanum og ræsalögn. Einnig var framleiðslu á styrktarlagi lokið á árinu.
**Verkframvinda 2021:** Eldri vegur breikkaður og keyrð út fylling og styrktarlag nokkuð samhliða. Útboðskaflinn var lengdur um 2 km. með tilheyrandi magnaukningu og lengri akstурslengd. Útkeyrslu efra burðarlags lauk í byrjun september. Neðra lag klæðingar var lagt í tveimur áföngum 10. sept. og 11. okt. Efra lagi klæðingar og endanlegum frágangi var frestað til vors 2022.
**Verkframvinda 2022:** Seinni part sumars var efra lag klæðingar lagt á kaflann. Einnig var frágangur á fláum og svæðum kláraður en lokafrágangi á skeringu frestað vegna efnishauga. Ekki var hægt að gera reiðfært með veginum vegna bleytu.
**Verkframvinda 2023:** Efni í reiðveg var keyrt út á freðna jörð í febrúar og jafnað út um vorið.
**Verkframvinda 2024:** Gengið frá skeringu og lokauppgjöri við landeigendur.
**Verktaki:** Þróttur ehf.
*Skýringar: Gerður var samningur við landeigendur um færslu á vegi m.t.t. umferðaröryggis og til að færa umferð frá húsinu. Samningurinn tekur á því að landeigandi greiði uppbyggingu vegar og Vegagerðin greiði fyrir burðarlag og slitlag.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2019 | 4 |
| 2020 | 76 |
| 2021 | 287 |
| 2022 | 75 |
| 2023 | 45 |
| 2024 | -21 |
| **Samtals** | **466** |

## (590) Klofningsvegur, Vestfjarðavegur - Hafnará

**Umfang verks:** Um er að ræða endurbyggingu og styrkingu núverandi vegar á um 8,4 km löngum kafla. Verkið felst í nýlögn ræsa, breikkun og endurbótum á núverandi vegi, lagningu styrktar- og burðarlags, klæðingu og frágangi fláa.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 574 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Heimildir fyrri ára | 6 |
| Tengivegir 2022 | 15 |
| Tengivegir 2023 | 151 |
| Tengivegir 2024 | 400 |
| Flutt af öðrum verkum 2024 | 154 |
| Uppgjör verks 2024 | -44 |
| **Samtals** | **682** |

**Verkframvinda 2022:** Lokið var við forhönnun og byrjað var á verkhönnun, stefnt á útboð árið 2023.
**Verkframvinda 2023:** Verkið var boðið út í maí og útboð opnuð í júní. Fjórir verktakar buðu í verkið og var undirritaður samningur við lægstbjóðanda í júlí. Verkið hófst í ágúst með flutningi ræsa. Framkvæmdir á verkstað hófust í september. Settar voru fyllingar, fláafleygar og skipt um ræsi á fyrstu þremur kílómetrunum. Tekið var efni úr Hvammsánni og Krosshólaborg. Einhverjar breytingar voru gerðar á stærð ræsa til að auðvelda flutning. Vandræði voru með útsetningargögn og hönnunargögn þar sem galli var í landlíkani. Í framhaldi voru gerðar nokkrar einfaldar hönnunarbreytingar. Gerður var viðbótarsamningur um búfjárræsi.
**Verkframvinda 2024:** Áframhaldandi vinnsla á styrktarlagi á efninu sem tekið var úr áreyrum Hvammsár. Framkvæmdir við veginn hófust um miðjan apríl með hreinsun af klöpp við Skerðingsstaði þar sem borað var og sprengt. Frost og kuldi hamlaði byrjun verks eftir vetrardvala. Áframhaldandi fyllingar, fláafleygar og skipt um ræsi á seinni 5,4 km. Burðarlagi keyrt út. Gerðar voru smá breytingar á skeringu við Krosshólaborg og Skerðingsstaði til að draga úr snjósöfnun. Unnið burðarlags- og klæðingarefni úr útvíkkaðri skeringu við Hofakur. Verkið dróst yfir áætlaðan skiladag og hófust klæðingar ekki fyrr en um miðjan ágúst. Ekki náðist að ljúka því að leggja seinna lag klæðingar á um 4 km kafla fyrir veturinn út af raka og kulda. Tekin var ákvörðun um að stoppa verkið og klára seinna lag klæðingar í júní 2025.
**Verktaki:** VBF Mjölnir ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Kostnaður fyrri ára | 1 |
| 2021 | 6 |
| 2022 | 24 |
| 2023 | 117 |
| 2024 | 534 |
| **Samtals** | **682** |

## (612) Örlygshafnarvegur, Hvalsker - Sauðlauksdalur

**Umfang verks:** Um er að ræða endurbyggingu núverandi Örlygshafnarvegar á um 4 km löngum kafla. Verkið felst í lögn ræsa, breikkun og endurbótum á núverandi vegi, lagningu styrktar- og burðarlags, klæðingu og frágangi fláa.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 350 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tengivegir 2020 | 10 |
| Tengivegir 2021 | 50 |
| Tengivegir 2022 | -30 |
| Tengivegir 2023 | 10 |
| Uppgjör verks 2024 | 12 |
| **Samtals** | **52** |

**Verkframvinda 2020:** Samið var við ráðgjafa á árinu og byrjað á undirbúningi vegna landeigendasamninga. Stefnt að útboði á haustmánuðum 2021.
**Verkframvinda 2021:** Landeigendasamningar gengu illa og því var útboði frestað þar til samningar myndu nást. Hönnun og útboðslýsing var tilbúin til útboðs.
**Verkframvinda 2022:** Unnið að samningum við landeigendur.
**Verkframvinda 2023:** Kláraðir samningar við landeigendur
**Verkframvinda 2024:** Verkhönnun yfirfarin og breytt og gerð tilbúin til útboðs fyrir árið 2025.
**Verktaki:** Óráðið.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 8 |
| 2021 | 16 |
| 2022 | 1 |
| 2023 | 1 |
| 2024 | 26 |
| **Samtals** | **52** |

## (612) Örlygshafnarvegur, Kollsvíkurvegur - Hvallátur

**Umfang verks:** Hönnun á nýrri veglínu á um 2 km kafla þar sem vegur er tekinn úr byggðinni um Hvallátra. Í nýrri veglínu er allt efni fengið úr skeringum nema klæðingarefni.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 300 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Heimild fyrri ára | 8 |
| Samgönguáætlun 2021 | 150 |
| Tengivegir 2021 | 60 |
| Uppgjör verks 2023 | -141 |
| Tengivegir 2024 | 110 |
| Flutt á önnur verk 2024 | -90 |
| Uppgjör verks 2024 | -13 |
| **Samtals** | **84** |

**Verkframvinda 2021:** Verkið var boðið út í byrjun apríl. Skrifað var undir samning við verktaka í maí. Verktaki fór á

staðinn og byrjaði að vinna í september. Þegar verktaki var kominn á staðinn hafði landeigendi samband og bað um að framkvæmdir yrðu stöðvaðar þar sem ekki var búið að semja við hann um kaup á landi. Unnið var að því að semja við alla landeigendur sem eru rúmlega 80 talsins og gekk það hægt.
**Verkframvinda 2022:** Unnið að því að ná samningum við alla landeigendur.
**Verkframvinda 2023:** Áfram unnið að samningum við landeigendur, verkefnið gert upp og flutt yfir á tengivegaáætlun.
**Verkframvinda 2024:** Unnið að samningum við landeigendur og uppfærslu á verkhönnun, stefnt að útboði sameiginlega með Hvalsker - Saðlauksdal kaflanum árið 2025.
**Verktaki:** Þróttur ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Kostnaður fyrri ára | 2 |
| 2019 | 2 |
| 2020 | 15 |
| 2021 | 19 |
| 2022 | 6 |
| 2023 | 33 |
| 2024 | 7 |
| **Samtals** | **84** |

## (690) Steinadalsvegur, Vestfjarðavegur - Ólafsdalur

**Umfang verks:** Um er að ræða endurbyggingu og styrkingu núverandi vegar á um 7 km löngum kafla. Verkið felst í nýlögn ræsa, breikkun og endurbótum á núverandi vegi, lagningu styrktar- og burðarlags, klæðingu og frágangi fláa.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 480 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tengivegir 2022 | 80 |
| Tengivegir 2023 | 80 |
| Tengivegir 2024 | 2 |
| Uppgjör verks 2024 | -123 |
| **Samtals** | **39** |

**Verkframvinda 2022:** Á árinu var undirbúningur og verkhönnun.
**Verkframvinda 2023:** Hönnun og útboðsgerð. Samið var við ráðgjafa á árinu varðandi verkhönnun og gerð útboðs. Byrjað var á undirbúningi vegna landeigendasamninga. Stefnt að útboði 2024.
**Verkframvinda 2024:** Verkhönnun langt komin þegar tekin var ákvörðun um að fresta verki um eitt ár til byrjunar ársins 2025.
**Verktaki:** Útboð ekki hafið.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2022 | 9 |
| 2023 | 14 |
| 2024 | 16 |
| **Samtals** | **39** |

## ↓ Vesturvæði Hönnun og undirbúningur verkefna

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Vestursvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í samgönguáætlun.

| Verk | Uppsöfnuð fjárhæð | Fjárhæð 2024 | Samtals fjárhæð |
|---|---|---|---|
| Hringvegur, Akrafj.-Borgarn. | 45.221.243 | 1.321.493 | 46.542.736 |
| Hringvegur um Borgarnes | 36.535.006 | 3.236.200 | 39.771.206 |
| Uxahryggjavegur 52-04 | 37.052.377 | 4.287.180 | 41.339.557 |
| Snæfellsnesv. Brúarhr-Dalsmyn | 69.131 | 291.484 | 360.615 |
| Snæfellsn.v (54) um Skógarstr | 9.829.708 | 31.960.656 | 41.790.364 |
| Snæfellsv.Skógastr. 54-19 | 4.464.866 | 167.056 | 4.631.922 |
| Vestfjarðarv um Reykhólasveit | 0 | 43.342 | 43.342 |
| Bíldudlsv Bíldudflugv-Vestfjv | 0 | 238.847 | 238.847 |
| Innstrandarvegur 68-10 | 10.972.826 | 299.031 | 11.271.857 |
| Strandavegur 643-06 | 108.137.569 | 29.132.127 | 137.269.696 |
| **Samtals** | **252.282.726** | **70.977.416** | **323.260.142** |



↑ Flaggað á 50 ára afmælishátíð Hringvegar.



↑ Hringvegur (1) á Vesturlandi. Mynd: Vilhelm Gunnarsson

# 7.5 Norðursvæði

## (1) Hringvegur, Norðausturvegur – Bárðardalsvegur eystri

**Umfang verks:** Ný brú um Skjálfandafljót ásamt 1,7 km nýbyggingu að nýrri brú.
**Framkvæmdaform:** Útboð hönnunar og stefnt á útboð verkframkvæmda.
**Kostnaðaráætlun:** Kostnaðaráætlun verkhönnunar 1.200 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | 40 |
| Samgönguáætlun 2021 | 10 |
| Samgönguáætlun 2022 | 130 |
| Fjárlög 2023 | -129 |
| Uppgjör verks 2024 | 4 |
| **Samtals** | **55** |

**Verkframvinda 2020:** Hönnun boðin út og samið við ráðgjafa. Unnið við hönnun og undirbúning.
**Verkframvinda 2021:** Unnið við hönnun og undirbúning.
**Verkframvinda 2022:** Unnið við hönnun og undirbúning.
**Verkframvinda 2023:** Unnið við hönnun, undirbúning og könnun matsskyldu.
**Verkframvinda 2024:** Unnið við hönnun og undirbúning.
**Verktaki: Hönnun:** Verkís ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Kostnaður fyrri ára | 8 |
| 2020 | 7 |
| 2021 | 26 |
| 2022 | 4 |
| 2023 | 5 |
| 2024 | 5 |
| **Samtals** | **55** |

## (1) Hringvegur, hringtorg við Lónsveg

**Umfang verks:** Hringtorg ásamt stígum og undirgöngum fyrir gangandi og hjólandi.
**Framkvæmdaform:** Samningur um hönnun. Verkframkvæmd var boðin út.
**Kostnaðaráætlun:** 500 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr |
|---|---|
| Framtíðarverk 2023 | 9 |
| Öryggisaðgerðaráætlun 2024 | 285 |
| Uppgjör verks 2024 | -241 |
| **Samtals** | **53** |

**Verkframvinda 2024:** Unnið við hönnun og undirbúning. Verkið var boðið út og eitt tilboð barst sem var 90% yfir áætluðum kostnaði. Í framhaldinu var ákveðið að breyta hönnun sem fól í sér að undirgöng fyrir gangandi og hjólandi voru felld út úr verkinu, og bjóða verkið aftur út.
**Verktaki: Hönnun:** VBV ehf.

| Kostnaður | m.kr |
|---|---|
| 2023 | 9 |
| 2024 | 44 |
| **Samtals** | **53** |

## (1) Hringvegur, þrenging og gönguþverun á Glerárgötu

**Umfang verks:** Hönnun á þrengingu og þverun á Glerárgötu skv. samþykktu deiliskipulagi. Unnið í samstarfi við Akureyrarbæ.
**Framkvæmdaform:** Samningur um hönnun, verkframkvæmd hefur ekki verið tímasett.
**Kostnaðaráætlun:** Áætlaður hönnunarkostnaður 4,6 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr |
|---|---|
| Uppgjör verks 2024 | 2 |
| **Samtals** | **2** |

**Verkframvinda 2024:** Unnið við hönnun og undirbúning.
**Verktaki: Hönnun:** COWI Ísland ehf.

| Kostnaður | m.kr |
|---|---|
| 2024 | 2 |
| **Samtals** | **2** |

## (1) Hringvegur, hringtorg við Eyjafjarðarbraut eystri

**Umfang verks:** Hönnun hringtorgs á vegmótum Hringvegar og Eyjafjarðarbrautar eystri.
**Framkvæmdaform:** Hannað á Tæknideild Norðursvæðis, verkframkvæmd hefur ekki verið tímasett.
**Kostnaðaráætlun:** 200 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr |
|---|---|
| Uppgjör verks 2024 | 4 |
| **Samtals** | **4** |

**Verkframvinda 2024:** Hafist handa við hönnun og undirbúning.
**Verktaki:** óákveðið

| Kostnaður | m.kr |
|---|---|
| 2024 | 4 |
| **Samtals** | **4** |

## 1) Hringvegur, tenging við Skógarbaðaveg

**Umfang verks:** Um er að ræða gerð framhjáhlaups á Hringveg við vegamót við Skógarböðin ásamt breikkun og lagfæringu á tengingu.
**Framkvæmdaform:** Verðkönnun
**Kostnaðaráætlun:** 20 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tengivegir 2024 | 25 |
| Uppgjör verks 2024 | 1 |
| **Samtals** | **26** |

**Verkframvinda 2024:** samið við verktaka í framhaldi af verðkönnun í april. Verki lauk í lok ágústs 2024.
**Verktaki:** Nesbræður ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2024 | 26 |
| **Samtals** | **26** |

## (59) Laxárdalsvegur, sýslumörk - Innstrandavegur

**Umfang verks:** Endurbygging tengivegar frá sýslumörkum að Innstrandarvegi, samtals 7,5 km. Styrking og endurbygging vegar í 6,5 m breidd auk lagningar bundins slitlags.
**Framkvæmdaform:** Samningur um hönnun. Fyrirhugað að verkframkvæmd verði boðin út.
**Kostnaðaráætlun:** 455 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Framtíðarverk 2019 | 2 |
| Tengivegir 2020 | 5 |
| Tengivegir 2021 | 10 |
| Tengivegir 2022 | 220 |
| Tengivegir 2023 | 380 |
| Tengivegir 2024 | 170 |
| Uppgjör verks 2024 | -118 |
| **Samtals** | **669** |

**Verkframvinda 2020:** Unnið að forhönnun.
**Verkframvinda 2021:** Unnið við hönnun og undirbúning.
**Verkframvinda 2022:** Verkið boðið út seinni part sumars. Unnið við fyllingar og ræsagerð þar til vetur skall á.
**Verkframvinda 2023:** Fyllingar og ræsagerð kláruð, styrktar- og burðarlag keyrt út á allan veginn. Unnið var að lagningu girðinga og verkið almennt klárað að mestu. Neðra lag klæðingar var klætt á um helminginn af kaflanum en náðist ekki að klæða efra lag vegna vetrartíðar.
**Verkframvinda 2024:** Unnið að samningum við landeigendur.
**Verktaki: Hönnun:** Mannvit hf.
**Verktaki:** Framkvæmd VBF Mjölnir ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2019 | 2 |
| 2020 | 8 |
| 2021 | 8 |
| 2022 | 143 |
| 2023 | 419 |
| 2024 | 89 |
| **Samtals** | **669** |

## (74) Skagastrandarvegur, Hringvegur - Þverárfjallsvegur

**Umfang verks:** Nýbygging Þverárfjallsvegar (73) í Refasveit og Skagastrandarvegar (74) um Laxá. Nýframkvæmd Þverárfjallsvegar (73) er um 8,5 km og nær frá Hringvegi (1) austan Blönduóss að núverandi Þverárfjallsvegi (744) skammt austan við núverandi brú á Laxá. Nýframkvæmd Skagastrandarvegar (74) er um 3,3 km löng og nær frá nýjum Þverárfjallsvegi (73) um nýja brú yfir Laxá að núverandi Skagastrandarvegi (74) norðan við Höskuldsstaði í Skagabyggð. Hönnun tíu minni vegtenginga/heimreiða er hluti af verkinu en lengd þeirra nemur um 4,5 km. Heildarlengd vega er því um 16,3 km. Auk þess er um að ræða nýja brú yfir Laxá, um 110 m að lengd, og eftirlitsstað til þungaeftirlits.
**Framkvæmdaform:** Útboð
**Kostnaðaráætlun:** 2100 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárveitingar fyrri ára | 69 |
| Samgönguáætlun 2020 | 100 |
| Samgönguáætlun 2021 | 1.000 |
| Samgönguáætlun 2022 | 720 |
| Fjárlög 2023 | 434 |
| Fært af öðrum verkum 2023 | 32 |
| Uppgjör verks 2024 | 109 |
| **Samtals** | **2.464** |

**Verkframvinda 2020:** Unnið að for- og verkhönnun og mati á umhverfisáhrifum. Einnig unnið að gerð samninga við landeigendur.
**Verkframvinda 2021:** Lokið við hönnun og verkið boðið út um mitt sumar. Framkvæmdir hófust seinni part sumars og unnið við vegagerð fram undir áramót. Vinna við brú hófst ekki á árinu.
**Verkframvinda 2022:** Haldið var áfram vinnu við vegagerð, m.a. við fyllingar, styrktarlag, frágang á vegsvæði og girðingar. Vinna við brú hófst um vorið og var yfirbyggingin steypt í nóvember.
**Verkframvinda 2023:** Vegagerð kláraðist á árinu fyrir utan viðbótarverk á Refasveitarvegi. Brúarvinna kláraðist einnig á árinu og var vegkaflinn formlega opnaður 6. nóvember.
**Verkframvinda 2024:** Verkið var vígt í nóvember 2023. Á þessu ári var minniháttar framkvæmd við lagfæringu á Ennisvegi (gamla Skagastrandarvegi). Verki lokið að fullu.
**Verktaki:** Hönnun: Verkfræðistofa Bjarna Viðar ehf. Verkframkvæmd: Skagfirskir verktakar ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Kostnaður fyrri ára | 83 |
| 2020 | 48 |
| 2021 | 141 |
| 2022 | 1.263 |
| 2023 | 820 |
| 2024 | 109 |
| **Samtals** | **2.464** |

## (85) Norðausturvegur um Brekknaheiði

**Umfang verks:** Nýbygging að stærstum hluta á 7,6 km kafla frá Langanesvegi að Vatnadal. Ný vegamót, þéttbýlishlið og undirgöng.
**Framkvæmdaform:** Útboð hönnunar og könnunar á matskyldu. Stefnt á útboð verkframkvæmda.
**Kostnaðaráætlun:** Kostnaðaráætlun í drögum að samgönguáætlun 1600 m.kr. Kostnaðaráætlun verkhönnunar 1430 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Heimildir fyrri ára | 61 |
| Fjárlög 2023 | 24 |
| Fjárlög 2024 | 21 |
| **Samtals** | **106** |

**Verkframvinda 2022:** Unnið að hönnun og undirbúningi
**Verkframvinda 2023:** Unnið að hönnun og undirbúningi
**Verkframvinda 2024:** Unnið að hönnun og útboðsgögnum
**Verktaki:** COWI Ísland ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Kostnaður fyrri ára | 61 |
| 2023 | 24 |
| 2024 | 21 |
| **Samtals** | **106** |

## (711) Vatnsnesvegur, Kárastaðir - Skarð

**Umfang verks:** Endurbygging tengivegar frá Kárastöðum að Skarði, um 6,5 km. Styrking og breikkun vegar í 6,5 m breidd og lagning bundins slitlags.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 680 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tengivegir 2020 | 5 |
| Framtíðarverk 2020 | 6 |
| Tengivegir 2021 | 10 |
| Framtíðarverk 2021 | 6 |
| Tengivegir 2022 | 210 |
| Tengivegir 2023 | 250 |
| Tengivegir 2024 | 450 |
| Uppgjör verks 2024 | -357 |
| **Samtals** | **580** |

**Verkframvinda 2020:** Unnið að jarðtæknirannsóknum og forhönnun vegar.
**Verkframvinda 2021:** Unnið við hönnun og undirbúning.
**Verkframvinda 2022:** Unnið við hönnun og undirbúning.
**Verkframvinda 2023:** Verkið var boðið út og tilboð opnuð 4. apríl. Alls buðu 5 verktakar í verkið þar sem tveir lægstu stóðust ekki kröfur skv. útboðsgögnum. Samið var við Þrótt ehf. á Akranesi um framkvæmd verksins en þeir áttu þriðja lægsta tilboð. Verkið fór rólega af stað fyrri part sumars en meiri kraftur kom í verkið þegar á leið. Unnið var við fyllingar og ræsagerð á kaflanum fram að áramótum. Áætluð verklok voru 1. september 2024.
**Verkframvinda 2024:** Unnið við fyllingar og ræsagerð. Hjáleið

komið á um námu við Skarð. Efnisvinnsla og styrktarlagi komið á um 7 km í lok árs.
**Verktaki:** Hönnun: EFLA hf. Framkvæmd: Þróttur ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 11 |
| 2021 | 16 |
| 2022 | 54 |
| 2023 | 237 |
| 2024 | 262 |
| **Samtals** | **580** |

## (711) Vatnsnesvegur, Þorfinnsstaðir - Vesturhópshólaá

**Umfang verks:** Um er að ræða byggingu 17 m langrar brúar yfir Vesturhópshólaá, nýbyggingu Vatnsnesvegar á um 1,0 km kafla og endurbyggingu á um 1,2 km löngum kafla milli Vesturhópshóla og Þorfinnsstaða. Einnig er inni í verkinu bygging heimreiða og tenginga.
**Framkvæmdaform:** Útboð á vegi og samningur við brúarflokk Vegagerðarinnar um byggingu brúar.
**Kostnaðaráætlun:** 420 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Breikkun brúa 2021 | 130 |
| Tengivegir 2021 | 65 |
| Fært af viðhaldi bundinna slitlaga 2021 | 90 |
| Tengivegir 2022 | 110 |
| Breikkun brúa 2022 | 119 |
| Tengivegir 2023 | 180 |
| Breikkun brúa 2023 | 105 |
| Flutt af viðhaldi 2024 | 20 |
| Uppgjör verks 2024 | -261 |
| **Samtals** | **558** |

**Verkframvinda 2021:** Unnið við hönnun og undirbúning.
**Verkframvinda 2022:** Opna átti tilboð í byggingu vegar og brúar í byrjun árs og var það í annað skiptið sem útboð fór fram, en eins og í fyrra skiptið bárust engin tilboð. Þá var ákveðið að bjóða eingöngu út vinnu við vegagerð og var það gert um mitt sumar. Í þetta sinn kom tilboð í verkið og hófust framkvæmdir seinni part sumars. Unnið var við fyllingar, styrktarlag og ræsagerð fram á haust. Ákveðið var að fá brúarflokk Vegagerðarinnar til að byggja brúna og hófst vinna við hana í byrjun vetrar.
**Verkframvinda 2023:** Lokið var við gerð brúar á árinu sem vannst nokkuð seinlega um veturinn. Vegagerð hélt áfram þegar tók að vora og lokið við styrktar- og burðarlag í september og einnig var lagt neðra lag klæðingar á veginn.
**Verkframvinda 2024:** Seinna lag klæðingar var lagt á veginn og lokahönd lögð á verkið, þ.e. stikur settar upp, málað o.fl. Verkinu lauk 2024.
**Verktaki:** Steypudrangur ehf. og brúarflokkur Vegagerðarinnar.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2021 | 1 |
| 2022 | 247 |
| 2023 | 274 |
| 2024 | 36 |
| **Samtals** | **558** |

## (722) Vatnsdalsvegur, Hringvegur - Undirfell

**Umfang verks:** Endurbygging og bundið slitlag á 14 km kafla frá Hringvegi að Undirfelli.
**Framkvæmdaform:** Útboð hönnunar, könnun á matsskyldu unnin af hönnunardeild Vegagerðarinnar. Stefnt á útboð verkframkvæmda.
**Kostnaðaráætlun:** 1.200 m.kr. í tengivegaáætlun en 1.500 m.kr. skv. kostnaðaráætlun forhönnunar.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tengivegir 2021 | 4 |
| Tengivegir 2022 | 5 |
| Tengivegir 2023 | 10 |
| Tengivegir 2024 | 15 |
| Uppgjör verks 2024 | 29 |
| **Samtals** | **63** |

**Verkframvinda 2021:** Unnið við jarðtæknirannsóknir.
**Verkframvinda 2022:** Í undirbúningi hjá Vegagerðinni. Hönnun var boðin út 2023 og var í höndum VBV ehf.
**Verkframvinda 2023:** Unnið við jarðtæknirannsóknir, hönnun og undirbúning.
**Verkframvinda 2024:** Unnið að hönnun, könnun matsskyldu og jarðtæknirannsóknum.
**Verktaki:** VBV ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2021 | 4 |
| 2022 | 8 |
| 2023 | 7 |
| 2024 | 44 |
| **Samtals** | **63** |

## (731) Svínvetningabraut, Kaldakinn - Tindar

**Umfang verks:** Endurbygging vegar á rúmlega 6 km löngum kafla frá Köldukinn að Tindum.
**Framkvæmdaform:** Útboð hönnunar, könnun á matsskyldu unnin af hönnunardeild Vegagerðarinnar. Stefnt á útboð verkframkvæmda.
**Kostnaðaráætlun:** 600 m.kr. skv. tengivegaáætlun.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Framtíðarverk 2022 | 2 |
| Tengivegir 2023 | 10 |
| Uppgjör verks 2024 | 1 |
| **Samtals** | **13** |

**Verkframvinda 2024:** Unnið að undirbúningi m.a. könnun matsskyldu og jarðtæknirannsókna.
**Verktaki:** VBV ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2022 | 2 |
| 2023 | 7 |
| 2024 | 4 |
| **Samtals** | **13** |

## (745) Skagavegur, Harrastaðir - Hof

**Umfang verks:** Endurbygging vegar á um 7 km löngum kafla frá Harrastöðum að tengingu að Brunanámu.
**Framkvæmdaform:** Hannað á tæknideild Norðursvæðis. Stefnt á útboð verkframkvæmda.
**Kostnaðaráætlun:** 630 m.kr. á tengivegaáætlun.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tengivegir 2024 | 10 |
| Uppgjör verks 2024 | 5 |
| **Samtals** | **15** |

**Verkframvinda 2024:** Unnið að hönnun og undirbúningi.
**Verktaki:** Óákveðið.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2024 | 15 |
| **Samtals** | **15** |

## (748) Reykjastrandarvegur, Þverárfjallsvegur - Fagranes

**Umfang verks:** Endurbygging tengivegar frá Þverárfjallsvegi norður fyrir Fagranes, um 5,5 km. Styrking og breikkun vegar í 6,5 m breidd og lagning bundins slitlags.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 330 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tengivegir 2020 | 10 |
| Tengivegir 2021 | 240 |
| Tengivegir 2022 | 285 |
| Tengivegir 2023 | 50 |
| Tengivegir 2024 | 30 |
| Uppgjör verks 2024 | -49 |
| **Samtals** | **566** |

**Verkframvinda 2020:** Unnið að forhönnun vegar.
**Verkframvinda 2021:** Lokið við hönnun og verkið boðið út um mitt sumar. Framkvæmdir við undirbyggingu og ræsagerð stóðu yfir fram til áramóta.
**Verkframvinda 2022:** Verkið hófst aftur um vorið og var unnið við yfirbyggingu vegarins, efnisvinnslu og girðingar. Neðra lag klæðingar var lagt á veginn seinni part sumars, en ákveðið var að fresta útlögn efra lags og minni háttar frágangi til ársins 2023.
**Verkframvinda 2023:** Efsta lag klæðingar var lagt og minni háttar frágangur sem eftir var kláraðist að mestu. Segja má að verkframkvæmd hafi lokið á árinu þó að búast megi við smávægilegum kostnaði á næsta ári þar sem frágangur náðist ekki að fullu vegna landeigandamála.
**Verkframvinda 2024:** Verki lauk 2023. Minniháttar vinna við ristarhlið á heimreið ásamt lagfæringum á vegrás eftir skriður.
**Verktaki:** Hönnun: Stoð ehf. Verkframkvæmd: Steypustöð Skagafjarðar ehf. og Víðimelsbræður ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2018 | 4 |
| 2020 | 5 |
| 2021 | 106 |
| 2022 | 384 |
| 2023 | 43 |
| 2024 | 24 |
| **Samtals** | **566** |

## (793) Skarðsvegur, Siglufjarðarvegur – skíðasvæði Skarðsdal

**Umfang verks:** Nýbygging á 1,4 km löngum kafla á Skarðsvegi ásamt bílastæði. Kaflinn verður tenging að nýjum skíðaskála.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 200 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2014 | 1 |
| Samgönguáætlun 2015 | 2 |
| Samgönguáætlun 2017 | 100 |
| Samgönguáætlun 2018 | 100 |
| Tengivegir 2020 | 50 |
| Tengivegir 2021 | 80 |
| Tengivegir 2023 | 100 |
| Tengivegir 2024 | 30 |
| Uppgjör verks 2024 | -150 |
| **Samtals** | **313** |

**Verkframvinda 2017:** Unnið við hönnun og verkið boðið út seinni part sumars. Lítið var unnið við verkið á árinu m.a. vegna þess hve seint var boðið út og fluttist framkvæmdin því yfir á árið 2018.
**Verkframvinda 2018:** Unnið var við fyllingar þegar veðurfar leyfði en aðstæður voru mjög erfiðar vegna efnisgerðar og bleytu í fjallinu. Ljóst að verkið myndi taka lengri tíma en áætlað var.
**Verkframvinda 2019:** Unnið við fyllingar en vegna óhagstæðra skilyrða á vegsvæðinu gengu framkvæmdir hægt. Vinnu við fyllingar var ekki lokið að fullu og áður en af því varð þurfti að færa skíðalyftur sem vegurinn þverar.
**Verkframvinda 2020:** Unnið við fyllingar og styrktarlag vegarins. Verkið dróst á langinn og er ástæðan erfiðar aðstæður og stuttur framkvæmdatími í fjalllendi.
**Verkframvinda 2021:** Engar framkvæmdir voru á árinu vegna kröfu rekstraraðila skíðasvæðisins í Skarðsdal um breytingu á verkinu. Breyta þurfti skipulagi og afla nýrra leyfa og fór stór hluti ársins í þá vinnu.
**Verkframvinda 2022:** Unnið við fyllingar og styrktarlag frá miðju sumri fram á haust. Einnig var unnið við frágang á vegsvæði.
**Verkframvinda 2023:** Framkvæmdir hófust um miðjan júlí og var vegurinn tilbúinn undir klæðingu á árinu.
**Verkframvinda 2024:** Ekkert var framkvæmt árið 2024 en verki enn ólokið.
**Verktaki:** Árni Helgason ehf.

| Kostnaður | m.kr |
|---|---|
| 2014 | 1 |
| 2015 | 2 |
| 2017 | 10 |
| 2018 | 40 |
| 2019 | 48 |
| 2020 | 61 |
| 2021 | 1 |
| 2022 | 86 |
| 2023 | 64 |
| **Samtals** | **313** |

## (821) Eyjafjarðarbraut Vestri um Hrafnagil

**Umfang verks:** Nýbygging á 3,1 km vegi austan við þéttbýlið Hrafnagilshverfi, auk þess 0,7 km af tengivegum við hverfið.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 666 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárheimild fyrri ára | 20 |
| Samgönguáætlun 2021 | 300 |
| Tengivegir 2021 | 160 |
| Tengivegir 2022 | 65 |
| Uppgjör verks 2023 | -13 |
| Tengivegir 2024 | 180 |
| Uppgjör verks 2024 | 40 |
| **Samtals** | **752** |

**Verkframvinda 2021:** Unnið við hönnun og undirbúning.
**Verkframvinda 2022:** Verkið boðið út snemma sumars. Framkvæmdir fóru þó ekki af stað af fullum krafti fyrr en seinni part sumars vegna takmarkana á efnistöku úr Eyjafjarðará. Unnið við fyllingar og ræsagerð þar til verkið stöðvaðist vegna vetrarveðurs.
**Verkframvinda 2023:** Unnið var við farg og fyllingar fram á sumar. Einnig var unnið við grjótvörn og slettuvörn. Efni í styrktarlag var unnið og hluti af því lagt út.
**Verkframvinda 2024:** Styrktarlagi og tvöfaldri klæðingu komið á allan kaflann og vegurinn opnaður fyrir umferð. Verkinu lauk á árinu en lítilsháttar vinna eftir á árinu 2025, girðingar og uppgröftur á gömlum vegum (fyrri Miðbraut).
**Verktaki:** Hönnun: Vegagerðin. Framkvæmd: GV gröfur ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Kostnaður fyrri ára | 20 |
| 2021 | 30 |
| 2022 | 192 |
| 2023 | 290 |
| 2024 | 220 |
| **Samtals** | **752** |



Þjónustustöð Vegagerðarinnar á Húsavík.

## (842) Bárðardalsvegur, Hringvegur - Öxará

**Umfang verks:** Um er að ræða framkvæmdir við nýja tvíbreiða 8 m langa brú yfir Öxará og 3 km langa vegagerð, auk uppbyggingar á heimreið að bænum Öxará og námuvegi.
**Framkvæmdaform:** Hannað á tæknideild Norðursvæðis. Stefnt á útboð verkframkvæmda.
**Kostnaðaráætlun:** 630 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárheimild fyrri ára | 25 |
| Uppgjör 2023 | 11 |
| Fjárlög 2024 | 26 |
| **Samtals** | **62** |

**Verkframvinda 2024:** Unnið að hönnun og undirbúningi.
**Verktaki:** Óráðið.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Kostnaður fyrri ára | 25 |
| 2023 | 11 |
| 2024 | 26 |
| **Samtals** | **62** |

## (862) Dettifossvegur

**Umfang verks:** Nýbygging á Dettifossvegi, köflum 02-04, frá Dettifossvegi vestri að Norðausturvegi, samtals 30 km. Auk þess nýbygging á Tungnavegi niður í Hólmatungur 2,7 km, Vesturdalsvegi 2,5 km, ásamt áningarstöðum við þessa vegi. Verkið hefur verið boðið út í eftirtöldum áföngum, fyrst og fremst með tilliti til fjárveitinga.

04 Tóveggur – Norðausturvegur, útboð 2014. Nýbygging á 3,24 km kafla og var þessum áfanga lokið 2015 að undanskildu efra lagi slitlags sem lagt var 2016.

03 Ásheiði – Tóveggur, útboð 2015. Nýbygging á 4,5 km kafla og var verkinu að fullu lokið haustið 2016.

02 Dettifossvegur vestri – Hólmatungur, útboð 2016. Nýbygging á 7,7 km löngum kafla frá Dettifossvegi vestri niður á móts við Hólmatungur. Undanskilið í útboðsverkinu var burðarlag og slitlag. Þessum áfanga lauk 2017.

02 Dettifossvegur vestri – Súlnalækur, útboð 2017. Innifalið í þessu útboði var burðarlag og bundið slitlag á kaflann Dettifossvegur vestri – Hólmatungur. Auk þess nýbygging með slitlag á 2,7 km og nýbygging á 3,4 km þar sem undanskilið var burðarlag og slitlag.

02-03 Súlnalækur – Vesturdalur, viðbótarsamningur 2018 við útboðsverkið Dettifossvegur vestri – Súlnalækur um gerð undirbyggingar á 3,8 km kafla frá Súlnalæk að Vesturdal.

03-04 útboð (lokaútboð) 2019. Innifalið í þessu útboði að ljúka við gerð Dettifossvegar, gera nýjan veg upp á Langavatnshöfða og í Hólmatungur og endurbyggja veg niður í Vesturdal að Hljóðaklettum.
**Framkvæmdaform:** Útboð og/eða samningar.
**Kostnaðaráætlun:** Útboð 2019, 1.400 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fært af öðrum verkum 2019 | 600 |
| Fært á önnur verk 2019 | -23 |
| Samgönguáætlun 2020 | 750 |
| Flutt á önnur verk 2020 | -1 |
| Samgönguáætlun 2021 | 200 |
| Fært á önnur verk 2023 | -32 |
| Uppgjör verks 2023 | -11 |
| Uppgjör verks 2024 | 1 |
| **Samtals** | **1.484** |

**Verkframvinda 2014:** Kaflinn frá Tóvegg að Norðausturvegi boðinn út og unnið við undirbyggingu vegarins.
**Verkframvinda 2015:** Kaflanum frá Tóvegg að Norðausturvegi lauk í júní, nema eftir var að leggja efra lag klæðingar og ganga frá áningarstað. Kafli frá Vesturdal að Tóvegg var boðinn út í júní (8,9 km), en vegna þess að tilboðin sem bárust voru óaðgengileg var áfanginn boðinn út aftur í júlí og þá hafður styttri eða 4,5 km og var frá Ásheiði að Tóvegg. Unnið við undirbyggingu á kaflanum.
**Verkframvinda 2016:** Lokið við kaflana frá Ásheiði að Norðausturvegi með bundnu slitlagi. Kostnaður 2017, eftirstöðvar vegna framkvæmda 2016.
**Verkframvinda 2017:** Lokið vinnu við byggingu kaflans frá Dettifossvegi vestri að Hólmatungum, að undanskildu burðarlagi og slitlagi. Kaflinn Dettifossvegur vestri að Súlnalæk boðinn út og unnið við undirbyggingu og að hluta styrktarlag á kaflanum frá Hólmatungum að Súlnalæk.
**Verkframvinda 2018:** Lokið við undirbyggingu vegarins á kaflanum frá Súlnalæk að tengingu niður í Vesturdal.
**Verkframvinda 2019:** Síðasti hluti verksins boðinn út í byrjun

sumars. Verkinu tilheyrir að ljúka við Dettifossveg að fullu, sem innifelur að leggja burðarlag og klæðingu á um 7,2 km kafla ofan Vesturdals og byggja nýjan 4,2 km langan veg neðan Vesturdals. Auk þess að byggja frá Dettifossvegi 2,7 km langan veg niður í Hólmatungur, 1,6 km langan veg niður í Vesturdal og 1,5 km langan veg upp á Langavatnshöfða. Auk þess skal gera nokkra áningarstaði. Verkbyrjun seinkaði vegna kærumála en framkvæmdir hófust seinni part sumars. Unnið var við fyllingar á kaflanum Vesturdalur – Ásheiði en auk þess var unnið í vegi niður í Vesturdal og upp á Langavatnshöfða.
**Verkframvinda 2020:** Lokið að mestu við uppbyggingu Dettifossvegar og vegar upp á Langavatnshöfða og lagt á þá neðra lag klæðingar. Unnið við endurbyggingu vegar niður í Vesturdal að plani við Hljóðakletta. Byrjað á uppbyggingu vegar niður í Hólmatungu.
**Verkframvinda 2021:** Lokið við verkið að undanskildum vinnu við frágang hliðarsvæða og merkinga.
**Verkframvinda 2022:** Unnið við frágang á nokkrum stöðum og auk þess uppsetningu á veðurstöð, myndavélum og umferðateljurum.
**Verkframvinda 2023:** Uppsetning á búnaði kláraðist og sjálfu útboðsverkinu lauk þó mátti búast við kostnaði árið 2024 eða 2025 vegna jöfnunar á gamla vegi sem eftir á að semja um við landeigendur.
**Verkframvinda 2024:** Verkinu lauk 2023. Útjöfnun á gamla Dettifossvegi átti að fara fram 2024 en ekki varð af því sökum veðurs. Því lýkur 2025.
**Verktaki:** Árni Helgason ehf. á kaflanum Tóveggur – Norðausturvegur.
Þ.S. verktakar ehf. á kaflanum Tóveggur – Ásheiði og kaflanum frá Dettifossvegi Eystri að Vesturdal, útboðum 2015 til 2018.
G. Hjálmarsson hf. á kaflanum Hólmatungur – Ásheiði auk Hólmatunguvegar, Vesturdalsvegar og vegar upp á Langavatnshöfða, útboð 2019.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2019 | 334 |
| 2020 | 583 |
| 2021 | 520 |
| 2022 | 33 |
| 2023 | 13 |
| 2024 | 1 |
| **Samtals** | **1.484** |

## Norðurvæði Hönnun og undirbúningur verkefna

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Norðursvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í samgönguáætlun.

| Verk | Uppsöfnuð fjárhæð | Fjárhæð 2024 | Samtals fjárhæð |
|---|---|---|---|
| Hringvegur 1-P5 | 26.236.851 | 1.483.752 | 27.720.603 |
| Hringv, göngu-og hjólal á brú | 0 | 1.778.164 | 1.778.164 |
| Hringv,lýsing v gangnam Vaðlah | 0 | 255.465 | 255.465 |
| Norðausturvegur 85-02 Skjálfan | 106.368.260 | 81.329.616 | 187.697.876 |
| Norðausturvegur Köldukvíslargil | 62.819.841 | 247.756 | 63.067.597 |
| Siglufjarðarvegur Stafá - Ketilás | 2.548.518 | 488.978 | 3.037.496 |
| Fljótagöng | 5.793.407 | 14.078.796 | 19.872.203 |
| Vatnsnesvegur 07 | 24.910.011 | 8.599.327 | 33.509.338 |
| Síðuvegur, Vatnsnesv-Hringv. | 6.939.626 | 4.749.467 | 11.689.093 |
| **Samtals** | **235.616.514** | **113.011.321** | **348.627.835** |

## 7.6 **Austursvæði**

## (1) Hringvegur um Hornafjarðarfljót

**Umfang verks:**
Framkvæmdin er í sveitarfélaginu Hornafirði í Austur-Skaftafellssýslu. Með framkvæmdinni styttist Hringvegurinn um 12 km og einbreiðum brúm á honum fækkar um þrjár. Nýbygging þjóðvegar, 19 km með fjórum brúm, yfir Bergá 52 m, yfir Hoffellsá 114 m, yfir Hornafjarðarfljót 250 m, yfir Djúpá 52 m ásamt hliðarvegum, samtals 9 km, auk áningarstaðar.
**Framkvæmdaform:** Útboðs og samvinnuverkefni.
Framkvæmdir:
Áfangi 1:
Undirbygging vegar á 4,3 km milli Hólmsár – Djúpár (boðið út í september 2017).
**Verktaki:** Jökulfell ehf.
Áfangi 2:
Aðrir þættir verksins
**Framkvæmdaform:** Samvinnuverkefni
**Verktaki:** Ístak hf.

| **Fjármögnun** | **m.kr.** |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2005 | 1 |
| Samgönguáætlun 2006 | 26 |
| Samgönguáætlun 2007 | 32 |
| Samgönguáætlun 2008 | 10 |
| Samgönguáætlun 2009 | 4 |
| Samgönguáætlun 2010 | 3 |
| Samgönguáætlun 2011 | 1 |
| Samgönguáætlun 2012 | 3 |
| Samgönguáætlun 2013 | 15 |
| Samgönguáætlun 2014 | 23 |
| Samgönguáætlun 2015 | 34 |
| Samgönguáætlun 2016 | 88 |
| Fjárlög 2017 | 300 |
| Fjárlög 2018 | 700 |
| Samgönguáætlun 2019 | 300 |
| Samgönguáætlun 2020 | 100 |
| Samgönguáætlun 2021 | 750 |
| Samgönguáætlun 2022 | 700 |
| Fjárlög 2023 | 400 |
| Fjárlög 2024 | 3.622 |
| **Samtals** | **7.112** |

**Verkframvinda:** Á árunum 2005-2013 var unnið að rannsóknum, frumdrögum og mati á umhverfisáhrifum verkefnisins. Á árunum 2014-2016 var unnið að for- og verkhönnun vegar og brúa ásamt samningum við landeigendur og undirbúningi útboðs.
**Verkframvinda 2017:** Sótt um framkvæmdaleyfi til sveitarfélagsins. Unnið áfram að samningum við landeigendur. Framkvæmdaleyfi var kært til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem tafði upphaf framkvæmda umtalsvert. Á haustmánuðum var fyrsti hluti verksins boðinn út, þ.e.a.s. undirbygging vegar ásamt ræsagerð á 4,3 km löngum kafla milli Hólmsár og Djúpár. Verktaki var Jökulfell ehf.
**Verkframvinda 2018:** Byrjað á undirbyggingu vegar á milli Hólmsár og Djúpár, en verkið fór í biðstöðu vegna ágreinings um forsendur í útboðsgögnum. Unnið í samningum við landeigendur og gengið frá nokkrum þeirra.
**Verkframvinda 2019:** Lokið, að mestu, við gerð undirbyggingar vegar og ræsagerð á milli Hólmsár og Djúpár, sem boðið var út 2017. Byrjað á gerð tilraunafyllingar á leirum við Hafnarnes á 600 m kafla austan við Hornafjarðarfljót. Unnið að samningum við landeigendur og eignarnámi á hluta lands í vegsvæðinu. Greiddar landbætur til hluta landeiganda þar sem lokið var við samninga.
**Verkframvinda 2020:** Hönnun tekin upp og unnin áfram. Hafin undirbúningsvinna varðandi það að bjóða verkið út sem samvinnuverkefni. Mikil vinna var fyrir dómstólum vegna kæru landeigenda varðandi leiðarval. Reynt var að gera lokaúttekt á framkvæmd fyrsta áfanga, en vegna ágalla tókst það ekki.

**Verkframvinda 2021:**
Áfangi 1 (Verktaki: Jökulfell): Lokaúttekt verks hafði enn ekki farið fram þar sem verktaki hafði ekki lokið við að lagfæra allar athugasemdir. Tvö plöturæsi flutu upp þar sem þau voru ekki rétt hönnuð, það vantaði ankeringu. Samið var við verktaka um lagfæringu ræsanna.
**Verkframvinda 2022:**
Áfangi 1: Samið um lagfæringu plöturæsa. Verktaki lagfærði það sem Vegagerðin gerði athugasemdir við.
Áfangi 2Hönnun verks lokið. Unnið að útboði verksins sem samvinnuverkefni skv. samgönguáætlun. Verkið boðið út. Samið við Ístak og framkvæmdir hófust um haustið. Sett var upp aðstaða og útbúinn námuvegur upp með Hornajarðarfljóti að austan og gerðir ýmsir aðrir vinnuvegir.
**Verkframvinda 2023:**
Áfangi 1: Lokaúttekt fór fram og í framhaldinu var farið í lagfæringar í samræmi við athugasemdir úttektar. Verkáfanganum lokið.
Áfangi 2: Unnið í að fergja Djúpárveg. Unnið í að fergja vegstæði milli Djúpárbrúar og Hornafjarðarfljótsbrúar (st. 5100 – 7400) og einnig vegstæði í Skógey (st. 7650 - 12200). Unnið í vatnaveitingum vegna allra brúarmannvirkja. Unnið í niðurrekstri staura. Unnið í uppslætti brúar yfir Djúpá. Unnið í uppslætti brúar yfir Hornafjarðarfljót og byrjað á undirstöðum brúar yfir Hoffellsá. Unnið var rofvarnarefni í Skógeyjarnámu til að nýta við brúarmannvirki.
**Verkframvinda 2024:**
Áfangi 2: Lokið uppsteypu allra fjögurra brúarmannvirkja. Komið fyrir vegfyllingu milli Bergár og Hoffellsár, frá stöð 12300 til stöðvar 13800. Unnið í vegagerð frá stöð 14700 í stöð 17400 í skeringum, efniskiptum, fyllingum og fergja svæðið. Byrjað var að vinna í skeringum frá stöð 17400 í stöð 19100. Unnið í framleiðslu á grjóti í rofvarnir og fleira í Skógeyjarnámunni. Unnið að vinnslu efnis í rofvörn fyrir verkið í Skógeyjarnámu. Byrjað var á að girða, reknir niður tréstaurar og strengd netgirðing á alls um 10 km, aðallega á Skógeyjarsvæðin og í 1. áfanga. Hætt var við frekari efnistöku í Friðsældarnámunni sökum óhapps sem þar átti sér stað við efnistöku. Samið var við landeiganda um efnistöku á tveimur stöðum úr Fjarðará, ofan og neðan vegar.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---:|
| 2005 | 1 |
| 2006 | 26 |
| 2007 | 32 |
| 2008 | 10 |
| 2009 | 4 |
| 2010 | 3 |
| 2011 | 1 |
| 2012 | 3 |
| 2013 | 15 |
| 2014 | 23 |
| 2015 | 33 |
| 2016 | 68 |
| 2017 | 97 |
| 2018 | 18 |
| 2019 | 317 |
| 2020 | 99 |
| 2021 | 102 |
| 2022 | 70 |
| 2023 | 2.565 |
| 2024 | 3.625 |
| **Samtals** | **7.112** |

## (93) Seyðisfjarðarvegur, Fjarðarheiðargöng

**Umfang verks:** Jarðgöng undir Fjarðarheiði, milli Seyðisfjarðar og Fljótsdalshéraðs. Jarðgöngin verða um 13,3 km og ný vegagerð utan ganga vegna verkefnisins verður um 10 km.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 50 – 55 milljarðar kr.

| Fjármögnun | m.kr |
|---|---:|
| Jarðgangaáætlun 2014 | 30 |
| Rannsóknir 2015 | 70 |
| Flutt á önnur verk 2015 | -70 |
| Samgönguáætlun 2016 | 70 |
| Rannsóknir 2016 | 80 |
| Flutt á önnur verk 2016 | -80 |
| Álag á framkvæmdir 2016 | 10 |
| Fært á viðbót í fjárlögum 2016 | -70 |
| Fjárlög 2017 | 70 |
| Fjárlög 2018 | 70 |
| Fært á önnur verk 2018 | -29 |
| Samgönguáætlun 2020 | 100 |
| Samgönguáætlun 2021 | 100 |
| Samgönguáætlun 2022 | 1000 |
| Fjárlög 2023 | -862 |
| Uppgjör verks 2024 | 17 |
| **Samtals** | **506** |

**Verkframvinda 2014-2017:** Aðallega voru skoðaðar tvær jarðgangaleiðir sem opnast á mismunandi stöðum Héraðsmegin, það er við Miðhúsaá og Dalhús. Unnið var að hönnun vegar að mögulegum munnastað í Seyðisfirði og á báðum ofannefndum stöðum á Héraði. Tillaga um munna Seyðisfjarðarmegin er í um 130 m hæð gegnt Gufufossi. Á Héraði er tillaga á báðum stöðum um munna í 130-140 m hæð og mælt með munna við Dalhús. Árið 2014 var einnig unnið að jarðfræðiathugunum og boruð 430 m djúp rannsóknarhola nærri miðri Fjarðarheiði, sem gagnast báðum jarðgangaleiðum. Ekki tókst að bora holuna eins djúpt og áætlað var en það minnkaði gildi hennar ekki mikið. Á árinu 2015 vann Jarðfræðistofan ehf. áfram að jarðfræðiathugunum á yfirborði og undirbúningi á rannsóknarborun ársins 2016. Gerð voru drög að áhættugreiningu fyrir 13,5 km jarðgöng af HOJ Consulting GmbH í Sviss. Skrifuð var yfirlitsskýrsla um mengun frá jarðgöngum með sérstöku tilliti til Fjarðarheiðarganga og var hún að hluta grundvöllur mats á umhverfisáhrifum. Á árinu 2016 var unnið að rannsóknarborunum þar sem boraðar voru 5 kjarnaholur, samtals um 1.300 m, og 3 loftholur, samtals um 300 m. Unnið að áframhaldandi jarðfræðirannsóknum ásamt frumhönnun vega utan jarðganga og brúar á Eyvindará. Á árinu 2017 var unnið að jarðfræðirannsóknum, úrvinnslu og veghönnun að gangamunnum.
**Verkframvinda 2018:** Lokavinna við jarðfræðiskýrslu vegna jarðfræðirannsókna, mælingar og frumhönnun á vegtengingum, ráðgjafavinna vegna jarðgangaleiða til Seyðisfjarðar.
**Verkframvinda 2019:** Áfram vinna vegna frumhönnunar á Fjarðarheiðargöngum og vega að þeim. Á haustdögum lá fyrir stefnumörkun og var þá hafin skipuleg vinna við að ganga frá forhönnun mannvirkja, bæði vega og ganga. Vegna vegamóta í Seyðisfirði var skoðuð lega ganga frá Mjóafirði til Seyðisfjarðar, „Seyðisfjarðarganga“. Ásamt fyrri hugmyndum um legu fyrirhugaðra ganga frá Norðfirði til Mjóafjarðar, „Mjóafjarðarganga“.

**Verkframvinda 2020:** Forhönnun á göngum og vegum lokið í ágúst. Ákveðið var að munnasvæði jarðganga Héraðsmegin verði við Dalshús. Mat á umhverfisáhrifum hafið og tillaga að matsáætlun send Skipulagsstofnun í nóvember. Gerð var umferðartalning og greining um Egilsstaði vegna nýrra vega frá jarðgöngunum sem voru til skoðunar. Einnig var unnið umferðaröryggismat á vegtengingum.
**Verkframvinda 2021:** Unnið var við umhverfismat og umhverfismatsskýrslu og ýmsar rannsóknir vegna umhverfismatsins. Áfram unnið við hönnun tengivega og valkosti þeirra. Verkönnun á jarðgöngum hófst um haustið. Jarðgrunnsrannsóknir við munnasvæði fóru fram.
**Verkframvinda 2022:** Umhverfismatsskýrsla var send út til kynningar og kynningarferli lokið, í kjölfarið var umhverfismatsskýrsla send til Skipulagsstofnunar sem skilaði áliti í lok árs. Unnið var að áframhaldandi hönnun jarðganga og tengivega ásamt brú yfir Eyvindará.
**Verkframvinda 2023:** Múlaþing samþykkti aðalskipulagsbreytingar með veglínum samkvæmt aðalvalkosti Vegagerðarinnar. Unnið var að áframhaldandi hönnun jarðganga og vega ásamt brú yfir Eyvindará. Rannsóknir voru gerðar af Vegagerðinni við brúarstæði við Eyvindará.
**Verkframvinda 2024:** Unnið var að áframhaldandi hönnun vega utan ganga. Jarðtæknirannsóknir voru framkvæmdar við veglínur bæði Seyðisfjarðar- og Héraðsmegin.

| Kostnaður | m.kr |
|---|---|
| 2014 | 64 |
| 2015 | 22 |
| 2016 | -73 |
| 2017 | 28 |
| 2018 | 10 |
| 2019 | 25 |
| 2020 | 106 |
| 2021 | 122 |
| 2022 | 145 |
| 2023 | 39 |
| 2024 | 17 |
| **Samtals** | **505** |

## (94) Borgarfjarðarvegur, Eiðar - Laufás

**Umfang verks:** Undirbúningur og hönnun á endurbyggingu vegar á um 14,8 km með bundnu slitlagi miðað við að vegur uppfylli kröfur um umferðaröryggi og akstursþægindi.
**Framkvæmdaform:** Samningar.
**Kostnaðaráætlun:** 1.050 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tímabundið fjárfestingarátak 2020 | 30 |
| Tímabundið fjárfestingarátak 2021 | 30 |
| Samgönguáætlun 2021 | 490 |
| Samgönguáætlun 2022 | 530 |
| Uppgjör verks 2023 | 11 |
| Uppgjör verks 2024 | 13 |
| **Samtals** | **1.104** |

**Verkframvinda 2020:** Undirbúningur og hönnun vegar miðað við að verkið yrði boðið út vorið 2021.
**Verkframvinda 2021:** Unnið í undirbyggingu og gerð styrktarlags á ytri hluta kaflans á um 6 km kafla. Áætluð verklok haustið 2022.
**Verkframvinda 2022:** Lokið við undirbyggingu, gerð styrktarlags og burðarlags ásamt frágangi á vegsvæði.Lögð tvöföld klæðing um 12,6 km og einföld 2,2 km frá Davíðsstöðum að vegamótum Tjarnarlandsvegar.Eftir átti að leggja seinna lag klæðingar.
**Verkframvinda 2023:** Seinna lag klæðningar lagt a 2,2 km, sáð í vegsvæði og námur. Greiddar land- og efnisbætur. Lokauppgjör á verkframkvæmd.
**Verkframvinda 2024:** Uppgjör vegna landakaupa.
**Verktaki:** Verkfræðistofan Mannvit hf. og Vegagerðin vegna undirbúnings og útboðs verksins. Héraðsverk ehf. sá um framkvæmd á verkinu.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 20 |
| 2021 | 288 |
| 2022 | 746 |
| 2023 | 37 |
| 2024 | 13 |
| **Samtals** | **1.104** |

## (95) Skriðdals- og Breiðdalsvegur, Gilsá á Völlum

**Umfang verks:** Gerð nýrrar brúar, 46 m löng ásamt nýjum vegtengingum, samtals 1,2 km.
**Framkvæmdaform:** Samningar og eigin verk.
**Kostnaðaráætlun:** 531 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Heimildir fyrri ára | 3 |
| Tímabundið fjárfestingarátak 2020 | 15 |
| Samgönguáætlun 2021 | 505 |
| Breikkun brúa 2023 | 144 |
| Uppgjör verks 2023 | 1 |
| Uppgjör verks 2024 | 9 |
| **Samtals** | **677** |

**Verkframvinda 2020:** Undirbúningur og hönnun brúar og vegar miðað við að verkið yrði boðið út vorið 2021.
**Verkframvinda 2021:** Unnið að undirbúningi og útboði verksins. Verkið var boðið út í júní, en ekkert tilboð barst í það. Verkið var svo boðið út aftur í ágúst og miðað við að því yrði skipt upp í tvo hluta, þ.e.a.s. byggingu brúarinnar ásamt vegtengingu sem MVA ehf. á Egilsstöðum bauð í og svo stálsmíði fyrir brúarmannvirkið sem MVS ehf. á Egilsstöðum bauð í. Samið var við fyrrgreinda verktaka um verkið miðað við að framkvæmdir hæfust 2022.
**Verkframvinda 2022:** MVS lauk við stálsmíðahluta fyrir brúarmannvirkið.

Unnið við undirstöður og undirbúning á jarðvinnu. Klárað að steypa allar undirstöður og stöpla og byrjað að keyra út fyllingar að brúarstæði.
**Verkframvinda 2023:** Unnið við yfirbyggingu brúar, vegagerð og frágang vegsvæðis, sem lokið var við endanlega í september.Vegarkaflinn innan brúar var lengdur um 120 m vegna burðarlagsskemmda og ójafns vegar þar. Eftir á að sá í raskað vegsvæði og ljúka greiðslum á land- og efnisbótum.

**Verkframvinda 2024:** Frágangur við verksvæði. Uppgræðsla, sáning og frágangur yfirborðs.
**Verktaki:** Hönnun: Mannvit hf. og Vegagerðin, Verkframkvæmd: MVA ehf. og MVS ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2022 | 320 |
| 2023 | 348 |
| 2024 | 9 |
| **Samtals** | **677** |

## (923) Jökuldalsvegur, Gilsá – Arnórsstaðir

**Umfang verks:** Nýbygging vegar 3,1 km frá Gilsá að Arnórsstöðum og endurbygging vegar á 1 km innan við Arnórsstaði, samtals 4,1 km.
**Framkvæmdaform:** Útboð á verki áætlað vor 2021.
**Kostnaðaráætlun:** 330 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Framtíðarverk 2019 | 3 |
| Samgönguáætlun 2020 | 280 |
| Tengivegir 2020 | 50 |
| Tengivegir 2021 | 20 |
| Tengivegir 2023 | 350 |
| Tengivegir 2024 | 10 |
| Uppgjör 2024 | -119 |
| **Samtals** | **594** |

**Verkframvinda 2020:** Unnið að rannsóknum á fornminjum auk undirbúnings og hönnunar verks.
**Verkframvinda 2021:** Unnið að undirbúningi og útboði á verki. Unnið í undirbyggingu vegar á um 3 km, áætluð verklok voru haustið 2022.
**Verkframvinda 2022:** Lokið við gerð vegar frá Gilsá að Arnórsstaðarhvammi með klæðingu, 4,1 km. Minniháttar frágangur eftir á vegsvæði. Unnið að undirbúningi og samningum við landeigendur vegna áframhaldandi endurbyggingar vegar inn að Hákonarstöðum.
**Verkframvinda 2023:** Lokauppgjör og frágangur á verkframkvæmd, greiddar landbætur, unnið að undirbúningi og hönnun vegar Arnórsstaðir-Langagerði.
**Verkframvinda 2024:** Uppsetning hrunvarna í Arnórsstaðahvammi, verkhönnun og gerð útboðsgagna fyrir kaflann Arnórsstaðir - Langagerði. Fornleifarannsóknir við Langagerði, endurbætur og afvötnun vegar, sáning í vegsvæði.
**Verktaki:** Verkfræðistofan Mannvit hf. og Vegagerðin vegna undirbúnings og útboðs verksins. Héraðsverk ehf. sá um framkvæmd á verkinu.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2019 | 3 |
| 2020 | 21 |
| 2021 | 103 |
| 2022 | 387 |
| 2023 | 43 |
| 2024 | 37 |
| **Samtals** | **594** |

## (923) Jökuldalsvegur, Arnórsstaðir - Langagerði

**Umfang verks:** Endurbygging vegar á 4,6 km ásamt áningarstað innan við Hnjúksá.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** 611 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tengivegir 2024 | 400 |
| Uppgjör 2024 | -9 |
| **Samtals** | **391** |

**Verkframvinda 2022:** Unnið að samningum við landeigendur.
**Verkframvinda 2023:** Samið við verktaka í byrjun nóvember en framkvæmdum frestað fram á vorið 2024 vegna vetrarveðráttu.
**Verkframvinda 2024:** Vegagerð á 3,8 km kafla á Jökuldal þar sem burðarlítill malarvegur var endurbyggður í 7 metra breiðan veg (C7). 2,3 km var lokið og lagt bundnu slitlagi og undirbygging og styrktarlag 1,5 km .
**Verktaki:** Héraðsverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2024 | 391 |
| **Samtals** | **391** |

## (931) Uppphéraðsvegur um Ásklif

**Umfang verks:** Endurbygging vegar á um 4,7 km kafla með bundnu slitlagi miðað við að vegur uppfylli kröfur um umferðaröryggi og aksturþægindi.
**Framkvæmdaform:** Samningar um hönnun vegar. Útboð á framkvæmd verksins
**Kostnaðaráætlun:** 293 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Framtíðarverk 2020 | 6 |
| Tengivegir 2021 | 245 |
| Tengivegir 2022 | 55 |
| Tengivegir 2023 | 15 |
| Uppgjör verks 2024 | 26 |
| **Samtals** | **347** |

**Verkframvinda 2021:** Unnið að undirbúningi og útboði á verki. Byrjað síðla hausts á undirbyggingu vegar á um 300 m kafla, áætluð verklok haustið 2022.
**Verkframvinda 2022:** Lokið við gerð vegar með klæðingu. Gengið frá uppgjöri við landeigendur ásamt uppsetningu girðingar að hluta.
**Verkframvinda 2023:** Lokauppgjör á verkframkvæmd, gengið frá uppgjöri við landeigendur ásamt smíði girðinga sem ekki voru boðnar út með verkinu.
**Verkframvinda 2024:** Ristarhlið og uppgræðsla á vegsvæði.
**Verktaki:** Verkfræðistofan Mannvit hf. og Vegagerðin vegna undirbúnings og útboðs verksins. Héraðsverk ehf. sá um framkvæmd á verkinu.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 6 |
| 2021 | 41 |
| 2022 | 278 |
| 2023 | 20 |
| 2024 | 2 |
| **Samtals** | **347** |

## (947) Hafnarhólmavegur, Borgarfjarðarvegur - Hafnarhólmi

**Umfang verks:** Endurbygging vegar á 1 km kafla milli Ölduhamars og hafnarsvæðis við Hafnarhólma.
**Framkvæmdaform:** Ákveðið að bjóða út verkið síðar þar sem ákveðið var að endurbyggja veginn í 7 m breidd sem uppfyllti betur umferðaröryggiskröfur í stað þess að breikka hann bara.
**Kostnaðaráætlun:** 90 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tengivegir 2022 | 40 |
| Tengivegir 2023 | 75 |
| Tengivegir 2024 | 90 |
| Uppgjör verks 2024 | -164 |
| **Samtals** | **41** |

**Verkframvinda 2022:** Unnið að hönnun og undirbúningi verks ásamt breikkun á fyllingum á 0,3 km kafla.
**Verkframvinda 2023:** Unnið að hönnun og undirbúningi.
**Verkframvinda 2024:** Verkið var boðið út og samið við Austurverk ehf. um framkvæmdina. Byrjað á undirbyggingu vegar í nóvember 2024.
**Verktaki:** Austurverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2022 | 11 |
| 2023 | 7 |
| 2024 | 23 |
| **Samtals** | **41** |

## ↓ Austursvæði Hönnun og undirbúningur verkefna

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Austursvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í samgönguáætlun.

| Verk | Uppsöfnuð fjárhæð | Fjárhæð 2024 | Samtals fjárhæð |
|---|---|---|---|
| Hringvegur 1-T7 Grænafell | 49.517.304 | -2.511.233 | 47.006.071 |
| Krossá á Berufjarðarströnd N | 241.221 | 1.183.355 | 1.424.576 |
| Hringv um Búlandsá&Teigarhorn | 0 | 1.582.502 | 1.582.502 |
| Suðurfjarðavegur 96-07 | 76.415.331 | 20.605.208 | 97.020.539 |
| Hafnarvegur 99-02/03 | 0 | 1.631.330 | 1.631.330 |
| Axarvegur, Skriðd.-Hringv. PPP | 175.790.621 | 78.666.681 | 254.457.302 |
| Múlavegur í Fljótsdal | 763.220 | 965.004 | 1.728.224 |
| **Samtals** | **302.727.697** | **102.122.847** | **404.850.544** |

## 7.7 Sameiginlegt milli svæða

## Hjóla- og göngustígar

**Umfang verks:** Gerð stofnstíga, hjóla og göngustíga á Suðursvæði, Vestursvæði, Norðursvæði og Austursvæði samkvæmt sérstöku samkomulagi við sveitarfélögin um þátttöku Vegagerðarinnar í kostnaði.
**Framkvæmdaform:** Útboð á vegum sveitarfélaganna.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2024 | |
| Göngu og hjólastígar | 300 |
| **Samtals** | **300** |

**Verkframvinda 2024**
**Suðursvæði:**
*Árborg:* Haldið áfram með göngu- og hjólastíg meðfram Eyrarbakkavegi frá Tjarnarbyggð í átt að ströndinni. Á árinu voru kláraðar framkvæmdir við 2 km kafla.
*Rangárþing ytra:* Hönnun og framkvæmd á stíg meðfram Hringvegi, sitt hvoru megin brúar á Ytri Rangá og að hringtorgi á Hellu.
*Reykjanesbær:* Framkvæmdir við 2,1 km langan stíg meðfram Garðskagavegi frá Reykjanesbæ og að sveitarfélagamörkum við Suðurnesjabæ.
**Norðursvæði:**
*Akureyrarbær:* Hönnun á göngu- og hjólabrú yfir Glerá meðfram Hringvegi og vegna hönnunar og framkvæmda við 1,1 km langan aðskilinn göngu- og hjólastíg meðfram Hringvegi frá Drottningarbraut að brú yfir Eyjafjarðará.
*Fjallabyggð:* Hönnun og framkvæmd við 1. áfanga göngu- og hjólastígs á Ólafsfirði (0,4 km).
*Skagaströnd:* Hönnun og framkvæmd við 430 m langan göngu- og hjólastíg meðfram Skagastrandarvegi á Skagaströnd.
*Þingeyjarsveit:* Framkvæmdir við 5 km göngu- og hjólastíg milli Dimmuborga og Skútustaða við Mývatn.
*Svalbarðsstrandarhreppur:* Framkvæmdir við rúmlega 2 km langan stíg frá Skógarböðum að hringtorgi við Vaðlaheiðargöng.
**Austursvæði:**
*Múlaþing:* Framkvæmdir vegna stígs og lýsingar milli Fellabæjar og Vakar.
*Múlaþing:* Framkvæmdir við 0,65 km langan stíg meðfram Djúpavogsvegi (Víkurland) á Djúpavogi.
*Múlaþing:* Hönnun á stíg meðfram Seyðisfjarðarvegi, milli Seyðisfjarðar og Gufufoss.
Í öllum framangreindum verkum sáu sveitarfélögin um hönnun og framkvæmdir.
**Verktakar:** Ýmsir verktakar samkvæmt samningum við sveitarfélögin og Vegagerðina.

| Kostnaður 2024 | m.kr. |
|---|---|
| Sameiginlegur kostnaður | 1 |
| Árborg | 24 |
| Rangárþing ytra | 2 |
| Reykjanesbær | 13 |
| Akureyrarbær | 72 |
| Fjallabyggð | 12 |
| Svalbarðstrandarhreppur | 23 |
| Þingeyjasveit | 58 |
| Múlaþing | 36 |
| Fjarðabyggð | 1 |
| **Samtals** | **242** |

## Sameiginleg verkefni

**Fjármögnun:**
Samgönguáætlun 2024, undirbúningur verka utan áætlunar.

**Skipulag sveitarfélaga**
Vinna Vegagerðarinnar við að fylgjast með og gera athugasemdir við breytingar á skipulagi sveitarfélaga með tilliti til framtíðarskipulags vegakerfis. Einnig umsagnir vegna lagnaleyfa. **Kostnaður: 75 m.kr.**

**Hávaðakortlagning**
Vegagerðin, Umhverfisstofnun og hlutaðeigandi sveitarfélög (Akureyri, Árborg, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjarnesbær, Reykjavík, Seltjarnarnes, Borgarbyggð og Hveragerði) gerðu samstarfssamning um vinnu við kortlagningu á umferðarhávaða skv. reglugerð 100/2005. Unnið var að sameiginlegu útboði Vegagerðarinnar og átta þessara sveitarfélaga á kortlagningu með samevrópskri aðferðarfræði CNOSSOS auk viðbótarkortlagningar með eldri aðferðarfræði, RTN96 og Nord2000. Kostnaður: 22,9 m.kr.

**Samgönguáætlunarverkefni**
Vinna við mat á ávinningi og arðsemi þeirra framkvæmda sem tilgreindar eru í tillögu að samgönguáætlun. Einnig vinna við gerð skilgreininga fyrir þau verkefni sem eiga að fara inn í samgönguáætlun. **Kostnaður: 9,3 m.kr.**



8. kafli

# Framkvæmdir við hafnir, ferjubryggjur og sjóvarnargarða 2024



Dýpkunarskipið Hein
að störfum á Ísafirði

# Framkvæmdir við hafnir, ferjubryggjur og sjóvarnargarða 2024

Í þessum kafla er að finna stuttar lýsingar á ríkisstyrktum hafnarframkvæmdum árið 2024 á hverjum stað fyrir sig. Einnig er fjallað um varnir gegn landbroti af ágangi sjávar og greint frá verkum sem unnin hafa verið í höfnum án ríkisstyrkja. Í töflunni hér að neðan koma fram þeir fjármunir sem varið var til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir á árinu 2024. Til samanburðar eru tölur fyrra árs.

| | 2024 m.kr. | 2023 m.kr. |
|---|---|---|
| Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir | 3.042,1 | 3.959,9 |
| **þar af Landeyjahöfn** | **598,4** | **667,4** |



Stækkun trébryggju í Ólafsvík.

# Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir

## Snæfellsbær

**Ólafsvík:** *Stækkun trébryggju við Norðurtanga. (60%[*])*
Stækkun og hækkun núverandi harðviðarbryggju um 390 m2. Lægstbjóðandi var Köfunarþjónusta Sigurðar ehf. með samningsverð kr. 65.745.700,-. Verkið hófst í september 2023 og verklok voru í júlí 2024.
**Framkvæmdakostnaður:** 50,7 m.kr.




↑ Reykhólar.

**Ólafsvík:** *Norðurbakki lenging. (60%*)*
Lenging á núverandi Norðurbakka um 100 m, stálþil með -7 m hönnunardýpi. Verkið er í hönnunar- og útboðsfasa, botnrannsóknir voru gerðar haust 2024. Verkið verður væntanlega boðið út vorið 2025 og framkvæmdir standa til vorsins 2026.
**Framkvæmdakostnaður:** 18,3 m.kr.

**Ólafsvík:** *Norðurbakki, endurbygging kerjabryggju. (75%*)*
Hætt var við þetta verk sem verður í stað þess hluti af verkinu Ólafsvík – Norðurbakki lenging.
**Framkvæmdakostnaður:** 0,96 m.kr.

**Rifshöfn:** *dýpkun við Töskuvita (60%*)*
Viðhaldsdýpkun við innsiglingu Rifshafnar, sanddæling niður á -6,8m dýpi. Verkið verður boðið út vorið 2025 og unnið sumarið 2025.

## Grundarfjörður

**Grundarfjörður:** *Viðgerð á steyptri þekju. (75%*)*
Viðgerð á 2.000 m2 af steyptri þekju við Norðurgarð. Verktaki var Almenna umhverfisþjónustan ehf. Verkið hófst í maí 2022 og kláraðist í maí 2023. Kostnaður 2024 er vegna lokauppgjörs.
**Framkvæmdakostnaður:** 5,9 m.kr.

## Stykkishólmur

**Stykkishólmur:** Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

## Dalabyggð

**Búðardalur:** Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

## Reykhólar

**Reykhólar:** *Karlsey, endurbygging stálþilsbryggju. (90%*)*
Endurbygging á 145 m stálþili. Verkið var boðið út árið 2022, lægstbjóðandi var Borgarverk ehf. með samningsverð kr. 178.029.500,-. Framkvæmdir höfðu tafist mikið þar sem bryggjan hrundi sumarið 2022. Framkvæmdir við stálþil og kantbita hófust í september 2022 og voru verklok í nóvember 2024. Framkvæmdir við steypta þekju og lagnir hófust í júlí 2024 en verklok voru í september 2024. Framkvæmdir við rafmagnsvinnu hófust í október 2024.
**Framkvæmdakostnaður:** 267,9 m.kr.

## Vesturbyggð.

**Bíldudalur:** *Tenging stórskipakants og endurbygging Hafskipabryggju, þekja og lagnir. (60%*)*
Verkinu lauk 2022. Uppgjörsgreiðsla 2024.
**Framkvæmdakostnaður endurbygging Hafskipabryggju (75%*):** 3,9 m.kr.
**Framkvæmdakostnaður tengingar stórskipakants (60%*):** 3,9 m.kr.

**Brjánslækur:** *Smábátaaðstaða (60%*)*
Landstöpull fyrir nýja flotbryggju var steyptur í apríl 2023. Flotbryggja með fingrum og landgangi og uppsetning var boðin út í janúar 2023, lægstbjóðandi var Köfunarþjónusta Sigurðar ehf., tilboð þeirra var kr. 14.845.412,-. Flotbryggjan var sett upp í júní 2023 en kostnaður gerður upp árið 2024.
**Framkvæmdakostnaður:** 17,3 m.kr.

**Patreksfjörður:** Engar ríkisstyrktar framkvæmdir

## Tálknafjörður.

**Tálknafjörður:** *Endurbygging þekju (75%*)*
Lokið var við frágang á nýju rafmagnshúsi í mars 2023, verktaki var TV-verk ehf. Smíði og uppsetning á nýrri rafmagnstöflu var boðin út í apríl 2023. Lægstbjóðandi var RST-net og tilboð þeirra var kr. 19.251.182,-. Vinnu við rafmagnstöfluna lauk árið 2023 og uppgjör fór fram árið 2024.
**Framkvæmdakostnaður við endurbyggingu þekju:** 5,6 m.kr.

** Hlutdeild hafnabótasjóðs*

## Bolungarvík.

**Bolungarvík:** Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

## Ísafjarðarbær.

**Ísafjörður:** *Sundabakki nýr kantur (60%*)*
Dýpkun við Sundabakka hófst í desember 2022 og var að mestu leyti framkvæmd árið 2023. Verktaki var Björgun hf. og verkið var unnið með dýpkunarskipunum Sóleyju og Álfsnesi. Unnið var með hléum fram í ágúst, samtals voru um 370.000 m3 fjarlægðir, 97.000 m3 fóru í landfyllingar á Súðavík, um 50.000 m3 var varpað í hafið og um 223.000 m3 voru losaðir í landfyllingar á Ísafirði. Dýpkunarverkinu var ekki lokið á árinu. Steypt þekja var boðin út í apríl 2023. Lægstbjóðandi var Geirnaglinn ehf., tilboð var kr. 263.993.980,-, vinna hófst í maí 2023. Lokið var við lagnir að mestu leyti og öll þekja steypt. Vorið 2024 voru rafmagnshúsin steypt upp. Raforkuvirki fyrir kantinn var boðið út í júní 2023, lægstbjóðandi var Rafskaut ehf., tilboð þeirra var kr. 49.248.917.
**Framkvæmdakostnaður:** 241,7 m.kr.

**Suðureyri:** Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Þingeyri:** Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Flateyri:** Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.



↑ Dýpkunarskipið Hein að störfum á Ísafirði.

## Súðavík.

**Súðavík:** *Stálþil við Langeyri (75%*)*
Veturinn 2023 var fyllt upp í landfyllingu með dýpkunarefni frá Ísafirði. Gengið var til samninga við RJR-stál um kaup á stálþilsefni. Samið var við Tígur ehf. um að framleiða fyllingarefni fyrir stálþilskantinn. Í nóvember 2023 var boðinn út stálþilsrekstur, lægstbjóðandi var Kranar ehf., tilboðsupphæð var kr. 157.776.666,-. Verkið var unnið 2024.
**Framkvæmdakostnaður:** 244,8 m.kr.

**Vigur:** Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

## Norðurfjörður:

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir

** Hlutdeild hafnabótasjóðs*

## Drangsnes

**Kaldrananeshreppur:** Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

## Hólmavík

**Hólmavík:** Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

## Hvammstangi:

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

## Blönduós:

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

## Skagaströnd:

**Skagaströnd:** *Endurbygging Ásgarðs, stálþil (75%*)*
Rekstur á nýjum stálþilskanti sem var boðinn út í desember 2023. Lægstbjóðandi var Borgarverk ehf. með samningsverð kr. 166.576.984,-. Skrifað var undir verksamning í janúar 2024. Framkvæmdir hófust í júní 2024 og stefnt að því að stálrekstri verði lokið í janúar 2025. Væntanleg verklok verða í maí.
**Framkvæmdakostnaður:** 126,6 m.kr.



↑ Skagaströnd, Ásgarður.

**Skagaströnd:** *Dýpkun (85%*)*
Verkinu hefur verið frestað til sumarsins 2026. Unnið hefur verið við hönnun, mælingar og rannsóknir.
**Framkvæmdakostnaður:** 0,56 m.kr.

## Skagafjörður.

**Sauðárkrókur:** *Endurbygging Efri garðs (75%*)*
Rekstur á nýjum 89 m stálþilskanti var boðinn út í júní 2023. Vegagerðin hannaði verkið og gerði útboðsgögn. Tvö tilboð bárust í verkið. Í október 2023 var skrifað undir verksamning við lægstbjóðanda, Árna Helgason ehf. Tilboð þeirra var kr. 142.006.920,- sem var 106% af kostnaðaráætlun. Stálþilplötur og festingarefni var keypt af G.Arasyni ehf. Lokaúttekt fór fram í október 2024.
**Framkvæmdakostnaður:** 104,6 m.kr.



↑ Sauðarkrókur.

**Sauðárkrókur:** *Nýr grjótgarður utan hafnar (60%*)*
Hönnun hófst á nýjum grjótgarði utan hafnar. Stefnt er að því að bjóða verkefnið út sumarið 2025.
**Framkvæmdakostnaður:** Framkvæmdir ekki hafnar

**Sauðárkrókur:** *Viðhaldsdýpkun (85%*)*
Dýpkað var á þremur svæðum í Sauðárkrókshöfn, við efri garð, í innsiglingu í hafnarmynni og utan við garðsenda. Í júlí 2023 var skrifað undir verksamning við Björgun ehf. Tilboð þeirra var kr. 35.677.840,-. Verkið var unnið í júlí 2023. Enginn framkvæmdarkostnaður 2024.
**Framkvæmdakostnaður:** 0,52 m.kr.

## Fjallabyggð

**Siglufjörður:** *Innri höfn, stálþil (75%*)*
Vinna við að steypa þekju, nýtt rafmagns- og vatnshús ásamt lagnavinnu var boðin út í ársbyrjun 2024. Vegagerðin hannaði verkið og gerði útboðsgögn. Tvö tilboð bárust í verkið. Samið var við Bás ehf. um verkið í febrúar. Tilboð þeirra var kr. 80.033.470,- og var 72,8% af kostnaðaráætlun. Verkið var unnið árið 2024 og var að mestu lokið þá um haustið. Raflagnavinna var einnig boðin út haustið 2024 og bárust tvö tilboð í verkið. Samið var við Raffó ehf. í október 2024, tilboð þeirra var kr. 12.063.828,- um 76,8% af kostnaðaráætlun. Vinna við raflagnir hófst á haustmánuðum 2024 og lýkur 2025.
**Framkvæmdakostnaður:** 118,2 m.kr.

**Ólafsfjörður:** Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

## Dalvíkurbyggð

**Dalvík:** *Norðurgarður, endurbygging stálþils (75%*)*
Rekstur á nýjum 81 m stálþilskanti var boðinn út í maí 2024. Vegagerðin hannaði verkið og gerði útboðsgögn. Tvö tilboð bárust í verkið. Í ágúst 2024 var skrifað undir verksamning við lægstbjóðanda, Árna Helgason ehf. Tilboð þeirra var kr. 92.163.680,- sem var 92,2% af kostnaðaráætlun. Stálþilsplötur og festingarefni var keypt af RJR ehf. Stálþilsrekstur hófst um haustið og lýkur árið 2025.
**Framkvæmdakostnaður:** 39,7 m.kr.

**Hauganes:** *Endurbygging og hækkun grjótvarnar (85%*)*
Hönnun fór af stað við hækkun grjótvarnar. Verkið verður unnið á árinu 2025.
**Framkvæmdakostnaður:** 1,0 m.kr.

**Árskógssandur:** Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

## Hafnasamlag Norðurlands

**Akureyri:** *Torfunefsbryggja (75%*)*
Haldið var áfram með vinnu sem boðin var út með stálþilsrekstri. Verkið hefur tafist vegna þess að beðið var með að steypa kantinn þangað til jarðsig kláraðist undir fyllingunni. Verklok eru fyrirhuguð sumarið 2025.
**Framkvæmdakostnaður:** 75,7 m.kr.

**Hrísey:** *Hafskipabryggja, endurbygging þekju (75%*)*
Hönnun á steyptri þekju og verðkönnun. Vinnan verður unnin 2025.
**Framkvæmdakostnaður:** 0,98 m.kr.

**Grímsey:** Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Grenivík:** Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

## Norðurþing

**Húsavík:** *Flotbryggja 60 m (60%*)*
Stækkun flotbryggju. Samið var við Köfunarþjónustuna í júlí 2024 um kaup og uppsetningu á 60 m langri flotbryggju. Samningsupphæð var kr. 44.687.600,- og verkið var unnið sumarið 2024.
**Framkvæmdakostnaður:** 8,4 m.kr.

** Hlutdeild hafnabótasjóðs*



Stálþilsrekstur við höfnina á Dalvík.

**Húsavík:** *Þvergarður endurbyggður (stálþil 90 m, dýpi 8 m; 75 m, dýpi 5 m) (75%*)* og
**Húsavík:** *Þvergarður lengdur (stálþil 50 m, dýpi 8 m) (60%*)*
Endurbygging og lenging á núverandi stálþilsbryggju við Þvergarð; Þvergarður lengdur um 50 m með -8 m hönnunardýpi, endurbygging á um 90 m kafla með hönnunardýpi -8 m og 75 m með hönnunardýpi -5 m.
Stálþilsplötur og festingarefni var keypt af RJR. Efniskaup fóru fram 2024 en enginn framkvæmdakostnaður.
**Framkvæmdakostnaður:** 141,4 m.kr.

**Kópasker:** Engar ríkisstyrktar framkvæmdir

## Langanesbyggð

**Þórshöfn:** *Brimvarnargarður, endurbygging (85%*)*
Verkefnið fólst í endurbyggingu á krónu brimvarnargarðs og einnig í skarði á norðanverðum garðinum. Verkefnið var smátt og var grjótið tilbúið í námunni. Samið var við Skútaberg ehf. um verkið sem var með öll tæki og tól á staðnum. Verkið tók um 2 vikur í framkvæmd.
**Framkvæmdakostnaður:** 7,6 m.kr.

**Þórshöfn:** *Dýpkun smábátahafnar (60%*)*
Dýpkun smábátahafnar. Samið var við Skútaberg ehf. um verkið sem var einnig að vinna við jarðvinnu í kringum nýtt frystihús á staðnum. Um var að ræða dýpkun vegna færslu á flotbryggju í smábátahöfninni. Nothæft efni var notað sem farg undir frystihúsið. Verkið var unnið árið 2024.
**Framkvæmdakostnaður:** 16,7 m.kr.

**Bakkafjörður:** Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

## Vopnafjörður

**Vopnafjarðarhöfn:** *Lenging löndunarbryggju (60%*)*
Endurbygging og lenging á Löndunarbryggju; Löndunarbryggja lengd um 137 m með -10 m hönnunardýpi.
Stálþilsplötur og festingarefni var keypt af RJR. Efniskaup fóru fram á árinu 2024 en enginn framkvæmdakostnaður.
**Framkvæmdakostnaður:** 107,9 m.kr.

## Múlaþing

**Borgarfjörður eystri:** *Ný löndunarbryggja, trébryggja (60%*)*
Bygging á nýrri löndunarbryggju úr harðviði, innifalið í verkinu var jarðvinna, fylling og grjótvörn. Einnig steypa á 25 m landvegg, rekstur fjögurra bryggjustaura, smíði þriggja grjótkista og bygging 156 m² bryggju úr harðviði. Lægstbjóðandi var Úlfsstaðir ehf. með samningsverð 70,9 m.kr. Framkvæmdir hófust í apríl 2024 og verklok voru í ágúst.
**Framkvæmdakostnaður:** 93,5 m.kr.

**Borgarfjörður eystri:** *Stytting löndunarbryggju (75%*)*
Framkvæmdir við endurbyggingu gömlu löndunarbryggjunnar var frestað. Væntanlega verður unnið við hönnun sumarið 2025, efnispöntun verður haustið 2025 og framkvæmdir 2026.
**Framkvæmdakostnaður:** 1,5 m.kr.

**Borgarfjörður eystri:** *Tunnur við garðsenda Hólmgarðs (60%*)*
Bygging á annarri tunnu við enda Hólmagarðs. Innifalið í verkinu er upptekt á um 30m kafla og lenging garðsins um 14m, smíði tunnu sem er 6 m í þvermál úr harðviði og það að koma henni fyrir við garðsendann. Þá á að fylla með grjóti, raða grjótvörn utan á garðinn og endurraða grjóti á Hólmagarði. Lægst bjóðandi var Úlfsstaðir ehf. með samningsverð 44,3 m.kr. Verk var unnið samhliða Löndunarbryggju, framkvæmdir hófust júlí 2024 og voru verklok í ágúst.
**Framkvæmdakostnaður:** 43,4 m.kr.
**Seyðisfjörður:** Engar ríkisstyrktar framkvæmdir

**Djúpivogur:** *Endurbygging hafskipabryggju, steypt þekja (75%*)*
Lokið var við að reka stálþil sumarið 2022. Samið var við Samsteypufélagið ehf. um að steypa þekju og mastershús ásamt lagnavinnu. Vinnan við það hófst vorið 2023. Raflagnavinna hófst sumarið 2024 og áætluð verklok voru nóvember.
**Framkvæmdakostnaður:** 30,2 m.kr.

## Fjarðabyggð

**Mjóifjörður, Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður** og **Breiðdalsvík:** Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

** Hlutdeild hafnabótasjóðs*



Borgarfjörður eystri.

## Höfn í Hornafirði

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir

## Landeyjahöfn

**Landeyjahöfn:** *Viðhaldsdýpkun*
Björgun vann við viðhaldsdýpkun Landeyjahafnar á árinu eftir samningi sem gerður var við þá árið 2022 til þriggja ára. Dýpkunarskipið Álfsnes vann við höfnina með hléum frá febrúar fram í maí og svo aftur frá september fram í desember. Samtals voru fjarlægðir um 349.635 m3.
**Framkvæmdakostnaður:** 598,4 m.kr.

## Vestmannaeyjar

**Vestmannaeyjar:** *Hörgeyjargarður, stytting og dýpkun (60%)*
Í janúar 2024 var gröfuprammminn Reynir og efnisflutningaskipið Pétur mikli fluttir til Vestmannaeyja til að grafa skurð þvert yfir höfnina fyrir frárennslislagnir. Pramminn var veðurtepptur í Eyjum og á meðan var hann látinn vinna við dýpkun við Hörgeyjagarð. Fjarlægðir voru um 30.000 m3 .af þeim 200.000 m3 sem þarf að taka til að stytta garðinn um 40 m og dýpka innsiglingu um það sem því nemur.
**Framkvæmdakostnaður:** 136,4 m.kr.

## Þorlákshöfn

**Þorlákshöfn:** *Endurbygging Suðurvararbryggju (75%*)*
Boðin var út vinna við rekstur á stálþilsbryggju við Suðurvararbryggju sumarið 2023. Um er að ræða niðurrekstur á 129 plötum AZ22-800 ásamt steyptum kanti og tveimur stormpollum. Samið var við lægstbjóðanda Hagtak hf. upp á kr. 415.250.000,- Verktaki hóf vinnu í október 2023 en stálþilsrekstur í nóvember sama ár. Ljóst var í lok árs að þilrekstur tefðist þar sem stálþilsskurður var ekki tilbúinn eins og ætlunin var og rekstur fór því fram 2024.
**Framkvæmdakostnaður:** 155,0 m.kr.

**Þorlákshöfn:** *Endurbygging Svartaskersbryggju (75%*)*
Boðin var út vinna við gerð steyptrar þekju á Svartaskersbryggju. Samið var við lægstbjóðanda Stálborg ehf. upp á kr. 148.855.620,-. Verkefninu lauk haustið 2023. Útistandandi vinna var unnin 2024.
**Framkvæmdakostnaður:** 9,5 m.kr.

**Þorlákshöfn:** *Suðurvarargarður, lenging um 200 m (60%*)*
Áfram vann Suðurverk hf. að lengingu Suðurvarargarðs. Grjótgarðurinn var kominn út í endanlega lengd sumarið 2023. Grjótvarnarefni var tekið úr námu sem varð til vegna landmótunar Landeldis sem er um 5 km frá verkstað sem gerði verkefnið hagstætt fyrir báða aðila. Verktaki var rétt á undan áætlun með verkefnið í lok árs. Framkvæmdum lauk á árinu og verður gert upp 2025.
**Framkvæmdakostnaður:** 153,0 m.kr.

## Grindavík

**Grindavík**: *Suðurgarður, endurbygging þekju (75%*)*
Framkvæmdir fólu í sér að saga, brjóta og fjarlægja gamla þekju, endurfylla undir þekju, þjappa og steypa nýja þekju, alls um 1640 m. Lægstbjóðandi var H.H. Smíði ehf. með samningsverð 57,3 m.kr. Framkvæmdir hófust í júlí 2022 og voru verklok í september 2022. Uppgjörskostnaður var frágenginn árið 2024.
**Framkvæmdakostnaður:** 53,1 m.kr.

**Grindavík:** *Kvíabryggja, stormpolli og endurbygging trébryggju (75%*)*
Framkvæmdir fólu í sér að endurnýja um 420 m² af bryggjudekki úr furu ásamt kanttré, langböndum, skástífum og stiga, auk þess að reka niður viðbótarstaura. Einnig smíði, steypa og uppsetning á einum 100 tonna stormpolla ásamt stagi og toghlera. Lægstbjóðandi var Köfunarþjónusta Sigurðar ehf. með samningsverð 32,2 m.kr. Framkvæmdir hófust í september 2021 og voru verklok í nóvember 2022. Uppgjörskostnaður var gerður árið 2024.
**Framkvæmdakostnaður:** 36,7 m.kr.

## Sandgerði

**Sandgerði:** *Flotbryggja, endurbygging (75%*)*
Sandgerðishöfn ákvað að fara í endurbyggingu á eldri flotbryggju í stað þess að kaupa nýja. Samið var við Köfunarþjónustuna ehf. um verkefnið. Skipt var um þybbur, kanttré, klossa, keðjur og annað. Hluti af verkefninu sem var óstyrkhæft var kaup og uppsetning á bryggjufingrum.
**Framkvæmdakostnaður:** 10,0 m.kr.

**Sandgerði:** *Syðri grjótvarnargarður og vegur (85%*)*
Unnið að hönnun á hækkun grjótgarðs og styrkingu innri fláa. Verður boðið út 2025.
**Framkvæmdakostnaður:** 0,51 m.kr.

## Reykjaneshafnir

**Njarðvík:** *Nýr grjótgarður sunnan við höfnina (60%*)*
Unnið hefur verið að hönnun brimvarnargarðs og er stefnt að því að verkefnið verði boðið út haustið 2025.
**Framkvæmdakostnaður:** 4,0 m.kr.

**Njarðvík:** *Dýpkun hafnar (60%*)*
Hagtak ehf. vann að dýpkun innsiglingar, snúningssvæðis og við framtíðarkant innan við brimvörn. Efni úr dýpkun var losað í garðstæði brimvarnar sem byggð verður í kjölfar dýpkunarinnar. Vinna við dýpkun hófst í apríl 2024 og var unnið þar til prammar fóru í slipp í júlí, vinna hefst aftur snemma árs 2025.
**Framkvæmdakostnaður:** 181,2 m.kr.

**Helguvík:** Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Vogar:** Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Hafnarfjarðarhöfn:** Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Faxaflóahafnir:** Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

** Hlutdeild hafnabótasjóðs*

# Sjóvarnargarðar

## Belgsholt

Aðeins hönnunarkostnaður.
**Framkvæmdakostnaður:** 0,93 m.kr.

## Snæfellsbær

**Marbakki:** Hönnun og rannsóknir vegna sjóvarnar og landrofs við Marbakka.
Engar framkvæmdir á árinu 2024.
**Framkvæmdakostnaður:** 0,1 m.kr.

**Barðastaðir:** Sjóvörn við Barðastaði um 170 m, samtals um 2.520 m³ af grjóti og sprengdum kjarna úr námu. Lægstbjóðandi var Flakkarinn ehf. Framkvæmdir hófust í ágúst 2024 og voru verklok í september. Meira magn af kjarna og grjóti þurfti en áætlað hafði verið. Sjóvarnir við Barðastaði og Hellissand voru boðnar út í heild og unnar samhliða.
**Framkvæmdakostnaður:** 33,7 m.kr.

**Hellissandur:** Sjóvörn við Keflavíkurgötu á Hellissandi, um 37m. Samtals þurfti um 1.060 m³ af grjóti og sprengdum kjarna úr námu. Verklok voru í september 2024.
**Framkvæmdakostnaður:** 11,0 m.kr.

## Sjóvörn við Sælund

Aðeins hönnunarkostnaður.
**Framkvæmdakostnaður:** 1,4 m.kr.

## Blönduós

Boðnar voru út sjóvarnir á Blönduósi, Skagaströnd og Skagabyggð í september 2023. Eitt tilboð barst í verkið og var samið við lægstbjóðanda, Víðimelsbræður ehf. sem unnu verkið. Kaflinn á Blönduósi var unninn árið 2024.
**Framkvæmdakostnaður:** 24,9 m.kr.

## Skagaströnd

Boðnar voru út sjóvarnir á Blönduósi, Skagaströnd og Skagabyggð í september 2023. Eitt tilboð barst í verkið og var samið við lægstbjóðanda, Víðimelsbræður ehf. sem unnu verkið. Kaflinn á Skagaströnd var unninn árið 2024.
**Framkvæmdakostnaður:** 5,2 m.kr.

## Skagabyggð

Boðnar voru út sjóvarnir á Blönduósi, Skagaströnd og Skagabyggð í september 2023. Eitt tilboð barst í verkið og var samið við lægstbjóðanda, Víðimelsbræður ehf. sem unnu verkið. Verkinu í Skagabyggð lauk í árslok 2023, en hinir áfangarnir voru unnir árið 2024.
**Framkvæmdakostnaður:** 14,2 m.kr.

## Skagafjörður

**Hofsós:** Unnið var að hönnun og undirbúningi sjóvarnar neðan við Suðurbraut á Hofsósi.
**Framkvæmdakostnaður:** 3,0 m.kr.

## Akureyri

*Sjóvörn norðan Tangabryggju og sunnan Ísbryggju.*
Verkefnið fólst í hækkun á núverandi sjóvörn um 0,5 m – 1,5 m á um 250 m kafla milli Ísbryggju og Tangabryggju. Ákveðið var eftir útboð að taka allan hlutann milli Ísbryggju og Tangabryggju að beiðni Akureyrarbæjar. Akureyrarbær greiddi að fullu fyrir þann kafla og greiddi Hafnasamlag Norðurlands fyrir fyrstu 50 m við bæði Ísbryggju og Tangabryggju þar sem umrætt svæði tilheyrir höfninni. Framkvæmdir hófust haustið 2024. Verklok eru áætluð í janúar 2025.
**Framkvæmdakostnaður:** 10,3 m.kr.



Sandfangari í Vík í Mýrdal
í nóvember 2024. Mynd: Þórir Níels

## Grenivík

Hönnun hófst á lagfæringu á sjóvörn á Grenivík. Vinna fer fram 2025.
**Framkvæmdakostnaður:** 1,1 m.kr.

## Borgarfjörður eystri

Unnið var að sjóvörn á um 130 m kafla við Jörfa í Borgarfirði. Samið var við Þ.S. Verktaka ehf. sem hófu vinnu við verkið í október en verkinu lauk í nóvember 2024.
**Framkvæmdakostnaður:** 12,2 m.kr.

## Seyðisfjörður

Boðin var út gerð sjóvarna á tveimur stöðum á Seyðisfirði, við Strandaveg og á Vestdalseyri. Verkið var boðið út í apríl og bárust þrjú tilboð í verkið. Samið var við lægstbjóðanda Héraðsverk ehf. sem vann verkið. Vinna hófst í júlí og lauk í september 2024.
**Framkvæmdakostnaður:** 20,1 m.kr.

## Vík í Mýrdal

Boðin var út gerð bráðabirgðasjóvarnar við hesthús í Vík í Mýrdal. Verkið var boðið út í febrúar 2023 og bárust þrjú tilboð. Samið var við lægstbjóðanda, VBF Mjölni ehf. Tafir urðu á upphafi verksins vegna leyfismála. Á endanum var verkið unnið af undirverktaka, Framrás ehf. Verkinu lauk í desember 2023. Enginn framkvæmdakostnaður 2024.
**Framkvæmdakostnaður:** 0,24 m.kr.

## Herdísarvík

Aðeins hönnunarkostnaður.
**Framkvæmdakostnaður:** 0,24 m.kr.

## Suðurnesjabær

Boðnar voru út sjóvarnir á þremur stöðum í Suðurnesjabæ í desember 2022. Samið var við lægstbjóðanda, Steypudrang ehf. sem vann verkið. Vinna hófst í mars 2023 en lauk í apríl 2024 þar sem verkhluta við golfvöll var frestað að ósk heimamanna. Grjót til verksins var fengið úr Helguvík.
**Framkvæmdakostnaður:** 22,3 m.kr.

## Reykjanesbær

Boðin var út sjóvörn við Kalmanstjörn í nóvember 2022. Samið var við lægstbjóðanda, Ellert Skúlason ehf. sem vann verkið. Vinna við verkið hófst í mars 2023 og lauk í apríl sama ár. Grjót til verksins var fengið úr Helguvík. Enginn framkvæmdakostnaður 2024.
**Framkvæmdakostnaður:** 1,0 m.kr.

## Hafnir

Hönnun hófst á sjóvörn á Vatnsleysuströnd. Vinna fer fram 2025.
**Framkvæmdakostnaður:** 1,0 m.kr.

## Vatnsleysuströnd

Hönnun fór fram á sjóvörn á Vatnsleysuströnd. Verður boðin út 2025.
**Framkvæmdakostnaður:** 1,9 m.kr.

## Garðabær

*Álftanes:* Boðin var út sjóvörn við Hlið í Helguvík í október 2022. Tvö tilboð bárust í verkið og var samið við lægstbjóðanda, Urð og Grjót ehf. Verkið var unnið í febrúar til mars 2023.
Enginn framkvæmdakostnaður 2024.
**Framkvæmdakostnaður:** 0,1 m.kr.

## Sjóvörn óskipt

**Kostnaður í óskiptu:** 1,1 m.kr.

# ↓ Ferjubryggjur

Farið var í lítilsháttar framkvæmdir við ferjubryggjuna á Stykkishólmi til þess að koma nýrri ferju betur að mannvirkinu. Skipt var um allar þybbur og settar DD þybbur í staðinn sem kemur skipinu nær kanti en áður var hægt. Einnig var gert við skemmdir á enda bryggjunnar sem hafði verið á döfinni í einhvern tíma. Heildar framkvæmdakostnaður var um 16 m.kr.

Einnig var farið í breytingar ekjuramp á Brjánslæk til þess að bæta aðgengi stórra flutningabíla í ferjuna svo hægt væri að fullnýta hana í hverri ferð.

Í undirbúningi er að endurbyggja mannvirkin í Vestmannaeyjum, Brjánslæk og Stykkishólmi á næstu árum. Byrjað verður á Vestmannaeyjum þar sem núverandi mannvirki er orðið illa á sig komið. Stefnt er á að hefja framkvæmdir þar haustið 2026.

# Töflur


**1. kafli** **Fjármál og rekstur** . . . . . **9**

Tafla 1 Skipting fjárveitinga Vegagerðarinnar . . . . . 11

**2. kafli** **Stjórnun og mannauður** . . . . . **15**

**3. kafli** **Þjónusta** . . . . . **27**

Tafla 2 Fjárveiting og kostnaður við þjónustu 2024 . . . . . 28
Tafla 3 Farþega- og ferðafjöldi ferja eftir árum tímabilið 2020 til 2024 . . . . . 31
Tafla 4 Kostnaður við ferjur . . . . . 31
Tafla 5 Kostnaður við landsamgöngur . . . . . 32
Tafla 6 Kostnaður við innanlandsflug . . . . . 32

**4. kafli** **Framkvæmdir og viðhald** . . . . . **35**

Tafla 7 Girðingar . . . . . 36
Tafla 8 Landsvegir utan stofnvegakerfis . . . . . 36
Tafla 9 Héraðsvegir . . . . . 36
Tafla 10 Styrkvegir . . . . . 37
Tafla 11 Reiðvegir . . . . . 37
Tafla 12 Suðursvæði . . . . . 38
Tafla 13 Höfuðborgarsvæði . . . . . 38
Tafla 14 Vestursvæði . . . . . 38
Tafla 15 Norðursvæði . . . . . 38
Tafla 16 Austursvæði . . . . . 38
Tafla 17 Jarðgangaáætlun . . . . . 38
Tafla 18 Sameiginlegt og óskipt (fjárveitingar) . . . . . 39
Tafla 19 Vegakerfið sem Vegagerðin annast í viðhaldi . . . . . 40
Tafla 20 Skipting viðhaldskostnaðar árið 2024 . . . . . 40
Tafla 21 Viðhald bundinna slitlaga 2023 . . . . . 42
Tafla 22 Styrkingar og endurbætur 2024 . . . . . 44
Tafla 23 Framkvæmdir við vita og hafnir . . . . . 45

**5. kafli** **Umferð og umferðaröryggi** . . . . . **49**

**6. kafli** **Rannsóknir og nýsköpun** . . . . . **57**

Tafla 24 Umfang losunar gróðurhúsalofttegunda eftir flokkum . . . . . 64
Tafla 25 Könnun á matsskyldu og matsáætlun . . . . . 64

**7. kafli** **Framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2024** . . . . . **69**

**8. kafli** **Framkvæmdir við hafnir, ferjubryggjur og sjóvarnargarða 2024** . . . . . **117**

# Grafík

**1. kafli** **Fjármál og rekstur** 9
Grafík 1 Framlag til Vegagerðarinnar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu 12
Grafík 2 Framlag til Vegagerðarinnar á verðlagi ársins 2024 12

**2. kafli** **Stjórnun og mannauður** 15
Grafík 3 Skipurit Vegagerðarinnar frá mars 2024 17
Grafík 4 Fastráðið starfsfólk og hlutfall kvenna og karla 18
Grafík 6 Starfsmannafjöldi á skipulagseiningu 18
Grafík 5 Hlutfall kvenna og karla í stjórnendastöðum 18

**3. kafli** **Þjónusta** 27
Grafík 7 Kostnaður við vetrarþjónustu eftir svæðum á verðlagi ársins 2024 29
Grafík 8 Samanburður á farþegafjölda eftir ferjum og árum tímabilið 2020 til 2024 31
Grafík 9 Fjöldi notenda Loftbrúar eftir mánuðum tímabilið 2022 til 2024 33
Grafík 10 Fjöldi notenda Loftbrúar eftir mánuðum tímabilið 2022 til 2024 33
Grafík 11 Hlutfall fargjaldatekna og farþegafjölda eftir árum á tímabilinu 2021 til 2024 33

**4. kafli** **Framkvæmdir og viðhald** 35
Grafík 12 Fjárveitingar til nýframkvæmda vega á verðlagi ársins 2024 37
Grafík 13 Kostnaður við viðhald þjóðvega á verðlagi 2024 41
Grafík 14 Fjárveiting til viðhalds þjóðvega á verðlagi 2024 41
Grafík 15 Nýlagnir af bundnu slitlagi á ári 41

**5. kafli** **Umferð og umferðaröryggi** 49
Grafík 16 Vísitala heildaraksturs á þjóðvegum 2000-2024 52
Grafík 17 Hlutfallsleg skipting aksturs milli svæða Vegagerðarinnar árið 2024 53
Grafík 18 Breyting á akstri innan svæða Vegagerðarinnar á tímabilinu 2022-2024 53
Grafík 19 Akstur á þjóðvegum 2024, skipting milli dreifbýlis og þéttbýlis 53
Grafík 20 Þróun á tíðni slysa með meiðslum 54
Grafík 21 Þróun á tíðni banaslysa og slysa með miklum meiðslum 54
Grafík 22 Hlutfallsleg skipting banaslysa og slysa með miklum meiðslum 55
Grafík 23 Öryggisaðgerðir á vegum 2024. Hlutfallsleg skipting kostnaðar 56

**6. kafli** **Rannsóknir og nýsköpun** 57
Grafík 24 Þróun losunar gróðurhúsalofttegunda 65
Grafík 25 Magn úrgangs frá starfsstöðvum Vegagerðarinnar eftir flokkum 65
Grafík 26 Hlutfall úrgangs sem er endurnýttur eða urðaður 65
Grafík 27 Magn endurnýtts og urðaðs úrgangs Vegagerðar innar 65

**7. kafli** **Framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2024** 69

**8. kafli** **Framkvæmdir við hafnir, ferjubryggjur og sjóvarnargarða 2024** 117

